

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/46/07

nr. 34/1999
frá 26. mars 1999

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

2. gr.

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/98 frá 4. júlí 1998⁽¹⁾.

Ákvörðun nr. 166 frá 2. október 1997 um breytingar á eyðublaði E 106 og E 109⁽²⁾, ákvörðun nr. 168 frá 11. júní 1998 um breytingar á eyðublaði E 121 og E 127 og niðurfellingu eyðublaðs E 122⁽³⁾ og ákvörðun nr. 169 frá 11. júní 1998 um starfsreglur og skipan tækninefndar um gagnavinnslu er heyrir undir framkvæmdaráð um félagslegt öryggi farandlaunþega⁽⁴⁾ skulu felldar inn í samninginn.

Breyta ber tilhögun þátttöku EFTA-ríkjanna í framkvæmdaráðinu um félagslegt öryggi farandlaunþega sem kveðið er á um VI. viðauka við samninginn þannig að hún endurspegli þátttöku EFTA-ríkjanna í tæknilegu nefndinni sem heyrir undir framkvæmdaráðið.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 3.39 (ákvörðun nr. 153) í VI. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

„- **398 D 0441**: Ákvörðun nr. 166 frá 2. október 1997 (E 106 og E 109)(Stjtið. EB L 195, 11.7.1998, bls. 25),

- **398 D 0443**: Ákvörðun nr. 168 frá 11. júní 1998 (E 121, E 122 og E 127)(Stjtið. EB L 195, 11.7.1998, bls. 37).“

VI. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 3.49 (ákvörðun nr. 165):

„3.50 **398 D 0444**: Ákvörðun nr. 169 frá 11. júní 1998 um starfsreglur og skipan tækninefndar um gagnavinnslu er heyrir undir framkvæmdaráð um félagslegt öryggi farandlaunþega (Stjtið. EB L 195, 11.7.1998, bls. 46).“

2. Í stað fyrirsagnar, ásamt ákvæði, á eftir lið 5.7 (Yfirlýsing frá lýðveldinu Frakklandi) komi eftirfarandi:

„TILHÖGUN ÞÁTTTÖKU EFTA-RÍKJANNA Í FRAM-KVÆMDARÁÐINU UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA, ENDURSKOÐUNARNEFNDINNI OG Í TÆKNINEFNDINNI, SEM BÁÐAR STARFA Í TENGLUM VIÐ RÁÐIÐ SAMKVÆMT 1. MGR. 101. GR. SAMNINGSINS

Ísland, Liechtenstein og Noregur geta hvert um sig sent áheyrnarfulltrúa til ráðgjafar á fundi framkvæmdaráðsins um félagslegt öryggi farandlaunþega, sem starfar í tengslum við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, og á fundi endur-skoðunarnefndarinnar og tækninefndarinnar sem báðar starfa í tengslum við fyrrnefnt framkvæmdaráð.“

3. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar nr. 166, ákvörðunar nr. 168 og ákvörðunar nr. 169 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

(1) Stjtið. EB L 123, 13.5.1999, bls. 64 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 21, 13.5.1999, bls. 273.

(2) Stjtið. EB L 195, 11.7.1998, bls. 25.

(3) Stjtið. EB L 195, 11.7.1998, bls. 37.

(4) Stjtið. EB L 195, 11.7.1998, bls. 46.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. mars 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. mars 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

F. Barbaso

formaður.

ÁKVÖRÐUN nr. 166**frá 2. október 1997****um breytingar á eyðublaði E 106 og E 109****(98/441/EB)(*)**

FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um allt er lýtur að framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og annarra reglugerða sem fylgja í kjölfarið,

með hliðsjón af 1. mgr. 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972 en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið útbúa vottorð, staðfestar yfirlýsingar, tilkynningar, umsóknir og önnur skjöl sem eru nauðsynleg til framkvæmdar reglugerðunum,

með hliðsjón af ákvörðun nr. 153 frá 7. október 1993 um eyðublöð sem eru nauðsynleg til framkvæmdar reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og 574/72 (E 001, E 103 — E 127),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ákvæðum 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 er breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 3095/95 frá 22. desember 1995 þar sem eyðublöð E 106 og E 109, sem þýskar, ítalskar eða portúgalskar stofnanir gefa út, eru einungis látin gilda í eitt ár.

Af þeim sökum er nauðsynlegt að breyta eyðublöðum E 106 og E 109.

VI. viðauki við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði frá 2. maí 1992, eins og honum var breytt með bókun frá 17. mars 1993, er til framkvæmdar reglugerðunum (EBE) nr. 1408/71 og 574/72 á Evrópska efnahagssvæðinu.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar eru eyðublöð, sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og 574/72, aðlöguð og þau tekin í notkun á Evrópska efnahagssvæðinu.

Til hagræðingar eru notuð eins eyðublöð í bandalaginu og á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í tilmælum framkvæmdaráðsins nr. 15 er ákveðið á hvaða tungumáli eyðublöðin skulu gefin út.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. Meðfylgjandi eyðublöð skulu koma í stað eyðublaðanna E 106 og E 109 sem fylgja ákvörðun nr. 153 frá 7. október 1993.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 195, 11.7.1998, bls. 25, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/1999 frá 26. mars 1999 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

2. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu láta hlutaðeigandi aðilum (lögmætum umsækjendum, stofnunum, vinnuveitendum o.s.frv.) í té meðfylgjandi eyðublöð. Þó hefur innleiðing nýrra eyðublaða ekki áhrif á gildi eyðublaða sem hafa þegar verið gefin út.
3. Hvert eyðublað skal vera fáanlegt á opinberum tungumálum bandalagsins og þannig úr garði gert að mismunandi útgáfur séu algjörlega samsvarandi þannig að allir aðilar sem eiga að fá eyðublað (lögmætur umsækjandi, stofnun, atvinnurekandi o.s.frv.) geti fengið það prentað á sínu eigin tungumáli.
4. Ákvörðun þessa skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og kemur hún til framkvæmda 1. janúar 1998.

Formaður framkvæmdaráðsins

Georges SCHROEDER

VOTTORÐ UM RÉTT TIL AÐSTOÐAR VEGNA VEIKINDA, MEÐGÖNGU OG FÆÐINGAR HANDA ÞEIM SEM BÚA Í ÖÐRU LANDI
EN LÖGBÆRU LANDI

Launþegar og sjálfstætt starfandi einstaklingar og aðstandendur þeirra sem búa hjá þeim; aðstandendur atvinnulausra einstaklinga sem voru áður í vinnu

Reglugerð (EBE) nr. 1408/71: gr. 19.1.a; gr. 19.2; gr. 25.3.i
Reglugerð (EBE) nr. 574/72: gr. 17.1 og 4; gr. 27 (fyrsti málsliður)

Þar til bær stofnun skal fylla A-hluta eyðublaðsins út og senda tvö eintök af því til hins tryggða eða til stofnunar á búsetustað, ef nauðsyn krefur með milligöngu samskiptastofnunar, ef eyðublaðið er fyllt út að ósk stofnunarinnar. Viðtökustofnunin skal fylla B-hluta út um leið og hún fær eintökin tvö í hendur og endursenda þar til bæru stofnuninni annað eintakið.

A. Tilkynning um rétt til bóta

1.	Stofnun á búsetustað ⁽²⁾
1.1.	Nafn: Kenninúmer ^(2a) :
1.2.	Póstfang ⁽³⁾ :
1.3.	Tilvísun: eyðublað yðar, E 107, frá

2.	<input type="checkbox"/> Launþegi <input type="checkbox"/> Launþegi sem sækir vinnu yfir landamæri <input type="checkbox"/> Sjálfstætt starfandi einstaklingur <input type="checkbox"/> Sjálfstætt starfandi einstaklingur sem sækir vinnu yfir landamæri <input type="checkbox"/> Atvinnulaus einstaklingur
2.1.	Föðurnafn/Eftirnafn ^(3a) :
2.2.	Nafn/Nöfn: Fyrri nöfn ^(3a) : Fæðingardagur og -ár:
2.3.	Heimilisfang í búsetulandi ⁽³⁾ :
2.4.	Kennitala ^(3b) :
2.5.	Hinn tryggði <input type="checkbox"/> vinnur <input type="checkbox"/> vinnur ekki í námu eða á svipuðum vinnustað
2.6.	<input type="checkbox"/> Hinn tryggði fellur undir bótakerfi fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga sem um getur í 11. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 574/72

3.	Aðstandandi ⁽⁴⁾
3.1.	Föðurnafn/Eftirnafn ^(3a) :
3.2.	Nafn/Nöfn: Fyrri nöfn ^(3a) : Fæðingardagur og -ár:
3.3.	Heimilisfang í búsetulandi ⁽³⁾ :

4. Launþegi/Sjálfstætt starfandi einstaklingur sem getið er hér að ofan og aðstandendur hans sem búa hjá honum
- 4.1. Aðstandendur ⁽⁵⁾ atvinnulauss einstaklings sem getið er hér að framan
- 5 eiga rétt á aðstoð vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar frá

6.	Viðkomandi einstaklingar halda bótarétti sínum
6.1.	<input type="checkbox"/> þar til þetta vottorð er fellt úr gildi
6.2.	<input type="checkbox"/> í eitt ár frá þeim degi sem er tilgreindur í 5. lið ⁽⁶⁾
6.3.	<input type="checkbox"/> til og með ⁽⁷⁾

7. Þar til bær stofnun sem sér um tryggingu vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar

7.1. Nafn:	Kenninúmer ^(7a) :
7.2. Póstfang ⁽³⁾ :		
7.3. Stimpill		
		7.4. Dagsetning:
		7.5. Undirskrift:

8. Þar til bær stofnun sem veitir tryggingu vegna slysa annarra en vinnuslysa ⁽⁸⁾ ^(8a) ⁽¹⁰⁾

8.1. Nafn:	Kenninúmer ^(7a) :
8.2. Póstfang ⁽³⁾ :		
8.3. Stimpill		
		8.4. Dagsetning:
		8.5. Undirskrift:

B. Tilkynning um skráningu ⁽⁹⁾

9.

9.1.	<input type="checkbox"/>	Launþegi/Sjálfstætt starfandi einstaklingur sem getið er í 2. lið og aðstandendur hans
9.2.	<input type="checkbox"/>	Aðstandendur atvinnulauss einstaklings sem getið er í 2. lið
9.3.	<input type="checkbox"/>	voru skráðir hjá stofnuninni þann
9.4.	<input type="checkbox"/>	er ekki unnt að skrá hjá stofnuninni vegna

10. Skráðir aðstandendur

10.1.	Föðurnafn/Eftirnafn ^(3a)	Nafn/Nöfn	Kyn		Fyrri nöfn	Fæðingard. og -ár
			K	M		
10.2.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
10.3.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
10.4.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
10.5.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
10.6.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
10.7.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
10.8.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
10.9.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

11. Stofnun á búsetustað

11.1. Nafn:	
11.2. Póstfang ⁽³⁾ :	
11.3. Stimpill	
		11.4. Dagsetning:
		11.5. Undirskrift:

LEIÐBEININGAR

Eyðublaðið skal fylla út með prentstöfum og aðeins rita á punktalínurnar. Eyðublaðið er fjórar síður og má ekki undanskilja neina þeirra, jafnvel þótt þar séu ekki neinar upplýsingar sem skipta máli.

Upplýsingar fyrir hinn tryggða

- a) Þetta eyðublað veitir hinum tryggða og aðstandendum hans rétt á aðstoð vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar. Þetta á ekki við ef hinn tryggði er atvinnulaus; eyðublaðið er eingöngu ætlað aðstandendum hins tryggða sem búa í öðru aðildarríki en því þar sem hann er tryggður.
- b) Hinn tryggði skal eins fljótt og unnt er afhenda þeirri stofnun á búsetustað sem sér um tryggingar vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar bæði eintökin af eyðublaðinu sem hann hefur undir höndum. Ef hinn tryggði er atvinnulaus skulu aðstandendur afhenda eyðublaðið þeirri stofnun á búsetustað þeirra sem sér um tryggingar vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar.
- c) Stofnanir sem sjá um tryggingar vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar eru:

í **Belgíu** „mutualité“ að eigin vali (sjúkratryggingasjóður staðarins)

í **Danmörku** þar til bær „amtskommune“ (staðaryfirvöld). Í Kaupmannahöfn „magistrat“ (stjórn sveitarfélagsins) og á Friðriksbergi „Kommunalbestyrelse“ (stjórn sveitarfélagsins)

í **Þýskalandi** „Krankenkasse“ (sjúkrasamlag) á búsetustað, að vali hlutaðeigandi

í **Grikklandi** að öðru jöfnu almannatryggingastofnun héraðsins eða staðarins (IKA). Stofnunin skal gefa út „heilsufarsbók“ fyrir viðkomandi en hana er nauðsynlegt að hafa til að fá aðstoð

á **Spáni** „Dirección Provincial del Instituto Nacional de la Seguridad Social“ (héraðsskrifstofa almannatryggingastofnunar ríkisins) á búsetustað. Ef viðkomandi þarfnast bóta getur hann snúið sér til heilbrigðis- og sjúkrahúspjónustu spænska sjúkratryggingakerfisins. Leggja skal fram eyðublaðið ásamt ljósriti

í **Frakklandi** „Caisse primaire d'assurance maladie“ (sjúkratryggingasjóður staðarins). Ef svarið er „já“ í lið 2.5 er heimilt að senda eyðublaðið til „Société de secours minière“ (aðstoðarsjóðs námamanna)

á **Írlandi** heilbrigðisstjórn á því svæði þar sem viðkomandi sækir um bætur

á **Ítalíu** að öðru jöfnu „Unità sanitaria locale“ (USL, heilbrigðisstjórn staðarins) sem ber ábyrgð á viðkomandi svæði, hvað varðar sjómenn og áhafnir í almennu flugi, „Ministero della Sanità — Ufficio di sanità marittima o aerea“ (heilbrigðisráðuneyti, heilbrigðis-skrifstofa sjóhers og flugs)

í **Lúxemborg** „Caisse de maladie des ouvriers“ (sjúkrasamlag fyrir verkamenn)

í **Hollandi** þar til bætt sjúkrasamlag á búsetustað

í **Austurríki** þar til bær „Gebietskrankenkasse“ (sjúkratryggingasjóður héraðsins) á búsetustað

í **Portúgal**, í **landinu sjálfu**: „Centro Regional de Segurança Social“ (almannatryggingamiðstöð héraðsins), í **Madeira**: „Direcção Regional de Segurança Social“ (almannatryggingaskrifstofa svæðisins) í Funchal, á **Asoreyjum**: „Direcção Regional de Segurança Social“ (almannatryggingaskrifstofa svæðisins) í Angra do Heroísmo

í **Finnlandi** staðarskrifstofa „Kansaneläkelaitos“ (almannatryggingastofnunar)

í **Svíþjóð** „försäkringskassan“ (almannatryggingaskrifstofan) á búsetustað

í **Breska konungsríkinu** „Department of Social Security“ (tryggingastofnunin), Benefits Agency, Overseas Benefits Directorate, Newcastle-Upon-Tyne eða „Northern Ireland Social Security Agency“ (almannatryggingadeildin á Norður-Írlandi), Overseas Branch, Belfast, eftir því sem við á

á **Íslandi** „Tryggingastofnun ríkisins“ Reykjavík

í **Liechtenstein** „Amt für Volkswirtschaft“ (þjóðhagsstofnun) Vaduz

í **Noregi** „lokale trygdekontor“ (almannatryggingaskrifstofa staðarins) á búsetustað.

- d) Þetta eyðublað gildir frá þeim degi sem er tilgreindur í 5. lið og í þann tíma sem er tilgreindur í 6. lið og krossað er við.
- e) Hinn tryggði eða aðstandendur hans skulu tilkynna tryggingastofnuninni sem eyðublaðið var sent til um breytingar á högum sínum sem haft gætu áhrif á rétt þeirra til aðstoðar, t.d. ef hinn tryggði eða aðstandandi hans hættir störfum eða skiptir um starf eða búsetu- eða dvalarstað.

ATHUGASEMDIR

- (*) EES-samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, VI. viðauki, Félagslegt öryggi; vegna þess samnings gildir eyðublað þetta einnig fyrir Ísland, Liechtenstein og Noreg.
- (¹) Tákn fyrir landið sem stofnunin, sem fyllir út A-hluta eyðublaðsins, tilheyrir: B = Belgía; DK = Danmörk; D = Þýskaland; GR = Grikkland; E = Spánn; F = Frakkland; IRL = Írland; I = Ítalía; L = Lúxemborg; NL = Holland; A = Austurríki; P = Portúgal; FIN = Finnland; S = Svíþjóð; GB = Breska konungsríkið; IS = Ísland; FL = Liechtenstein; N = Noregur.
- (²) Fyllist aðeins út ef stofnun á búsetustað hefur farið fram á að fá eyðublaðið.
- (^{2a}) Fyllist út ef það er þekkt.
- (³) Gata, númer, póstnúmer, bær, land.
- (^{3a}) Fyrir spænskan ríkisborgara skal rita bæði nöfnin sem hann fékk við fæðingu.
Fyrir portúgalskan ríkisborgara skal rita öll nöfnin (nafn, eftirnafn, eftirnafn við fæðingu) í sömu röð samkvæmt borgaralegri réttarstöðu og á kennivottorði eða vegabréfi.
- (^{3b}) Fyrir ítalskan ríkisborgara skal gefa upplýsingar um trygginganúmer og/eða skattanúmer („codice fiscale“) ef unnt er.
- (⁴) Fyllist aðeins út ef eyðublaðið varðar aðstandendur atvinnulauss einstaklings.
Aðeins skal tilgreina einn aðstandanda. Aðstandendur bótaþega verða tilgreindir í B-hluta eyðublaðsins samkvæmt löggjöf sem stofnun á búsetustað beitir.
- (⁵) Löggjöf búsetulands sker úr um hvaða aðstandendur skuli njóta bóta.
- (⁶) Ef stofnun í Þýskalandi, Frakklandi, á Ítalíu eða í Portúgal gefur eyðublaðið út.
- (⁷) Ef stofnun í Frakklandi gefur eyðublaðið út vegna sjálfstætt starfandi einstaklings eða stofnun í Grikklandi eða Breska konungsríkinu gefur það út vegna launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings.
- (^{7a}) Fyllist út ef það er til.
- (⁸) Fyllist út fyrir stofnun í Frakklandi vegna sjálfstætt starfandi einstaklings.
- (^{8a}) Ef stofnun í Liechtenstein fyllir eyðublaðið út skal rita nafn þar til bærs tryggingaraðila vegna vinnuslysa.
- (⁹) Ef þetta eyðublað er gefið út til endurnýjunar vottorðs sem var gefið út áður er ekki þörf á að fylla út B-hluta.
- (¹⁰) Ef Liechtenstein er lögbært land skal slysatryggingastofnun í 8. lið bera kostnað af aðstoð vegna slyss launþega/sjálfstætt starfandi einstaklings sem telst ekki til vinnuslysa.
-

SKRÁNINGARVOTTORÐ FYRIR AÐSTANDENDUR LAUNÞEGA EÐA SJÁLFSTÆTT STARFANDI EINSTAKLINGS OG
ENDURSKOÐUN SKRÁA

Reglugerð (EBE) nr. 1408/71: gr. 19.2
Reglugerð (EBE) nr. 574/72: gr. 17.1. 2. 3 og 4; gr. 94.4

Þar til bær stofnun skal fylla A-hluta eyðublaðsins út og senda tvö eintök af því til hins tryggða eða til stofnunar á búsetustað, ef nauðsyn krefur með milligöngu samskiptastofnunar, ef eyðublaðið er fyllt út að ósk stofnunarinnar. Ef aðstandendur hins tryggða eru búsettir í Breska konungsríkinu skal þar til bær stofnun senda eintökin tvö til tryggingastofnunarinnar (Benefits Agency, Overseas Benefits Directorate), Newcastle-Upon-Tyne. Stofnunin á búsetustað skal fylla B-hluta út um leið og hún fær eintökin tvö í hendur og endursenda þar til bæru stofnuninni annað eintakið. Ef aðstandendur eru ekki búsettir í sama landi skal útfylla vottorð fyrir hvert land.

A. Tilkynning um rétt til bóta

1.	Stofnun á búsetustað ⁽²⁾
1.1.	Nafn:
1.2.	Póstfang ⁽³⁾ :
1.3.	Tilvísun: eyðublað yðar, E 107, frá (dagsetning)

2.	<input type="checkbox"/> Launþegi <input type="checkbox"/> Sjálfstætt starfandi einstaklingur
	<input type="checkbox"/> Launþegi í árstíðabundnu starfi <input type="checkbox"/> Maður sem sækir vinnu yfir landamæri
2.1.	Föðurnafn/Eftirnafn ^(3a) :
2.2.	Nafn/Nöfn: Fyrri nöfn ^(3a) : Fæðingardagur og -ár:
2.3.	Heimilisfang ⁽³⁾ :
2.4.	Kennitala ^(3b) :
2.5.	Hinn tryggði <input type="checkbox"/> vinnur <input type="checkbox"/> vinnur ekki í námu eða á svipuðum vinnustað
2.6.	<input type="checkbox"/> Hinn tryggði fellur undir bótakerfi fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga sem um getur í 11. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 574/72

3.	Aðstandendur ⁽⁴⁾
3.1.	Föðurnafn/Eftirnafn ^(3a) :
3.2.	Nafn/Nöfn: Fyrri nöfn: Fæðingardagur og -ár:
3.3.	Heimilisfang ⁽³⁾ :

4. Aðstandendur hins tryggða eiga rétt á aðstoð vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar nema
- þeir eigi rétt til slíkrar aðstoðar samkvæmt löggjöf í búsetulandi sínu ⁽⁵⁾
- þeir stundi atvinnustarfsemi ⁽⁵⁾
5. Þessi réttur hefst hinn

6.	og gildir áfram
6.1.	<input type="checkbox"/> uns þetta vottorð er fellt úr gildi
6.2.	<input type="checkbox"/> í eitt ár frá þeim degi sem er tilgreindur í 5. lið ⁽⁶⁾
6.3.	<input type="checkbox"/> þar til hinu árstíðabundna starfi lýkur, þ.e.
6.4.	<input type="checkbox"/> til og með ⁽⁷⁾

7. Þar til bær stofnun

7.1.	Nafn:	Kenninúmer ^(7a) :
7.2.	Póstfang ⁽³⁾ :		
7.3.	Stimpill		
			7.4. Dagsetning:
			7.5. Undirskrift:

B. Tilkynning um skráningu ⁽⁸⁾8. ⁽⁹⁾

- 8.1. Aðstandendur hins tryggða sem nefndir eru í 2. lið hafa ekki verið skráðir vegna þess að
- 8.2. enginn aðstandenda á rétt til bóta
- 8.3. allir aðstandendur eiga rétt á aðstoð samkvæmt löggjöf í landi okkar
- 8.4. makí eða sá sem annast börnin stundar atvinnustarfsemi í landi okkar ⁽¹⁰⁾
- 8.5. tilskilin „yfirlýsing um fjölskyldustöðu“ hefur ekki verið lögð fram
- 8.6. ⁽¹¹⁾

9. ⁽⁹⁾

9.1.	Eftirtaldir aðstandendur hins tryggða, sem nefndur er í 2. lið, hafa verið skráðir				
9.2.	Föðurnafn/Eftirnafn ^(3a)	Nafn/Nöfn	Kyn		Fæðingardagur og -ár
			K	M	Kennitala ^(3b)
9.3.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
9.4.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
9.5.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
9.6.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
9.7.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
9.8.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
9.9.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
9.10.	Kostnaður vegna þessara bóta greiðist af yður; eingreiðslan sem um getur í 94. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 skal reiknast frá (dags.)				

10. Stofnun á búsetustað

10.1.	Nafn:
10.2.	Póstfang ⁽³⁾ :
10.3.	Stimpill
		10.4. Dagsetning:
		10.5. Undirskrift:

LEIÐBEININGAR

Eyðublaðið skal fylla út með prentstöfum og aðeins rita á punktalínurnar. Eyðublaðið er fjórar síður og má ekki undanskilja neina þeirra, jafnvel þótt þar séu ekki neinar upplýsingar sem skipta máli.

Upplýsingar fyrir hinn tryggða

- a) Þetta eyðublað veitir aðstandendum hins tryggða rétt til aðstoðar vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar í búsetulandi samkvæmt löggjöf þess lands, nema þeir eigi þegar rétt til slíkrar aðstoðar samkvæmt þeirri löggjöf.
- b) Launþegi/sjálfstætt starfandi einstaklingur skal um leið og hann fær eintökin tvö í hendur senda þau til aðstandenda sinna og skulu þeir **þegar í stað** afhenda þau stofnun á búsetustað sem sér um tryggingar vegna vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar, þ.e.:

í **Belgíu** „mutualité“ að eigin vali (sjúkratryggingasjóði staðarins)

í **Danmörku** þar til bærum „amtskommune“ (staðaryfirvöldum). Í Kaupmannahöfn „magistrat“ (stjórn sveitarfélagsins) og á Friðriksbergi „Kommunalbestyrelse“ (stjórn sveitarfélagsins)

í **Þýskalandi** „Krankenkasse“ (sjúkrasamlagi) á búsetustað, að vali hlutaðeigandi

í **Grikklandi** að öðru jöfnu útibúi héraðsins eða staðarins frá almannatryggingastofnuninni (IKA). Stofnunin skal gefa út „heilsufarsbók“ fyrir viðkomandi en hana er nauðsynlegt að hafa til að fá aðstoð

á **Spáni** „Direccion Provincial del Instituto Nacional de la Seguridad Social“ (héraðsskrifstofu almannatryggingastofnunar ríkisins)

í **Frakklandi** „Caisse primaire d'assurance maladie“ (sjúkratryggingasjóði staðarins). Ef svarið er „já“ í lið 2.5 er heimilt að senda eyðublaðið til „Société de secours minière“ (aðstoðarsjóðs námamanna)

á **Írlandi** heilbrigðisstjórn á því svæði þar sem viðkomandi sækir um bætur

á **Ítalíu** að öðru jöfnu „Unità sanitaria locale“ (USL, heilbrigðisstjórn staðarins) sem ber ábyrgð á viðkomandi svæði

í **Lúxemborg** „Caisse de maladie des ouvriers“ (sjúkrasamlagi fyrir verkamenn)

í **Hollandi** þar til bæru sjúkrasamlagi á búsetustað

í **Austurríki** þar til bærum „Gebietskrankenkasse“ (sjúkratryggingasjóði héraðsins), á búsetustað

í **Portúgal**, í **landinu sjálfu**: „Centro Regional de Segurança Social“ (almannatryggingamiðstöð héraðsins); í **Madeira**: „Direcção Regional de Segurança Social“ (almannatryggingaskrifstofu svæðisins) í Funchal; á **Asoreyjum**: „Direcção Regional de Segurança Social“ (almannatryggingaskrifstofu svæðisins) í Angra do Heroísmo

í **Finnlandi** staðarskrifstofu „Kansaneläkelaitos“ (almannatryggingastofnunar)

í **Svíþjóð** „försäkringskassan“ (almannatryggingaskrifstofu) á búsetustað

á **Íslandi** „Tryggingastofnun ríkisins“, Reykjavík

í **Liechtenstein** „Amt für Volkswirtschaft“ (þjóðhagsstofnun) Vaduz

í **Noregi** „lokale trygdekontor“ (almannatryggingaskrifstofu staðarins) á búsetustað.

- c) Þetta eyðublað gildir frá þeim degi sem er tilgreindur í 5. lið og í þann tíma sem er tilgreindur í 6. lið og krossað er við.
- d) Launþegi/sjálfstætt starfandi einstaklingur eða aðstandendur hans skulu tilkynna stofnun á búsetustað um breytingar á högum sínum sem haft gætu áhrif á rétt þeirra til aðstoðar, t.d. launþegi/sjálfstætt starfandi einstaklingur eða aðstandandi hans hættir störfum eða skiptir um starf eða búsetu- eða dvalarstað.

ATHUGASEMDIR

- (*) EES-samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, VI. viðauki, Félagslegt öryggi; vegna þess samnings gildir eyðublað þetta einnig fyrir Ísland, Liechtenstein og Noreg.
- (¹) Tákn fyrir landið sem stofnunin, sem fyllir A-hluta eyðublaðsins út, tilheyrir: B = Belgía; DK = Danmörk; D = Þýskaland; GR = Grikkland; E = Spánn; F = Frakkland; IRL = Írland; I = Ítalía; L = Lúxemborg; NL = Holland; A = Austurríki; P = Portúgal; FIN = Finnland; S = Svíþjóð; GB = Breska konungsríkið; IS = Ísland; FL = Liechtenstein; N = Noregur.
- (²) Fyllist aðeins út ef stofnun á búsetustað hefur farið fram á að fá eyðublaðið.
- (³) Gata, númer, póstnúmer, bær, land.
- (^{3a}) Fyrir spænskan ríkisborgara skal rita bæði nöfnin sem hann fékk við fæðingu. Fyrir portúgalskan ríkisborgara skal rita öll nöfnin (nafn, eftirnafn, meyjarnafn) í sömu röð samkvæmt borgaralegri réttarstöðu og á kennivottorði eða vegabréfi.
- (^{3b}) Fyrir ítalskan ríkisborgara skal gefa upplýsingar um trygginganúmer og/eða skattanúmer („codice fiscale“) ef unnt er.
- (⁴) Aðeins skal tilgreina einn aðstandanda. Aðstandendur bótaþega verða tilgreindir í B-hluta eyðublaðsins samkvæmt löggjöf sem stofnun á búsetustað beitir.
- (⁵) Setja skal kross í reitinn fyrir framan ef viðtökustofnun er í Danmörku, Írlandi, Ítalíu, Portúgal, Breska konungsríkinu, Finnlandi, Íslandi, Noregi eða Svíþjóð.
- (⁶) Ef stofnun í Þýskalandi, Frakklandi, á Ítalíu eða í Portúgal gefur eyðublaðið út.
- (⁷) Ef stofnun í Frakklandi gefur eyðublaðið út vegna sjálfstætt starfandi einstaklings eða stofnun í Grikklandi eða Breska konungsríkinu gefur það út vegna launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings.
- (^{7a}) Fyllist út ef það er til.
- (⁸) Ef þetta vottorð er gefið út til endurnýjunar vottorðs sem var gefið út áður og er útrunnið þarf stofnun á búsetustað ekki að fylla út B-hluta.
- (⁹) Fylla skal út 8. eða 9. lið og setja kross í viðkomandi reiti eftir því sem við á.
- (¹⁰) Setja skal kross í reitinn fyrir framan ef stofnun í Danmörku, Írlandi, Breska konungsríkinu, Finnlandi, Íslandi, Noregi eða Svíþjóð hefur fyllt út B-hluta.
- (¹¹) Aðrar ástæður.
-

ÁKVÖRÐUN nr. 168**frá 11. júní 1998****um breytingar á eyðublaði E 121 og E 127 og niðurfellingu
eyðublaðs E 122(*)****(98/443/EB)**

FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI
FARANDLAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um allt er lýtur að framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og annarra reglugerða sem fylgja í kjölfarið,

með hliðsjón af 1. mgr. 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972, en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið útbúa vottorð, staðfestar yfirlýsingar, tilkynningar, umsóknir og önnur skjöl sem eru nauðsynleg til framkvæmdar reglugerðunum,

með hliðsjón af ákvörðun nr. 153 frá 7. október 1993 um eyðublað sem eru nauðsynleg til framkvæmdar reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 001, E 103 - E 127),

með hliðsjón af ákvörðun nr. 170 frá 11. júní 1998 um breytingu á ákvörðun nr. 141 frá 17. október 1998 um breytingu á ákvörðun nr. 127 frá 17. október 1985 varðandi samantekt skrána sem kveðið er á um í 4. mgr. 94. gr. og 4. mgr. 95. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3095/95 frá 22. desember 1995 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 574/72 breytir í fyrsta lagi 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 með því að láta eyðublað E 122, sem þýskar, ítalskar eða portúgalskar stofnanir gefa út, einungis gilda í eitt ár og í öðru lagi 95. gr. með því að taka saman meðalkostnað á hvern einstakling í stað meðalkostnaðar á hverja fjölskyldu áður.

Þessi breyting á 95. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 öðlast þó ekki gildi fyrir en 1. janúar 2002 að því er varðar lýðveldið Frakkland.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1223/98 frá 4. júní 1998 breytir 29. og 31. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og 29., 30., 31., 93. og 95. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72.

Af þeim sökum verður að breyta eyðublaðum E 121 og E 127 og fella niður eyðublað E 122.

VI. viðauki við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði frá 2. maí 1992, eins og honum var breytt með bókun frá 17. mars 1993, er til framkvæmdar reglugerðunum (EBE) nr. 1408/71 og 574/72 á Evrópska efnahagssvæðinu.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar verða eyðublað, sem nauðsynleg eru vegna beitingar reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og 574/72, aðlöguð og tekin í notkun á Evrópska efnahagssvæðinu.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 195, 11.7.1998, bls. 37, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/1999 frá 26. mars 1999 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

Til hagræðingar eru notuð eins eyðublöð í bandalaginu og á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í tilmælum framkvæmdaráðsins nr. 15 er ákveðið á hvaða tungumáli eyðublöðin skulu gefin út.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. Meðfylgjandi eyðublöð skulu koma í stað eyðublaðanna E 121 og E 127 sem fylgja ákvörðun nr. 153 frá 7. október 1993 og er eyðublað E 122 sem fylgir sömu ákvörðun, fellt niður.
2. Fylla skal eyðublað E 121 og E 127 sérstaklega út fyrir hvern þann sem fær lífeyri eða greiðslur og fyrir hvern aðstandanda hans.
3. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu láta hlutaðeigandi aðilum (lögmaetum umsækjendum, stofnunum, vinnuveitendum o.s.frv.) í té meðfylgjandi eyðublöð. Eyðublöð E 121, sem eru í gildi á gildistökudegi þessarar ákvörðunar, halda engu að síður gildi sínu þar til þau eru felld úr gildi og/eða nýtt eyðublað E 121, sem tekur einungis til þeirra sem fá lífeyri eða greiðslur en ekki aðstandenda þeirra, kemur í staðinn.
4. Hvert eyðublað skal vera fáanlegt á opinberum tungumálum bandalagsins og þannig úr garði gert að mismunandi útgáfur séu algjörlega samsvarandi þannig að allir aðilar sem eiga að fá eyðublað (lögmaetur umsækjandi, stofnun, atvinnurekandi o.s.frv.) geti fengið það prentað á sínu eigin tungumáli.
5. Ákvörðun þessa skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og kemur hún til framkvæmda 1. janúar 1998. Hún öðlast þó ekki gildi í Frakklandi fyrr en 1. janúar 2002.

Formaður framkvæmdaráðsins

Peter CLEASBY

SKRÁNINGARVOTTORÐ LÍFEYRISÞEGA EÐA AÐSTANDENDA ÞEIRRA OG ENDURSKOÐUN SKRÁA

Reglugerð (EBE) nr. 1408/71: gr. 28.1.a; gr. 29.1.a
Reglugerð (EBE) nr. 574/72: gr. 29.1, 2 og 3; gr. 30.1; gr. 95.4

Stofnun sem á að útbúa þetta vottorð í samræmi við 2. mgr. 29. gr. eða 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 skal fylla A-hluta eyðublaðsins út og senda tvö eintök til lífeyrisþegans eða aðstandanda hans eða til stofnunar á búsetustað ef eyðublaðið er fyllt út að ósk stofnunarinnar. Ef lífeyrisþeginn eða aðstandandi hans býr í Breska konungsríkinu skal senda eintökin tvö til tryggingastofnunarinnar, Benefits Agency, Overseas Benefits Directorate, Newcastle-Upon-Tyne. Ef nauðsyn krefur skal fyrst senda eintökin tvö til þeirrar stofnunar sem fyllir út 6. og 7. lið. Stofnunin á búsetustað skal fylla B-hluta út um leið og hún fær eintökin tvö í hendur og endursenda stofnuninni í 7. lið annað eintakið.

A. Tilkynning um rétt til bóta

1.	Stofnun á búsetustað ⁽²⁾
1.1.	Nafn:
1.2.	Póstfang ⁽³⁾ :
1.3.	Tilvísun: eyðublað yðar E 107 frá

2.	<input type="checkbox"/> Lífeyrisþegi (launþegakerfi)
	<input type="checkbox"/> Lífeyrisþegi (kerfi sjálfstætt starfandi einstaklinga)
2.1.	Föðurnafn/Eftirnafn ⁽⁴⁾ :
2.2.	Nafn/Nöfn: Fyrri nöfn ⁽⁴⁾ : Fæðingardagur og -ár:
2.3.	Heimilisfang í búsetulandi ⁽³⁾ :
2.4.	Dagsetning búsetuskipta, ef við á:
2.5.	Kennitala ⁽⁵⁾ :

3.	Stofnun sem annast lífeyrisgreiðslur skal fylla þennan lið út
3.1.	Ofangreindur einstaklingur á rétt til lífeyris vegna
	<input type="checkbox"/> elli <input type="checkbox"/> örorku <input type="checkbox"/> andláts
	<input type="checkbox"/> vinnuslyss <input type="checkbox"/> atvinnusjúkdóms
3.2.	frá
3.3.	Lífeyrisnúmer:

4.	Stofnun sem fyllti 3. lið út ⁽⁶⁾
4.1.	Nafn:
4.2.	Póstfang ⁽³⁾ :
4.3.	Stimpill
4.4.	Dagsetning:
4.5.	Undirskrift:

5. Aðstandandi lífeyrisþega

5.1. Föðurnafn/Eftirnafn ⁽⁴⁾:

5.2. Nafn/Nöfn:

Fyrri nöfn ⁽⁴⁾:

Fæðingardagur og -ár:

5.3. Heimilisfang í búsetulandi ⁽³⁾:

5.4. Dagsetning búsetuskipta, ef við á:

5.5. Kennitala ⁽⁵⁾:6. Fyllist út af stofnun sem annast lífeyrisgreiðslur eða stofnun er annast tryggingar vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar í landinu sem annast lífeyrisgreiðslur ⁽⁷⁾6.1. Kenninúmer umsagnaraðila ⁽⁸⁾:6.2. Einstaklingur sem um getur í 2. lið Einstaklingur sem um getur í 5. lið

hefur rétt til tryggingaaðstoðar vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar frá

6.3. Við munum bera kostnað vegna bóta sem þeir fá í búsetulandi — nema þeir búi í lögbæru landi

6.4. frá

..... þar til þetta vottorð er fellt úr gildi

6.5. í eitt ár frá.....⁽⁹⁾6.6. Með útgáfu þessa vottorðs fellur úr gildi eyðublað E frá7. Stofnun sem fyllti 6. lið út ⁽⁶⁾ ⁽⁷⁾

7.1. Nafn:

7.2. Póstfang ⁽³⁾:

7.3. Stimpill

7.4. Dagsetning:

7.5. Undirskrift:

B. Tilkynning um skráningu eða að skráning hafi ekki farið fram

8. ⁽¹⁰⁾

8.1. Ekki reyndist unnt að skrá

 einstakling sem um getur í 2. lið einstakling sem um getur í 5. lið8.2. sakir þess að viðkomandi hefur þegar rétt til aðstoðar samkvæmt löggjöf lands okkar8.3. af öðrum ástæðum

9. (10)9.1. Einstaklingur sem um getur í 2. lið Einstaklingur sem um getur í 5. lið

hefur verið skráður.

9.2. Kostnaður vegna þessara bóta greiðist af yður; eingreiðslan sem um getur í 95. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 skal reiknast frá

9.3. Kenninúmer stofnunar á búsetustað (8):

10. Stofnun á búsetustað lífeyrisþega eða aðstandanda hans

10.1. Nafn:

10.2. Póstfang (3):

10.3. Stimpill

10.4. Dagsetning:

10.5. Undirskrift:

LEIÐBEININGAR

Eyðublaðið skal fylla út með prentstöfum og aðeins rita á punktalínurnar. Eyðublaðið er fjórar síður og má ekki skilja neina þeirra undan, jafnvel þótt þar séu ekki neinar upplýsingar sem skipta máli. Fylla skal út eyðublað sérstaklega fyrir hvern þann sem hefur verið skráður.

Upplýsingar fyrir lífeyrisþegann eða aðstandanda hans

- a) Lífeyrisþeginn skal eins fljótt og unnt er afhenda einni af eftirtöldum stofnunum tvö eintök af þessu vottorði:
- í **Belgíu** „mutualité“ að eigin vali (sjúkratryggingasjóði staðarins)
 - í **Danmörku** staðarskrifstofu hins opinbera á búsetustað
 - í **Þýskalandi** „Krankenkasse“ (sjúkrasamlagi) á búsetustað, að vali hlutaðeigandi
 - í **Grikklandi** að öðru jöfnu útibúi éraðsins eða staðarins frá almannatryggingastofnuninni (IKA). Stofnunin skal gefa út „heilsufarsbók“ fyrir viðkomandi en hana er nauðsynlegt að hafa til að fá aðstoð
 - á **Spáni** „Dirección Provincial del Instituto Nacional de la Seguridad Social“ (héraðsskrifstofu almannatryggingastofnunar ríkisins) á búsetustað
 - í **Frakklandi** „Caisse primaire d'assurance maladie“ (sjúkratryggingasjóði staðarins)
 - á **Írlandi** heilbrigðisstjórn á því svæði þar sem viðkomandi sækir um bætur
 - á **Ítalíu** „Unità sanitaria locale“ (USL, heilbrigðisstjórn staðarins) sem ber ábyrgð á viðkomandi svæði
 - í **Lúxemborg** „Caisse de maladie des ouvriers“ (sjúkrasamlagi fyrir verkamenn)
 - í **Hollandi** þar til bæru sjúkrasamlagi á búsetustað
 - í **Austurríki** þar til bærum sjúkratryggingasjóði héraðsins, „Gebietskrankenkasse“, á búsetustað
 - í **Portúgal**, í **landinu sjálfu**: „Centro Regional de Segurança Social“ (almannatryggingamiðstöð héraðsins), í **Madeira**: „Direcção Regional de Segurança Social“ (almannatryggingaskrifstofu svæðisins) í Funchal, á **Asoreyjum**: „Direcção Regional de Segurança Social“ (almannatryggingaskrifstofu svæðisins) í Angra do Heroísmo
 - í **Finnlandi** staðarskrifstofu „Kansaneläkelaitos“ (almannatryggingastofnunar)
 - í **Svíþjóð** „försäkringskassan“ (almannatryggingaskrifstofu) á búsetustað
 - á **Íslandi** „Tryggingastofnun ríkisins“, Reykjavík
 - í **Liechtenstein** „Amt für Volkswirtschaft“ (þjóðhagsstofnun), Vaduz
 - í **Noregi** „lokale trygdekonto“ (almannatryggingaskrifstofu staðarins) á búsetustað.
- b) Lífeyriþegi eða aðstandandi hans skal tilkynna tryggingastofnuninni, sem eyðublaðið var sent til, um breytingar á högum sínum sem haft gætu áhrif á rétt þeirra til aðstoðar, t.d. ef lífeyrisgreiðslur hafa verið felldar niður eða afturkallaðar eða lífeyrisþeginn eða aðstandandi hans hefur skipt um búsetustað o.s.frv.

ATHUGASEMDIR

- (*) EES-samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, VI. viðauki, Félagslegt öryggi; vegna þess samnings gildir eyðublað þetta einnig fyrir Ísland, Liechtenstein og Noreg.
- (¹) Tákn fyrir landið sem stofnunin, sem fyllir A-hluta eyðublaðsins út, tilheyrir: B = Belgía; DK = Danmörk; D = Þýskaland; GR = Grikkland; E = Spánn; F = Frakkland; IRL = Írland; I = Ítalía; L = Lúxemborg; NL = Holland; A = Austurríki; P = Portúgal; FIN = Finnland; S = Svíþjóð; GB = Breska konungsríkið; IS = Ísland; FL = Liechtenstein; N = Noregur.
- (²) Fyllist aðeins út ef eyðublaðið er gefið út að beiðni stofnunar á búsetustað.
- (³) Gata, númer, póstnúmer, bær, land.
- (⁴) Fyrir spænskan ríkisborgara skal rita bæði nöfnin sem hann fékk við fæðingu. Fyrir portúgalskan ríkisborgara skal rita öll nöfnin (nafn, eftirnafn, meyjarnafn) í sömu röð samkvæmt borgaralegri réttarstöðu og á kennivottorði eða vegabréfi.
- (⁵) Fyrir ítalskan ríkisborgara skal gefa upplýsingar um trygginganúmer og/eða skattanúmer („codice fiscale“) ef unnt er.
- (⁶) Stofnun sem sér um tryggingar í Frakklandi vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar skal fylla þennan lið út ef um er að ræða sjálfstætt starfandi einstaklinga.
- (⁷) Á Ítalíu skal einungis USL eða heilbrigðisráðuneytið fylla út 6. og 7. lið.
- (⁸) Fyllist út ef það er til.
- (⁹) Ef eyðublað, sem þýsk, frönsk, ítölsk eða portúgölsk stofnun gefur út, varðar aðstandanda.
- (¹⁰) Fylla skal 8. eða 9. lið út eftir því sem við á og setja kross í tilsvarandi reit.

SKÝRSLA UM MÁNAÐARLEGAR EINGREIÐSLUR TIL EINSTAKLINGS

Reglugerð (EBE) nr. 1408/71: gr. 36.1 og 2
Reglugerð (EBE) nr. 574/72: gr. 94; gr. 95

1.

Skýrsla nr. frá árinu 19..... (2)

2. Þar til bær stofnun

2.1. Nafn: Kenninúmer (4):

2.2. Póstfang (3):

3. Farið hefur verið fram á aðstoð fyrir

- launþega lífeyrisþega (launþegakerfi)
 sjálfstætt starfandi einstakling lífeyrisþega (kerfi sjálfstætt starfandi einstaklinga)

3.1. Föðurnafn/Eftirnafn (5):

3.2. Nafn/Nöfn: Fyrri nöfn (5): Fæðingardagur og -ár:

3.3. Kennitala hjá þar til bærri stofnun (6):

4. Þessi einstaklingskýrsla varðar:

4.1. aðstandendur þess sem getið er í lið 3 og býr við (3):

4.2. lífeyrisþega sem getið er í 3. lið og býr við (3):

4.3. eftirtalinn aðstandanda lífeyrisþegans sem getið er í 3. lið

4.3.1 Föðurnafn/Eftirnafn (5):

4.3.2 Nafn/Nöfn: Fyrri nöfn (5): Fæðingardagur og -ár:

4.3.3. Heimilisfang (3):

4.3.4. Kennitala hjá þar til bærri stofnun (6):

5. Réttur þess/þeirra til bóta sem getið er í lið 4.1 4.2 4.3 er staðfestur á eyðublaði yðar
E frá
6. Rétturinn hélst á tímabilinu
(frá til)
- 6.1. fjöldi mánaðarlegra eingreiðslna
 á fjölskyldu (starfandi einstaklings) á aðstandanda á einstakling
er

7. Stofnun á búsetustað

- 7.1. Nafn: Kenninúmer (⁷):
- 7.2. Póstfang (³):
- 7.3. Stimpill
- 7.4. Dagsetning:
- 7.5. Undirskrift:

8. Fyllist út af þar til bærri stofnun

LEIÐBEININGAR

Eyðublaðið skal fylla út í þremur eintökum með prentstöfum og aðeins rita á punktalínurnar. Fylla skal út sérstakt eyðublað fyrir hvern lífeyrisþega og hvern aðstandanda hans.

Stofnun á búsetustað skal útbúa eyðublað fyrir eitt almanaksár og senda það þar til bærri stofnun með milligöngu aðila sem er tilnefndur vegna framkvæmdar 2. mgr. 102. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72.

ATHUGASEMDIR

- (*) EES-samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, VI. viðauki, Félagslegt öryggi; vegna þess samnings gildir eyðublað þetta einnig fyrir Ísland, Liechtenstein og Noreg.
 - (¹) Tákn fyrir landið sem stofnunin, sem fyllir A-hluta eyðublaðsins út, tilheyrir: B = Belgía; DK = Danmörk; D = Þýskaland; GR = Grikkland; E = Spánn; F = Frakkland; IRL = Írland; I = Ítalía; L = Lúxemborg; NL = Holland; A = Austurríki; P = Portúgal; FIN = Finnland; S = Svíþjóð; GB = Breska konungsríkið; IS = Ísland; FL = Liechtenstein; N = Noregur.
 - (²) Tilgreina skal árið sem aðstoðin var veitt.
 - (³) Gata, númer, póstnúmer, bær, land.
 - (⁴) Fyllist út ef það er þekkt.
 - (⁵) Fyrir spænskan ríkisborgara skal rita bæði nöfnin sem hann fékk við fæðingu.
Fyrir portúgalskan ríkisborgara skal rita öll nöfnin (nafn, eftirnafn, meyjarnafn) í sömu röð samkvæmt borgaralegri réttarstöðu og á kennivottorði eða vegabréfi.
 - (⁶) Fyrir ítalskan ríkisborgara skal gefa upplýsingar um trygginganúmer og/eða skattanúmer („codice fiscale“) ef unnt er.
 - (⁷) Fyllist út ef það er til.
-

ÁKVÖRÐUN NR. 169**frá 11. júní 1998****um starfsreglur og skipan tækninefndar um gagnavinnslu er heyrir undir framkvæmdaráð um félagslegt öryggi farandlaunþega(*)****(98/444/EB)**

FRAMKVÆMDARÁÐ UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af d-lið 81. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið stuðla að og auka samvinnu milli aðildarríkjanna með því að færa aðferðir við upplýsingaskipti til nútímahorfs, einkum með því að laga upplýsingaflæði milli stofnana að hugbúnaði fyrir gagnaflutningsþjónustu með hliðsjón af þróun gagnavinnslu í hverju aðildarríki, með það í huga að flýta fyrir greiðslu bóta,

með hliðsjón af 1. mgr. 117. gr. c í reglugerð (EBE) nr. 574/72 en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið setja og ákveða starfsreglur og skipan tækninefndar sem skal skila skýrslum og rökstuddu álit, samkvæmt 117. gr., 117. gr. a og 117. gr. b, áður en ákvarðanir eru teknar.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Framkvæmdaráðið um félagslegt öryggi farandlaunþega kemur á fót tækninefnd um gagnavinnslu sem kveðið er á um í 1. mgr. 117. gr. c í reglugerð (EBE) nr. 574/72. Hún er kölluð „tækninefndin“.
2. Tækninefndin sinnir þeim verkefnum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 117. gr. c í reglugerð (EBE) nr. 574/72.
3. Framkvæmdaráðið um félagslegt öryggi farandlaunþega gefur tækninefndinni stefnumótandi fyrirmæli með tilliti til þeirra sértæku verkefna sem hún hefur með höndum og getur breytt þeim fyrirmælum eftir því sem þörf krefur.

2. gr.

Tækninefndin skal samþykkja skýrslur sínar og rökstudd álit á grundvelli tæknigagna og tæknilegra rannsókna, ef þörf krefur. Hún getur farið fram á það að innlend yfirvöld láti henni í té nauðsynlegar upplýsingar vegna rannsókna á málum sem hún hefur til umfjöllunar.

3. gr.

1. Tækninefndin skal skipuð tveimur mönnum frá hverju aðildarríki, fastafulltrúa og varamanni hans. Ríkisstjórnarfulltrúi aðildarríkisins í framkvæmdaráðinu skal afhenda framkvæmdastjóra þess upplýsingar um tilnefningar.
2. Skýrslur og rökstudd álit skal samþykkja með einföldum meirihluta viðstaddra nefndarmanna og hefur hvert aðildarríki eitt atkvæði sem fastafulltrúi greiðir eða varamaður hans í fjarveru hans. Tilgreina skal í skýrslum og rökstuddum álitum tækninefndarinnar hvort þau hafi verið samþykkt samhljóða eða fengið stuðning einfalds meirihluta. Í þeim skal tíunda niðurstöður og fyrirvara minnihlutans sem kann að hafa myndast. Skýrslur og rökstudd álit öðlast því aðeins gildi að 12 nefndarmenn hið minnsta hafi verið viðstaddir þegar þau voru samþykkt.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 195, 11.7.1998, bls. 46, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/1999 frá 26. mars 1999 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

3. Fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, eða maður tilnefndur af honum, skal veita tækninefndinni ráðgjöf.

4. gr.

Með formennsku í tækninefndinni til hálfis árs í senn fer fulltrúi eða annar tilnefndur embættismaður þess ríkis sem fer með formennsku í framkvæmdaráðinu á sama tímabili. Formaður tækninefndarinnar skal gefa skýrslu um störf hennar að beiðni formanns framkvæmdaráðsins.

5. gr.

Tækninefndin getur í sérstökum tilvikum lagt fram tillögu um að komið verði á fót sérskipuðum vinnuhópum til að fjalla um tiltekin málefni. Í tillögunni skal lýsa fyrirhuguðum verkefnum, gera grein fyrir tímamörkum og kostnaði sem af þessu hlýst. Leggja skal tillöguna fyrir framkvæmdaráðið sem metur hvort nauðsynlegt sé að koma slíkum vinnuhópi á fót.

6. gr.

Aðalskrifstofa framkvæmdaráðsins undirbýr og skipuleggur fundi tækninefndarinnar og sér um fundarritun.

7. gr.

Tækninefndin skal leggja ítarlega vinnuáætlun, sem er gerð á grundvelli stefnumarkandi fyrirsmála, fyrir framkvæmdaráðið til samþykktar. Tækninefndin skal enn fremur senda framkvæmdaráðinu árlega skýrslu um störf sín og árangur samkvæmt vinnuáætluninni, ásamt tillögum um breytingar á henni.

8. gr.

Fyrirhugaðar aðgerðir tækninefndarinnar, sem hafa í för með sér kostnað fyrir framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, eru háðar samþykki fulltrúa þeirrar stofnunar.

9. gr.

Reglur um tungumál tækninefndarinnar skulu vera þær sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins nr. 1. frá 15. apríl 1958, eins og henni var breytt með I. viðauka við lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum frá 1972, I. viðauka við lögum um aðildarskilmála lýðveldisins Grikklands og aðlögun að sáttmálunum frá 1979, I. viðauka við lögum um aðildarskilmála konungsríkisins Spánnar og lýðveldisins Portúgals og aðlögun að sáttmálunum frá 1985 og I. viðauka við lögum um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun að sáttmálunum frá 1994 og 1995.

10. gr.

Viðbótarreglurnar sem mælt er fyrir um í viðaukanum hér á eftir skulu einnig gilda um tækninefndina.

11. gr.

Ákvörðun þessa skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Hún kemur til framkvæmda 1. júlí 1998.

Fyrir hönd framkvæmdaráðsins,

Peter CLEASBY

formaður.

VIÐAUKI

Viðbótarreglur fyrir tækninefndina

1. FUNDARSETA
 - a) Ef starfandi formaður tækninefndarinnar kemst ekki á fund skal einn tilnefndra embættismanna frá sama ríki taka sæti í hans stað.
 - b) Nefndarmönnum er heimilt að hafa einn eða fleiri sérfræðinga með sér á fundi tækninefndarinnar ef slíkt telst nauðsynlegt eðli málsins samkvæmt. Sú almenna regla gildir að í hverri sendinefnd séu ekki fleiri en fjórir menn.
 - c) Framkvæmdastjóri framkvæmdaráðsins eða í fjarveru hans annar starfsmaður af aðalskrifstofu, sem hann hefur útnefnt, skal sækja alla fundi tækninefndarinnar og sérskipaðra vinnuhópa hennar. Í för með honum skulu vera starfsmenn aðalskrifstofu sem framkvæmdastjórinn hefur útnefnt.
 - d) Fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, eða öðrum sem hann tilnefnir, er heimilt að sækja alla fundi tækninefndarinnar og sérskipaðra vinnuhópa hennar við annan mann sem hann tilnefnir sjálfur. Enn fremur er fulltrúa frá annarri deild framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna heimilt að sitja þessa fundi ef það hefur þýðingu fyrir málið sem er til umfjöllunar.
2. ATKVÆÐAGREIDSLA
 - a) Ef fastafulltrúi í tækninefndinni gegnir stöðu formanns er varamanni heimilt að greiða atkvæði í hans stað.
 - b) Við atkvæðagreiðslu skal viðhafa nafnakall eftir stafrófsröð og byrja á því landi sem kemur næst á eftir landinu sem fer með formennsku í tækninefndinni.
 - c) Nefndarmaður sem situr hjá við atkvæðagreiðslu getur að eigin ósk gert formanni grein fyrir ástæðunum fyrir því að hann situr hjá, að nafnakalli loknu.
 - d) Ef meirihluti nefndarmanna situr hjá skal líta svo á að tillagan, sem var lögð fram til atkvæðagreiðslu, hafi ekki verið tekin til greina.
3. DAGSKRÁ FUNDAR
 - a) Framkvæmdastjóri framkvæmdaráðsins skal gera drög að dagskrá hvers fundar tækninefndarinnar í samráði við formann hennar og fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna. Áður en mál er tekið á dagskrá er framkvæmdastjóranum heimilt, ef nauðsyn krefur, að óska eftir skriflegu álitum hlutaðeigandi sendinefnda á málinu.
 - b) Í drög að dagskrá skal fyrst og fremst setja dagskrárliði sem nefndarmaður eða fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna hefur sent framkvæmdastjóra framkvæmdaráðsins óskir og greinargerð um að minnsta kosti 20 virkum dögum fyrir upphaf fundar.
 - c) Senda skal nefndarmönnum í tækninefndinni, fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna og öðrum sem sitja fundinn drög að dagskrá eigi síðar en 10 virkum dögum fyrir upphaf hvers fundar. Senda skal gögn er varða einstaka dagskrárliði til þeirra um leið og þau liggja fyrir.
 - d) Við upphaf hvers fundar skal tækninefndin samþykka dagskrá fundarins. Tækninefndin verður að samþykka það samhljóða ef teknir eru á dagskrá aðrir liðir en þeir sem birtir eru í drögum að dagskrá. Nefndarmönnum í tækninefndinni er heimilt að draga fram að næsta fundi að láta uppi endanlega afstöðu sína um dagskrárliði sem eru í drögum að dagskrá, nema brýnar ástæður krefjast annars, ef viðeigandi gögn liggja ekki fyrir á tungumáli þeirra fimm virkum dögum fyrir upphaf fundarins.

4. SÉRSKIPADIR VINNUHÓPAR

- a) Sérskipuðum vinnuhópum skal stýrt af sérfræðingi sem formaður tækninefndar tilnefnt í samráði við fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna eða, að öðrum kosti, af þeim sérfræðingi sem er fulltrúi formennskuríkis framkvæmdaráðsins.
- b) Formaður sérskipaða vinnuhópsins skal kallaður á fundi tækninefndarinnar þegar skýrsla vinnuhópsins er til umræðu.

5. STJÓRNUNARLEG MÁLEFNI

- a) Formanni tækninefndarinnar er heimilt að gefa framkvæmdastjóra framkvæmdaráðsins fyrir mæli varðandi fyrirhugaða fundi og framkvæmd starfa sem falla undir starfssvið tækninefndarinnar.
 - b) Framkvæmdastjóri framkvæmdaráðsins kallar tækninefndina saman í samráði við formann tækninefndarinnar með því að senda fundarmönnum og fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna fundarboð 10 virkum dögum fyrir fundinn.
 - c) Haldin er fundargerð fyrir hvern fund og er almenna reglan sú að samþykkja hana á næsta fundi.
 - d) Formaður skal skrifa undir gögn tækninefndarinnar.
-

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/46/08

nr. 35/1999
frá 26. mars 1999

um breytingu á XI. viðauka (FjarSKIPTAÞJÓNUSTA) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/1999 frá 29. janúar 1999⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/10/EB frá 26. febrúar 1998 um frjálstan aðgang að netum (ONP) fyrir talsímaþjónustu og altæka fjarSKIPTAÞJÓNUSTA í samkeppnisumhverfi⁽²⁾, sem kemur í stað tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/62/EB frá 13. desember 1995 um frjálstan aðgang að netum (ONP) fyrir talsímaþjónustu⁽³⁾, skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað liðar 5c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/62/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„ **398 L 0010:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/10/EB frá 26. febrúar 1998 um frjálstan aðgang að netum (ONP) fyrir talsímaþjónustu og altæka fjarSKIPTAÞJÓNUSTA í samkeppnisumhverfi (Stjtið. EB L 101, 1.4.1998, bls. 24).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) að því er EFTA-ríkin varðar skal tilvísunin í a-lið 26. gr. sáttmálans teljast tilvísun til samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls;

b) eftirfarandi bætist við 2. mgr. 26. gr.:

„a) ef gripið er til málsmeðferðarinnar í 3. og 4. mgr. í máli sem ein eða fleiri eftirlitsyfirvöld EFTA-ríkja eiga hlut að, þá skal tilkynningin send hinu innlenda eftirlitsyfirvaldi og Eftirlitsstofnun EFTA;

b) ef gripið er til málsmeðferðarinnar í 3. og 4. mgr. í máli sem tvö eða fleiri eftirlitsyfirvöld bæði ESB-ríkja og EFTA-ríkja eiga hlut að, þá skal tilkynningin send hinu innlenda eftirlitsyfirvaldi, framkvæmdastjórninni og Eftirlitsstofnun EFTA.“;

c) eftirfarandi bætist við 3. mgr. 26. gr.:

„a) telji innlenda eftirlitsyfirvaldið eða Eftirlitsstofnun EFTA, að fenginni tilkynningu samkvæmt a-lið 2. mgr., að ástæða sé til að kanna málið frekar getur það eða hún vísað málinu til starfshóps sem er skipaður fulltrúum EFTA-ríkja og viðkomandi eftirlitsyfirvalda þeirra og fulltrúa Eftirlitsstofnunar EFTA er vera skal formaður starfshópsins. Ef formaður telur að allar nauðsynlegar ráðstafanir hafi verið gerðar á landsvísu, þá skal hann hefja málsmeðferð samkvæmt, að breyttu breytanda, þeim skilmálum sem eru settir í 4. mgr. 26. gr.;

b) telji innlent eftirlitsyfirvald, framkvæmdastjórnin eða Eftirlitsstofnun EFTA, að fenginni tilkynningu samkvæmt b-lið 2. mgr., að ástæða sé til að kanna málið frekar þá geta þessir aðilar vísað málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar. Ef sameiginlega EES-nefndin telur að allar nauðsynlegar ráðstafanir hafi verið gerðar á landsvísu, þá getur hún sett á stofn starfshóp skipaðan jafnmörgum fulltrúum EFTA-ríkja og viðkomandi eftirlitsyfirvalda þeirra annars vegar og jafnmörgum fulltrúum ESB-ríkja og viðkomandi eftirlitsyfirvalda þeirra hins vegar, sem og fulltrúum Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnarinnar. Sameiginlega EES-nefndin skal einnig tilnefna formann starfshópsins. Starfshópurinn skal, að breyttu breytanda, fylgja þeim starfsreglum sem eru settar í 4. mgr. 26. gr.“;

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 35, 10.2.2000, bls. 37 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 7, 10.2.2000, bls. 44.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 101, 1.4.1998, bls. 24.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 321, 30.12.1995, bls. 6.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/10/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. mars 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

Gjört í Brussel 26. mars 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

F. Barbaso

formaður.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 98/10/EB

frá 26. febrúar 1998

um frjálstan aðgang að netum (ONP) fyrir talsímaþjónustu og altæka fjarskiptaþjónustu í samkeppnisumhverfi(*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar (2),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum (3), á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 14. janúar 1998,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Frá 1. janúar 1998 að telja verður aukið frelsi á framboði fjarskiptaþjónustu og -grunnvirkja í bandalaginu með aðlögunartímabili fyrir tiltekin aðildarríki. Ráðið (4), Evrópuþingið (5), efnahags- og félagsmálanefndin (6) og svæðanefndin hafa öll viðurkennt að auka skuli frelsi samhliða aðgerðum sem miða að því að setja samræmdan lagaramma sem tryggir að altæk þjónusta sé veitt. Hugmyndin um altæka þjónustu þarf að þróast í takt við tækniframfarir, þróun markaðarins og breyttar kröfur notenda. Árangur hefur náðst í bandalaginu í þeirri viðleitni að skilgreina umfang altækrar þjónustu og mæla fyrir um

reglur um kostnaðarútreikning og fjármögnun hennar (7). Framkvæmdastjórnin hefur skuldbundið sig til þess að birta skýrslu um eftirlit með umfangi altækrar símaþjónustu í bandalaginu, stigi hennar og gæðum, og því hvort hún er á viðráðanlegu verði, fyrir 1. janúar 1998 og með reglulegu millibili eftir það.

- 2) Ákvæði tilskipunar ráðsins 90/387/EBE frá 28. júní 1990 um myndun innri markaðar fyrir fjarskiptaþjónustu með því að koma á frjálsum aðgangi að netum (8) eru almenn viðmiðun fyrir beitingu meginreglna á sérstökum sviðum um frjálstan aðgang að netum.

- 3) Í 1. mgr. 32. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/62/EB frá 13. desember 1995 um frjálstan aðgang að netum (ONP) fyrir talsímaþjónustu (9) er þess farið á leit við Evrópuþingið og ráðið að þau taki ákvörðun eigi síðar en 1. janúar 1998 um endurskoðun þessarar tilskipunar til að laga hana að kröfum um afnám hafta á mörkuðum, að fenginni tillögu frá framkvæmdastjórninni. Tilskipun 95/62/EB gildir ekki um farsímaþjónustu. Í ljósi aukinnar eftirspurnar eftir farsímaþjónustu er rétt að tiltekin ákvæði þessarar tilskipunar gildi um farsímaþjónustu. Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin rýmki gildissvið ákvæða tilskipunarinnar, í samræmi við lög bandalagsins, svo að það nái yfir farsímakerfi og/eða -þjónustu jafnvel þó að þeirra sé ekki sérstaklega getið með tilliti til gildissviðs hennar. Um leið og horfið er til samkeppnismarkaðar er um vissar skuldbindingar að ræða sem skulu gilda um öll fyrirtæki sem veita símaþjónustu um föst net og aðrar skuldbindingar ættu aðeins að gilda um fyrirtæki sem hafa sterka markaðsstöðu eða hafa verið tilnefnd til að veita altæka þjónustu í samræmi við 5. gr. Fullt tillit hefur verið tekið til krafna notenda og neytenda um viðráðanlegt verð, kostnaðareftirlit og notendaaðstöðu, eins og kemur fram í almennu samráði um altæka fjarskiptaþjónustu. Þar eð nauðsynlegt er að gera umtalsverðar breytingar á tilskipun 95/62/EB er hentugt, til glöggvunar, að endurgera fyrrnefnda tilskipun. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á tímaáætlun aðildarríkjanna um framkvæmd tilskipunar 95/62/EB, eins og fram kemur í IV. viðauka.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 101, 1.4.1998, bls. 24, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/1999 frá 26. mars 1999 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB C 371, 9. 12. 1996, bls. 22 og Stjtið. EB C 248, 14. 8. 1997, bls. 13.

(2) Stjtið. EB C 133, 28. 4. 1997, bls. 40.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 20. febrúar 1997 (Stjtið. EB C 85, 17. 3. 1997, bls. 126), sameiginleg afstaða ráðsins frá 9. júní 1997 (Stjtið. EB C 234, 1. 8. 1997, bls. 87) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 17. september 1997 (Stjtið. EB C 304, 6. 10. 1997, bls. 82). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 29. janúar 1998 og ákvörðun ráðsins frá 12. febrúar 1998.

(4) Ályktun ráðsins 94/C 48 frá 7. febrúar 1994 um altækar meginreglur varðandi þjónustu á fjarskiptasviðinu (Stjtið. EB C 48, 16. 2. 1994, bls. 1) og ályktun ráðsins 95/C 258 frá 18. september 1995 um setningu rammaákvæða fyrir fjarskipti (Stjtið. EB C 258, 3. 10. 1995, bls. 1).

(5) Ályktun Evrópuþingsins frá 19. maí 1995 um grænbókina um afnám hafta á fjarskiptagrunnvirkjum og kapalsjónvarpsnetum - II. hluti A4-0111/95; (Stjtið. EB C 151, 19. 6. 1995, bls. 27).

(6) Álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar frá 13. september 1995 um grænbókina um afnám hafta á fjarskiptagrunnvirkjum og kapalsjónvarpsnetum - II. hluti (Stjtið. EB C 301, 13. 11. 1995, bls. 24).

(7) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/33/EB frá 30. júní 1997 um samtengingu í fjarskiptum til að tryggja altæka þjónustu og rekstrarsamhæfi með því að beita meginreglum um frjálstan aðgang að netum (ONP) (Stjtið. EB L 199, 26. 7. 1997, bls. 32).

(8) Stjtið. EB L 192, 24. 7. 1990, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 97/51/EB (Stjtið. EB L 295, 29. 10. 1997, bls. 23).

(9) Stjtið. EB L 321, 30. 12. 1995, bls. 6.

- 4) Altæk þjónusta felst í grundvallaratriðum í því að sjá notendum, samkvæmt beiðni, fyrir tengingu við fasta almenna símanetið á föstum nettengipunkti fyrir viðurðanlegt verð. Engar hömlur skulu vera á tæknilegri útfærslu þess með hvaða hætti er séð fyrir tengingu og má beita hvort heldur er tækni með notkun þráðar eða þráðlausri tækni. Eftir 1. janúar 1998 skulu gæði nýuppsætts grunnvirkis fasta almenna símanetsins vera slík að það ráði við gagnaflutning, auk tals, á nægilegum hraða til að hægt sé að fá aðgang að beintengdum upplýsingaveitum. Viðurðanlegt verð merkir verð sem aðildarríkin ákvarða innanlands í ljósi sérstakra aðstæðna í hverju ríki, meðal annars með tilliti til stefnu bæja og sveita í skipulagsmálum, eftir að samráð, sem um getur í 24. gr., hefur farið fram. Framkvæmdastjórninni ber að semja skýrslur um gjaldskrárþróun í bandalaginu á grundvelli reglna og viðmiðana sem er ætlað að tryggja viðurðanlegt verð og birta innanlands og getur hún í því sambandi efnt til frekara samráðs innan Evrópu. Viðurðanlegt verð á símaþjónustu er háð upplýsingum sem notendur fá um afnotagjöld af síma og hlutfallslegum kostnaði við símanotkun borið saman við aðra þjónustu. Aðildarríkjum er heimilt að gera undantekningar, að því er varðar orlofshús, með tilliti til þess að veita notendum, í dreifbýli eða á svæðum þar sem kostnaður er mikill, þjónustu á viðurðanlegu verði.
- 5) Endurskipulagning gjaldskráa hefur í för með sér að verið er að hverfa frá gjaldskráum sem eru ekki byggðar á raunkostnaði. Þar til virkri samkeppni hefur verið komið á kann að vera nauðsynlegt að gera öryggisráðstafanir til þess að tryggja að verðhækkunar á afskekktum svæðum eða í dreifbýli séu ekki notaðar til þess að vega upp tekjutap sem stafar af verðlækkunum annars staðar. Endurskipulagning gjaldskráa er eitt af meginþingum samkeppnismarkaðar. Heimilt er að nota þak á verðlagningu eða landfræðilegt meðaltal eða svípaðar lausnir til þess að tryggja að nauðsynleg endurskipulagning komi ekki niður á notendum með óréttmætum hætti og stofni því ekki í hættu að símaþjónusta sé veitt á viðurðanlegu verði.
- 6) Fasta almenna símanetið og -þjónustan eru svo mikilvæg að öllum ætti að standa slík þjónusta til boða sem óska eftir henni með réttmætum hætti. Í samræmi við dreifraðisregluna ber aðildarríkjum að ákveða á hlutlægum forsendum hvaða fyrirtækjum er falin sú ábyrgð að veita þá altæku fjarskiptaþjónustu, sem er skilgreind í þessari tilskipun, að teknu tilliti til getu og, ef við á, vilja fyrirtækja til þess að veita fyrrnefnda þjónustu, að öllu leyti eða að hluta. Hægt er að setja samsvarandi skuldbindingar sem skilyrði þegar leyfi eru veitt til að veita símaþjónustu sem er öllum aðgengileg. Aðildarríkin geta, í samræmi við 1. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/33/EB frá 30. júní 1997 um samtengingu í fjarskiptum til að tryggja altæka þjónustu og rekstrarsamhæfi með því að beita meginreglum um frjálsan aðgang að netum (ONP) ⁽¹⁾, komið á fyrirkomulagi þar sem hreinum kostnaði vegna skyldunnar að veita altæka þjónustu er deilt með öðrum fyrirtækjum sem starfrækja almenn fjarskiptanet og/eða talsímaþjónustu sem er öllum aðgengileg. Almenn fjarskiptanet ná yfir bæði föst almenn net og almenn farsímanet. Innendum eftirlitsyfirkvöldum ber að fullvissa sig um að þau fyrirtæki, sem njóta styrkja til þess að veita altæka þjónustu, láti í té upplýsingar um einstaka styrkhæfa þætti sem eru nægilega nákvæmar til þess að réttlæta beiðni þeirra. Í samræmi við lög bandalagsins skal senda framkvæmdastjórninni áætlanir aðildarríkjanna um kostnaðarútreikninga og fjármögnun altækra þjónustu til þess að hún geti sannprófað hvort þær samræmist ákvæðum sáttmálans.
- 7) Upplýsingaþjónusta er samkeppnisgrein. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga inniheldur reglur um vinnslu persónuupplýsinga ⁽²⁾. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/66/EB frá 15. desember 1997 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á fjarskiptasviðinu ⁽³⁾, einkum með tilliti til stafræna samþætta þjónustunetsins (ISDN-samnetsins) og stafræna farsímanetsins, mun veita áskrifandanum rétt til þess að vera ekki skráður eða að tiltekna upplýsingar séu ekki færðar í skrá yfir áskrifendur á prentuðu eða tölvutæku formi samkvæmt beiðni hans. Notendur og neytendur vilja hafa aðgang að tæmandi símaskráum og upplýsingaþjónustu sem nær til allra skráðra áskrifenda símaþjónustunnar og númera þeirra (svo sem númera fastra síma og farsíma og einkasímanúmera). Þessi tilskipun hefur ekki áhrifa á aðstæður þar sem tiltekna símaskrár og upplýsingaþjónusta eru í boði með þeim hætti að notandinn telur að það sé gert án endurgjalds.
- 8) Aðildarríkin skulu, eftir því sem við á, gera viðeigandi ráðstafanir með það í huga að tryggja fötluðum notendum og notendum með sérstakar félagslegar þarfir aðgang að fastri almennri símaþjónustu á viðurðanlegu verði. Í sérstökum ráðstöfunum fyrir fatlaða notendur gæti falist, eftir því sem við á, að tryggj sé að fáanlegir séu almennir textasímar eða að gerðar séu sambærilegar ráðstafanir fyrir heyrnarlausar eða málhalta, þar sem veitt er þjónusta á borð við upplýsingaþjónustu án endurgjalds eða gerðar sambærilegar ráðstafanir fyrir blinda eða sjónskerta og lagðir fram, samkvæmt beiðni, sundurliðaðir reikningar með öðru sniði fyrir blinda eða sjónskerta.
- 9) Í ákvörðun ráðsins 91/396/EBE frá 29. júlí 1991 um að koma á samevrópsku neyðarnúmeri ⁽⁴⁾ eru aðildarríkin hvött til að sjá til þess að símanúmerið „112“ sé tekið upp sem samevrópskt neyðarnúmer í almennum símanetum eigi síðar en 31. desember 1996. Mikilvægt er að notendur geti hringt í neyðarnúmer, einkum samevrópska neyðarnúmerið „112“, ókeypis úr öllum símum, þar með töldum almennum símasjálfsölum, og án þess að nota mynt eða kort.

(1) Stjtið. EB L 281, 23. 11. 1995, bls. 31.

(2) Stjtið. EB L 24, 30. 1. 1998, bls. 1.

(3) Stjtið. EB L 217, 6. 8. 1991, bls. 31.

(4) Stjtið. EB L 199, 26. 7. 1997, bls. 32.

- 10) Forsenda fyrir samkeppnismarkaði fyrir endabúnað er að forskriftir netskilflata séu gagnsæjar. Innlendum eftirlitsyfirvöldum er heimilt að hafa samráð við hagsmunaaðila, einkum birgja endabúnaðar og fulltrúa notenda og neytenda, um breytingar á gildandi forskriftum netskilflata.
- 11) Í tilskipun 97/13/EB⁽¹⁾ er kveðið á um sameiginlegan ramma fyrir almennar heimildir og rekstrarleyfi á sviði fjarskiptaþjónustu. Gæði og verð eru lykilatriði á samkeppnismarkaði og innlend eftirlitsyfirvöld ættu að vera fær um að fylgjast með gæðum þjónustu fyrirtækja, sem hafa sterka stöðu á markaðinum, eða fyrirtækja sem hafa verið tilnefnd í samræmi við 5. gr. Þá ættu innlend eftirlitsyfirvöld einnig að vera fær um að fylgjast með gæðum þjónustu annarra fyrirtækja sem bjóða fram föst almenn simanet og/eða fasta almenna símaþjónustu þegar hlutaðeigandi fyrirtæki hefur verið starfrækt lengur en 18 mánuði og innlendu eftirlitsyfirvöldin telja slíkt nauðsynlegt. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu, þegar þau telja það nauðsynlegt, vera fær um að gera videigandi ráðstafanir til úrbóta með tilliti til gæða þjónustu sem fyrirtæki af báðum gerðum veita. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. janúar 1998 og með reglulegu millibili eftir það, leggja fram skýrslu um gæði, stig og umfang altækra þjónustu í Evrópubandalaginu eins og kemur fram í orðsendingu hennar frá 13. mars 1996 um altæka þjónustu í fjarskiptum í ljósi alfrjálsra umhverfisskilyrða. Fyrirnefndar heimildir eru með fyrirvara um að innlend yfirvöld og bandalagsyfirvöld beiti ákvæðum samkeppnislaga.
- 12) Aðildarríki er í sérstökum tilvikum heimilt að setja skilyrði fyrir aðgangi að og notkun fastra almennra símaneta eða símaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, með skírskotun til grunnkrafna. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu að lágmarki vera fær um að grípa til málsmeðferðar sem gerir þeim kleift að bregðast við aðstæðum þegar fyrirtæki, sem veitir talsímaþjónustu og hefur sterka markaðsstöðu eða hefur verið tilnefnt í samræmi við 5. gr., hættir, dregur úr eða breytir þjónustu við fyrirtæki sem bjóða fram fjarskiptanet og/eða -þjónustu. Neytendur skulu, nema í tilvikum þegar um endurtekinn drátt á greiðslu reikninga er að ræða eða vangreiðslu, njóta verndar gegn því að tengsl þeirra við netið verði rofin fyrirvaralaust vegna ógreidds reiknings og skulu, einkum þegar deilt er um háa reikninga fyrir þjónustu sem aukagjald er innheimt fyrir, hafa áfram aðgang að grunnsímaþjónustu meðan fundin er lausn á deilunni. Í sumum aðildarríkjum er aðeins heimilt að veita áfram slíkan aðgang ef áskrifandinn heldur áfram að greiða leigugjöld fyrir línu. Ákvæði þessarar tilskipunar koma ekki í veg fyrir að aðildarríki geri ráðstafanir sem má rökstyðja með skírskotun til 36. og 56. gr. sáttmálans, einkum með skírskotun til almannaöryggis, allsherjarreglu og almenns siðferðis.
- 13) Tónval og sundurliðaðir reikningar eru sérþjónusta sem er oftast fyrir hendi í nútímalegum símsstöðvum og því unnt að veita slíka þjónustu ódýrt um leið og gamlar símsstöðvar eru færðar til nútímahorfs eða nýjum komið á fót. Tónval er notað í auknum mæli til að ná sambandi við tiltekna þjónustu og sérþjónustu, meðal annars virðisaukandi þjónustu, og sé þessi sérþjónusta ekki fyrir hendi getur það komið í veg fyrir að notendur hafi aðgang að vissri þjónustu. Sundurliðaðir reikningar og valvis stöðvun upphringinga eru mikilvæg tæki sem notendur geta nýtt sér til þess að stjórna og hafa eftirlit með notkun sinni á talsímanetum. Með tilskipun 97/66/EB um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á fjarskiptasviðinu er verndun einkalífs notenda tryggð með tilliti til sundurliðaðra reikninga, þeim gefið færi á að verja rétt sinn til einkalífs þegar númerabirting er notuð og komið í veg fyrir að þeir verði fyrir óþægindum þegar simtöl eru framsend. „Númeraflutningar“ eru sérþjónusta sem gefur notendum, sem þess óska, færi á að halda númeri eða númerum sínum á fasta almenna símanetinu á nánar tilteknum stað óháð því hvaða fyrirtæki veitir þjónustuna. Evrópskar staðlastofnanir hafa sett samhæfða staðla um tækniskilfleti fyrir aðgang að stafræna samþætta þjónustunetinu (ISDN-samnetinu) við svokallaðan S/T-viðmiðunarpunkt.
- 14) Gagnsæ verðlagning ætti að tryggja að áskrifendur á heimilum niðurgreiði ekki gjöld viðskiptamanna í atvinnulífinu. Tiltæknar skuldbindingar, sem lúta að gjaldskráum og kostnaðarbókhalddi, verða ekki lengur nauðsynlegar þegar samkeppni verður komið á og þar til bær innlend eftirlitsyfirvöld geta dregið úr öðrum strax og settu marki er náð með samkeppni. Jafnræðiskröfur samkeppnisákvæða bandalagslaga gilda í öllum tilvikum. Krafan um sérstakt gjald fyrir tiltekna þjónustu kemur ekki í veg fyrir að sérþjónusta af ýmsum toga sé sameinuð í gjaldskrárpakka, að því tilskildu að slíkt sé ekki notað í þeim tilgangi að hefta með óréttmætum hætti frelsi notenda til þess að velja birgja sem veita þá margbreytilegu þjónustu sem þeir kunna að óska eftir.
- 15) Samráð skal haft við alla aðila innanlands, sem eiga hagsmuna að gæta, um málefni sem tengjast viðuráðanlegu verði, þjónustugæðum og umfangi altækra þjónustu framvegis. Í því sambandi er nauðsynlegt að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um stig, gæði og viðuráðanlegt verð fyrir altæka þjónustu. Fatlaðir notendur skulu, eins og við verður komið, njóta sambærilegrar þjónustu og aðrir notendur með tilliti til aðgangs að eða notkunar á símaþjónustu.
- 16) Framkvæmdastjórnin skal vera fær um að hafa skilvirkt eftirlit með því hvernig ákvæðum þessarar tilskipunar er beitt og evrópskir notendur þurfa að vita hvar birtar upplýsingar um símaþjónustu er að finna í öðrum aðildarríkjum. Í samræmi við tilskipun 97/13/EB um leyfisveitingu skulu innlend eftirlitsyfirvöld ekki veita upplýsingar sem þagnarskylda gildir um, nema það sé nauðsynlegt til þess að þau geti uppfyllt skyldur sínar.

(¹) Stjórn. EB L 117, 7. 5. 1997, bls. 15.

- 17) Með væntanlega samleitni þjónustu við fasta síma og farsíma í huga ber að yfirfara að hve miklu leyti þessi tilskipun gildir um farsímaþjónustu þegar hún verður endurskoðuð. Frestur sá sem er veittur til þess að endurskoða tilskipunina, þ.e. til 31. desember 1999, skapar skilyrði til þess að fram fari samhæfð endurskoðun allra tilskipana, sem fjalla um frjálstan aðgang að netum (ONP), í ljósi fenginnar reynslu af auknu frelsi á almennum fjarskiptanetum og almennri talsímaþjónustu. Þegar endurskoðunin fer fram skal einnig yfirfara hvort fella beri úr gildi skuldbindingar sem eru óþarfar á markaði þar sem virk samkeppni ríkir.
- 18) Þau grundvallarmarkmið að tryggja öllum evrópskum notendum altæka þjónustu á sviði fjarskipta og að samhæfa skilyrði fyrir aðgangi að og notkun á föstum almennum símanetum og símaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, nást ekki með fullnægjandi hætti innan einstakra aðildarríkja.
- 19) Hinn 20. desember 1994 gerðu Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin bráðabirgðasamkomulag um ráðstafanir til framkvæmdar gerðum sem eru samþykktar á grundvelli málsmeðferðarinnar sem um getur í 189. gr. b í sáttmálanum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ, MARKMIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

GILDISSVIÐ OG MARKMIÐ

1. Þessi tilskipun fjallar um samhæfingu skilyrða fyrir frjálsum og greiðum aðgangi að og notkun fastra almennra símaneta og fastrar almennrar símaþjónustu þar sem frjálssir samkeppnismarkaðir eru til staðar í samræmi við meginreglurnar um frjálstan aðgang að netum (ONP).

Markmiðið er að tryggja framboð fastrar almennrar símaþjónustu í háum gæðaflokki alls staðar í bandalaginu og að skilgreina þá þjónustuheild sem öllum notendum, þar með töldum neytendum, ber að hafa aðgang að, með skirskotun til altækrar þjónustu, á viðráðanlegu verði og að teknu tilliti til sérstakra innlendra skilyrða.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um almenn farsímanet og almenna farsímaþjónustu, að 6., 9. (b- og c-lið), 10 og 11. (1. mgr.) gr. undanskildum.

3. Þessi tilskipun komi í stað tilskipunar 95/62/EB.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Skilgreiningarnar í tilskipun 90/387/EB skulu gilda um þessa tilskipun þegar það á við.

2. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „notendur“: einstaklingar, þar með taldir neytendur, eða fyrirtæki sem nota eða óska eftir fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg;
- b) „neytandi“: einstaklingur sem notar fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, í öðrum tilgangi en sem tengist atvinnugrein hans, viðskiptum eða starfi;
- c) „áskrifandi“: einstaklingur eða löggjafarið sem hefur gert samning við veitanda fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, um að sá siðarnefndi láti slíka þjónustu í té;
- d) „almennur símasjálfsali“: sími sem almenningur hefur aðgang að og greiða má notkun á með mynt og/eða greiðslukortum og/eða fyrirframgreiddum símakortum;
- e) „talsímaþjónusta“: þjónusta sem er veitt almenningi á viðskiptagrunnvelli, fölgir í beinum rauntímaflutningi á tali um almenna sjálfvirka netið eða netin þannig að sérhver notandi getur notað búnað tengdan við nettengingipunkt á föstum stað til að hafa samband við annan notanda búnaðar sem tengdur er við annan tengingipunkt;
- f) „altæk þjónusta“: skilgreind lágmarksþjónustuheild með tilteknum gæðum sem allir notendur eiga kost á óháð staðsetningu og, miðað við tiltekna innlendar aðstæður, á viðráðanlegu verði;
- g) „innlent eftirlitsyfirvald“: sá aðili eða aðilar í aðildarríki sem hafa meðal annars fengið það hlutverk í aðildarríkinu að annast það eftirlit sem um getur í þessari tilskipun;
- h) „nefndin um frjálstan netaðgang (ONP-nefndin)“: nefndin sem komið var á fót með 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 90/387/EB;
- i) „fyrirtæki með sterka markaðsstöðu“: fyrirtæki sem er heimilt að bjóða fram föst almenn símanet og/eða talsímaþjónustu í aðildarríki enda hafi innlenda eftirlitsyfirvaldið í því aðildarríki gefið upp að það hafi sterka markaðsstöðu að því er varðar þessa tilskipun og tilkynnt um það til framkvæmdastjórnarinnar.

Fyrirtæki telst hafa sterka markaðsstöðu ef það hefur að minnsta kosti 25% markaðshlutdeild á viðkomandi markaði á því landsvæði í aðildarríkinu þar sem það hefur leyfi til þess að starfa.

Þó geta innlend eftirlitsyfirvöld ákveðið að fyrirtæki, sem hefur undir 25% markaðshlutdeild á viðkomandi markaði, hafi sterka markaðsstöðu. Þau geta einnig ákveðið að fyrirtæki, sem hefur yfir 25% markaðshlutdeild á viðkomandi markaði, hafi ekki sterka markaðsstöðu. Í báðum tilvikum skal ákvörðun miðast við getu fyrirtækisins til þess að hafa áhrif á markaðsaðstæður, veltu þess miðað við

stærð markaðarins, yfirráð þess yfir aðgangsléiðum notenda, aðgang þess að fjármagni og reynslu af því að bjóða fram vörur og þjónustu á markaðinum.

3. Að því er varðar þessa tilskipun:

- a) gilda sömu skilgreiningar á hugtökunum „fast almennt símanet“ og „almenn talsímanet“ og í I. viðauka við tilskipun 97/33/EB um samtengingu;
- b) gildir hugtakið „símaþjónusta sem er öllum aðgengileg“ bæði um fasta almenna símaþjónustu og almenna farsímaþjónustu.

Í fastri almennri símaþjónustu getur, eins og kemur fram í I. hluta I. viðauka við tilskipun 97/33/EB um samtengingu, falist – auk talsímaþjónustu – aðgangur að neyðarþjónustunni „112“, aðstoð talsímavarðar, upplýsingaþjónusta, almennir símasjálfsalar, þjónusta samkvæmt sérstökum skilmálum og/eda sérþjónusta fyrir viðskiptamenn sem eru fatlaðir eða hafa sérstakar félagslegar þarfir, eins og kveðið er á um í þessari tilskipun, en ekki virðisaukandi þjónusta sem er veitt um almenna símanetið.

II. KAFLI

VEITING TILTEKINNAR ÞJÓNUSTUHEILDAR SEM FJÁRMAGNA MÁ SEMALTÆKA ÞJÓNUSTU

3. gr.

Framboð þjónustu

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að allir notendur á yfirráðasvæði þeirra eigi kost á þeirri þjónustu, sem um getur í þessum kafla, óháð staðsetningu og, miðað við tilteknar innlendar aðstæður, á viðráðanlegu verði.

Aðildarríkin skulu, með tilliti til siaukinnar aðlögunar gjaldskráa að raunkostnaði, viðhalda sérstaklega viðráðanlegu verði fyrir þá þjónustu, sem um getur í þessum kafla, fyrir notendur í dreifbýli eða á svæðum þar sem kostnaður er mikill og fyrir viðkvæma notendahópa eins og eldri borgara, fatlaða eða fólk með sérstakar félagslegar þarfir.

Aðildarríkin skulu í þessu skyni ógilda skuldbindingar sem koma í veg fyrir eða hefta notkun sérstakra eða markvissra gjaldskráráætlana með tilliti til þess að veita þá þjónustu sem er tilgreind í þessari tilskipun og geta, í samræmi við lög bandalagsins, ákveðið hámarksverð eða meðaltalsgjaldskrár fyrir tiltekin landsvæði eða annað svipað fyrirkomulag, að öllu leyti eða að hluta, vegna þeirrar þjónustu sem er tilgreind uns virkt verðlagseftirlit næst með samkeppni.

Áætlanir, sem er ætlað að tryggja viðráðanlegt verð, skulu vera í samræmi við meginreglur um gagnsæi og jafnræði. Aðildarríkin skulu birta þær reglur og viðmiðanir sem er ætlað að tryggja viðráðanlegt verð á landsvísu, að teknu tilliti til ákvæða 24. gr.

2. Aðildarríkin skulu birta reglulega skýrslur um þróun gjaldskráa sem skulu vera aðgengilegar almenningi. Framkvæmdastjórnin skal birta reglulega skýrslur um þróun gjaldskráa í gervöllu bandalaginu.

4. gr.

Fjármögnunaráætlanir

Ef ekki er unnt að veita þá þjónustu, sem um getur í þessum kafla, á viðskiptalegum forsendum með þeim skilyrðum, sem aðildarríki setur, geta aðildarríkin tekið upp kerfi til að fjármagna altæka þjónustu með tilliti til sameiginlegrar fjármögnunar fyrirnefndrar þjónustu í samræmi við lög bandalagsins, einkum tilskipun 97/33/EB um samtengingu.

Innlend eftirlitsyfirvöld skulu tryggja að fyrirtæki, sem hagnast af slíku sameiginlegu fjármögnunarkerfi, leggi fram yfirlýsingu hjá viðkomandi innlendu eftirlitsyfirvaldi þar sem fram koma þeir sérstöku grunnþættir sem eru ástæða þess að fjármögnun er óskað, um leið og upplýsingar, sem um getur í 5. gr. tilskipunar 97/33/EB um samtengingu, eru gerðar aðgengilegar hagsmunaaðilum, samkvæmt beiðni, í samræmi við 4. mgr. 11. gr.

Aðildarríkin geta gert viðbótarkröfur, sem lúta að veitingu fjarskiptapjónustu, í samræmi við gildandi lög bandalagsins. Slíkar viðbótarkröfur skulu ekki hafa áhrif á kostnað við veitingu altækrar þjónustu eins og mælt er fyrir um á vettvangi bandalagsins og óheimilt er að standa straum af kostnaði vegna þeirra með skyldubundnum framlögum frá markaðsaðilum.

5. gr.

Veiting nettenginga og aðgangur að símaþjónustu

1. Aðildarríkin skulu tryggja að eitt fyrirtæki hið minnsta verði við öllum réttmætum beiðnum um tengingu við fasta almenna símanetið á föstum stað og um aðgang að fastri almennri símaþjónustu og geta, ef nauðsyn krefur í þessu skyni, tilnefnt eitt eða fleiri fyrirtæki til þess að tryggt sé að allt landsvæði þeirra sé þjónustað.

2. Tengingin skal gera notendum kleift að hringja og taka á móti upphringingum innanlands og frá útlöndum í formi tals, símbréfa og/eda með gagnaflutningum.

6. gr.

Upplýsingaþjónusta

1. Ákvæði þessarar greinar gilda með fyrirvara um kröfur í viðkomandi löggjöf um verndun persónuupplýsinga og einkalífs, til dæmis tilskipun 95/46/EB og tilskipun 97/66/EB.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að:

- a) áskrifendur eigi rétt á að vera skráðir í símaskrár sem eru öllum aðgengilegar og rétt á að sannprófa að upplýsingar séu réttar og að þær séu leiðréttar, ef nauðsyn krefur, eða þeim eytt;
- b) símaskrár yfir alla áskrifendur, sem hafa ekki hafnað því að vera skráðir, þar með talin númer fastra síma og farsíma og einkasímanúmer, séu aðgengilegar notendum með þeim hætti sem innlenda eftirlitsfirvaldið samþykkir, hvort sem þær eru í prentuðu eða tölvutæku formi eða hvort tveggja, og að þær séu uppfærðar reglulega;
- c) öllum notendum, þar með töldum notendum almennra símasjálfsala, standi til boða að minnsta kosti ein upplýsingaþjónusta sem nær til allra skráðra áskrifenda og númera þeirra.

3. Aðildarríkin skulu, til þess að tryggja að þjónustan sem um getur í b- og c-lið 2. mgr. sé veitt, ganga úr skugga um að öll fyrirtæki, sem úthluta símanúmerum til áskrifenda, verði við öllum réttmætum beiðnum um að láta í té viðeigandi upplýsingar í umsömdu formi og með skilmálum sem eru sanngjarnir, kostnaðartengdir og án mismununar.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrirtæki, sem veita þjónustu sem um getur í b- og c-lið 2. mgr., haldi í heiðri jafnræðisregluna við meðhöndlun og framsetningu upplýsinga sem þeim eru veittar.

7. gr.

Almennir símasjálfsalar

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að almennir símasjálfsalar séu nógu margir og nógu útbreiddir til að komið sé til móts við eðlilegar þarfir notenda.

Aðildarríki getur heimilað innlendu eftirlitsfirvaldi sínu að beita ekki kröfum þessarar málsgreinar á öllu yfirráðasvæði sínu, eða hluta þess, hafi það fullvissu fyrir því að þessi sérþjónusta sé almennt aðgengileg.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að hægt sé að hringja neyðarsímtöl úr almennum símasjálfsölum með því að hringja ókeypis í samevrópska neyðarnúmerið „112“, sem um getur í ákvörðun 91/396/EBE, og önnur innlend neyðarnúmer úr öllum símum og án þess að nota mynt eða kort.

8. gr.

Sérstakar ráðstafanir vegna fatlaðra notenda og notenda með sérstakar félagslegar þarfir

Aðildarríkin skulu, eftir því sem við á, gera sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja jafnan aðgang að fastri almennri símaþjónustu

á viðráðanlegu verði, þar með talinni upplýsingaþjónustu fyrir fatlaða notendur og notendur með sérstakar félagslegar þarfir.

III. KAFLI

SÉRÁKVÆÐI UM FYRIRTÆKI SEM LÁTA Í TÉ FÖST ALMENN SÍMANET OG/EÐA ALMENN FARSÍMANET OG/EÐA SÍMAÞJÓNUSTU SEM ER ÖLLUM AÐGENGILEG

9. gr.

Tenging endabúnaðar notkun netsins

Aðildarríkin skulu sjá til þess að öllum notendum með tengingu við fasta almenna símanetið sé gert kleift:

- a) að tengja og nota endabúnað, sem hæfir þeirri tengingu sem er látin í té, í samræmi við innlend lög og lög bandalagsins;
- b) að nýta sér þjónustu talsímavarðar og upplýsingaþjónustu í samræmi við c-lið 2. mgr. 6. gr., nema áskrifandinn ákveði annað;
- c) að hafa ókeypis aðgang að neyðarþjónustu með því að velja númerið „112“ og önnur númer sem innlend eftirlitsfirvöld tilgreina að nota skuli á landsvisu.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að farsímanotendur hafi einnig aðgang að þeirri þjónustu sem um getur í b- og c-lið.

10. gr.

Samningar

1. Innlend eftirlitsfirvöld skulu sjá til þess að fyrirtæki, sem veita aðgang að föstum almennum símanetum og almennum farsímanetum, geri samning við notendur. Í samningnum skal tilgreina þá þjónustu sem veitt verður eða vísa til skilmála og skilyrða sem eru öllum aðgengileg. Í samningnum eða skilmálunum og skilyrðunum, sem eru öllum aðgengileg, ber, að minnsta kosti, að tilgreina afgreiðslufrest upphaflegrar tengingar og þá viðhaldsþjónustu sem boðin er, það fyrirkomulag bóta og/eða endurgreiðslu sem gildir gagnvart áskrifendum ef umsamin þjónusta er ekki veitt og yfirlit yfir hvernig hefja má málsmæðferð til lausnar deilumálum í samræmi við 26. gr. og veita upplýsingar um gæði þeirrar þjónustu sem er boðin.

2. Innlendum eftirlitsfirvöldum eða öðrum þar til bærum aðilum samkvæmt innlendum lögum skal vera heimilt að óska þess, að eigin frumkvæði eða að beiðni samtaka sem gæta hagsmuna notenda eða neytenda, að breytingar verði gerðar á samningsskilmálunum sem um getur í 1. mgr. og skilyrðunum sem fram koma í gildandi bóta- og eða endurgreiðslukerfum, að svo miklu leyti sem þetta varðar ákvæði þessarar tilskipunar, í því skyni að vernda rétt notenda og/eða áskrifenda.

11. gr.

Birting upplýsinga og aðgangur að þeim

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að öll fyrirtæki, sem bjóða fram föst almenn símanet og almenn farsímanet eða símaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, birti fullnægjandi og uppfærðar upplýsingar fyrir neytendur um venjulega skilmála og skilyrði að því er varðar aðgang að og afnot af almennum símanetum og/eða símaþjónustu sem er öllum aðgengileg. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu einkum tryggja að gjaldskrár fyrir notendur, lágmarkssamningstímabil, ef við á, og skilyrði fyrir endurnýjun samninga séu sett fram með skýrum og nákvæmum hætti.

2. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að fyrirtæki, sem láta í té föst almenn símanet, veiti þeim nákvæmar upplýsingar um forskriftir fyrir tæknilega skilfleti fyrir aðgang að netinu, eins og kemur fram í 1. hluta II. viðauka, í samræmi við ákvæði 4. mgr. Breytingar á gildandi forskriftum fyrir skilfleti netsins og upplýsingar um nýjar forskriftir fyrir skilfleti netsins ber að senda innlenda eftirlitsyfirvaldinu áður en til framkvæmda kemur. Innlenda eftirlitsyfirvaldið getur mælt fyrir um hæfilegan frest til að skila slíkri tilkynningu.

3. Þar sem og svo lengi sem aðildarríki viðheldur sérstökum réttindum eða einkarétti til að bjóða fram föst almenn fjarskiptanet og talsímaþjónustu skulu innlend eftirlitsyfirvöld tryggja að birtar séu fullnægjandi og uppfærðar upplýsingar um aðgang að og notkun fastra almenna fjarskiptaneta og fastrar almennrar símaþjónustu samkvæmt efnisatriðaskránni í 2. hluta II. viðauka eins og mælt er fyrir um í 4. mgr.

4. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að upplýsingarnar séu gerðar aðgengilegar með viðeigandi hætti til þess að hagsmunaaðilar eigi greiðan aðgang að þeim. Tilkynna ber í stjórnartíðindum hlutaðeigandi aðildarríkis með hvaða hætti þessar upplýsingar eru birtar.

5. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu, eigi síðar en 30. júní 1998, tilkynna framkvæmdastjórninni um með hvaða hætti upplýsingarnar, sem um getur í 2. og 3. mgr., eru gerðar aðgengilegar. Framkvæmdastjórnin skal birta reglulega tilvísun í slíkar tilkynningar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Tilkynna ber án tafar um allar breytingar.

12. gr.

Gæði þjónustu

1. Aðildarríkjunum skal gert kleift, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í þessari grein, að ákveða gæði þeirrar þjónustu, sem fjallað er um í þessari tilskipun, fyrir fyrirtæki sem bjóða fram föst almenn símanet og/eða fasta almenna símaþjónustu.

Með þetta í huga og í samræmi við tilskipun 97/13/EB um leyfisveitingu geta þau kveðið á um frammistöðumarkmið í einstökum rekstrarleyfum, einkum fyrir fyrirtæki með sterka markaðsstöðu að því er varðar framboð fastra almenna símaneta og/eða talsímaþjónustu eða sem hafa verið tilnefnd í samræmi við 5. gr.

Ef um er að ræða fyrirtæki með sérstök réttindi eða einkarétt til þess að bjóða fram föst almenn fjarskiptanet og/eða talsímaþjónustu skulu aðildarríkin sjá til þess að markmið séu sett og birt að því er varðar viðkomandi færðbreytur, sem mælt er fyrir um í III. viðauka, í samræmi við 4. mgr. 11. gr.

2. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að fyrirtæki, sem hafa sterka markaðsstöðu eða hafa verið tilnefnd í samræmi við 5. gr., byrji að halda til haga uppfærðum upplýsingum um frammistöðu þeirra með tilliti til færðbreytnanna, skilgreininganna og mæliaðferðanna sem mælt er fyrir um í III. viðauka. Innendum eftirlitsyfirvöldum skal einnig gert kleift að krefjast þess að önnur fyrirtæki, sem hafa boðið fram föst almenn fjarskiptanet og/eða fasta almenna símaþjónustu lengur en í 18 mánuði, geri slíkt hið sama.

Veita skal innlenda eftirlitsyfirvaldinu þessar upplýsingar ef beiðni um slíkt kemur fram.

3. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu, þar sem við á og sérstaklega með tilliti til skoðana hagsmunaaðila í samræmi við ákvæði 24. gr., sjá til þess að gögn um frammistöðu, sem um getur í 1. mgr., séu birt í samræmi við 4. mgr. 11. gr. og geta sett frammistöðumarkmið fyrir fyrirtæki, sem bjóða fram föst almenn fjarskiptanet og/eða fasta almenna símaþjónustu og hafa annaðhvort sterka markaðsstöðu eða hafa verið tilnefnd í samræmi við 5. gr., ef markmið af því tagi hafa ekki þegar verið sett.

Ef viðvarandi brestur er á því að fyrirtæki nái settum frammistöðumarkmiðum getur slíkt leitt til þess að gerðar séu sérstakar ráðstafanir í samræmi við skilyrði sem um getur í viðeigandi leyfi sama fyrirtækis.

4. Innlend eftirlitsyfirvöld geta óskað eftir óháðri endurskoðun á gögnum um frammistöðu með það í huga að tryggja nákvæmni og samanburðarhæfni þeirra gagna sem fyrirtækin, sem um getur í 2. mgr., láta í té.

13. gr.

Aðgangs- og notkunarskilyrði og grunnkröfur

1. Með fyrirvara um málsmeðferðina um lausn deilumála innanlands, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 26. gr., skulu innlend eftirlitsyfirvöld hafa yfir að ráða aðferðum til þess að kljást við aðstæður þar sem fyrirtæki, sem bjóða fram föst almenn símanet og/eða fasta almenna símaþjónustu, eða að minnsta kosti þau fyrirtæki sem veita talsímaþjónustu og hafa annaðhvort sterka markaðsstöðu eða hafa verið tilnefnd í samræmi við 5. gr. og hafa

sterka markaðsstöðu, gera ráðstafanir eins og að rjúfa, fella niður, breyta verulega eða minnka framboð á þjónustu, að minnsta kosti gagnvart fyrirtækjum sem láta í té fjarskiptanet og/eða -þjónustu.

Innlenda eftirlitsyfirvaldið skal sjá til þess að með þessum aðferðum sé gert ráð fyrir gagnsæju ákvarðanatökufæri þar sem tilhlýðilegt tillit er tekið til réttinda aðila. Ákvörðunin skal tekin eftir að báðir aðilar hafa fengið tækifæri til að gera grein fyrir máli sínu. Ákvörðunin skal vel rökstudd og tilkynnt aðilum innan viku frá því að hún er samþykkt.

Birta skal samantekt yfir aðferðirnar með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 11. gr.

Þetta ákvæði hefur ekki áhrif á rétt hlutaðeigandi aðila til að leita til dómstóla.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess, þegar aðgangur að og notkun fastra almennra símaneta og/eða fastrar almennrar símaþjónustu er takmarkaður með skírskotun til grunnkrafna, að viðeigandi innlend ákvæði skeri úr um hverjar af grunnkröfunum, sem eru taldar upp í a- til e-lið hér á eftir, liggja til grundvallar slíkum takmörkunum.

Setja ber fyrrnefndar takmarkanir á með reglusetningu og birta með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 11. gr.

Með fyrirvara um aðgerðir sem kunna að verða gerðar, í samræmi við 5. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 90/387/EBE, skulu eftirfarandi grunnkröfur gilda um fasta almenna símanetið og föstu almennu símaþjónustuna eins og hér segir:

a) *Rekstraröryggi netsins*

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að sjá til þess að aðgengi að föstum almennum símanetum og fastri almennri símaþjónustu haldist við aðstæður eins og stórfellt hrun netsins eða við óviðráðanlegar aðstæður (force majeure), eins og aftakaveður, jarðskjálfta, flóð, eldingar eða eldsvoða.

Ef upp koma aðstæður sem um getur í fyrstu undirgrein skulu hlutaðeigandi aðilar gera allt sem í þeirra valdi stendur til að halda uppi hæsta mögulega þjónustustigi miðað við þær forgangskröfur sem lögbær innlend yfirvöld mæla fyrir um.

Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að allar takmarkanir á aðgengi að og notkun fasta almenna símanetsins, sem tengjast öryggi neta, séu í samræmi við hlutfalls- og jafnræðisregluna og byggðar á hlutlægum viðmiðunum sem eru settar fyrirfram.

b) *Að viðhalda heildstæði netsins*

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að heildstæði fasta almenna símanetsins sé viðhaldið.

Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að takmörkunum á aðgengi að og notkun fasta almenna símanetsins til að viðhalda heildstæði netsins, meðal annars til að vernda netbúnað, hugbúnað eða geymd gögn, sé haldið í því lágmarki sem þarf til að netið starfi eðlilega. Slíkar takmarkanir skulu vera án mismununar og byggðar á hlutlægum viðmiðunum sem eru settar fyrirfram.

c) *Rekstrarsamhæfi þjónustugreina*

Þegar endabúnaður er notaður í samræmi við tilskipun 91/263/EBE ⁽¹⁾ skal ekki setja frekari takmarkanir á notkun hans vegna rekstrarsamhæfis þjónustugreina.

d) *Verndun gagna*

Hvað varðar verndun gagna er aðeins heimilt að setja skilyrði um aðgang að og notkun fasta almenna símanetsins og/eða föstu almennu símaþjónustunnar í samræmi við viðeigandi löggjöf um verndun persónuupplýsinga og einkalífs, eins og tilskipun 95/46/EB og tilskipun 97/66/EB.

e) *Skilvirk notkun tíðnisviðsins*

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja skilvirka notkun tíðnisviðsins og forðast skaðlegar truflanir milli fjarskiptakerfa sem byggjast á útvarpsbylgjum sem gætu takmarkað aðgang að eða notkun fastra almennra símaneta og/eða fastrar almennrar símaþjónustu.

3. Þar sem og svo lengi sem aðildarríki viðhalda sérstöku réttindum eða einkarétti til að bjóða fram almenn fjarskiptanet og talsímaþjónustu skulu skilyrðin, sem notendum er gert að uppfylla á grundvelli þessara sérstöku réttinda og einkaréttar, ákveðin með reglusetningu og á ábyrgð innlenda eftirlitsyfirvaldsins.

14. gr.

Sundurliðaðir reikningar, tónval og valvís stöðvun upphringinga

1. Til þess að tryggt sé að notendur hafi, eins fljótt og við verður komið, aðgang um föst almenn símanet að eftirfarandi sérþjónustu:

- tónvali,
- sundurliðuðum reikningum og valvisri stöðvun upphringinga, sem er sérþjónusta sem er unnt að veita samkvæmt beiðni,

geta aðildarríkin tilnefnt eitt eða fleiri fyrirtæki til þess að veita þorra simnotenda þessa þjónustu fyrir 31. desember 1998 og sjá til þess að hún sé almennt aðgengileg eigi síðar en 31. desember 2001.

(1) Stjtið. EB L 128, 23. 5. 1991, bls. 1, með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipun 93/68/EBE (Stjtið. EB L 220, 30. 8. 1993, bls. 1).

Aðildarríki getur heimilað innlendu eftirlitsyfirvaldi sínu að beita ekki kröfum þessarar málsgreinar á öllu yferráðasvæði sínu, eða hluta þess, hafi það fullvissu um að þessi sérþjónusta sé almennt aðgengileg.

Nánari grein er gerð fyrir tónvali og valvisri stöðvun upphringinga í 1. hluta I. viðauka.

2. Með fyrirvara um kröfur viðeigandi löggjafar um verndun persónuupplýsinga og einkalífs, til dæmis tilskipunar 95/46/EB og tilskipunar 97/66/EB, skulu sundurliðaðir reikningar vera nægilega ítarlegir til þess að unnt sé að sannprófa og fylgjast með álgðum gjöldum vegna notkunar fasta almenna símanetsins og/eða föstu almennu símaþjónustunnar.

Notendum skal standa til boða lágmarkssundurliðun reikninga án sérstaks gjalds. Heimilt er, eftir því sem við á, að bjóða áskrifendum frekari sundurliðun samkvæmt sanngjörnu gjaldi eða endurgjaldslaust. Innlend eftirlitsyfirvöld geta mælt fyrir um lágmarkssundurliðun reikninga.

Upphringingar, sem eru áskrifanda sem hringir að kostnaðarlausu, þar með taldar upphringingar í hjálparlínur, skal ekki tilgreina í sundurliðuðum reikningi áskrifandans sem hringir.

15. gr.

Veiting viðbótarsérþjónustu

1. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að fyrirtæki, sem bjóða fram talsímaþjónustu og hafa annaðhvort sterka markaðsstöðu eða hafa verið tilnefnd í samræmi við 5. gr. og hafa sterka markaðsstöðu, veiti þá sérþjónustu sem er talin upp í 2. hluta I. viðauka, að því marki sem því verður við komið af tæknilegum og fjárhagslegum ástæðum.

2. Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um kröfur viðeigandi löggjafar um verndun persónuupplýsinga og einkalífs, til dæmis tilskipunar 95/46/EB og tilskipunar 97/66/EB, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við samkeppnisreglur bandalagslaga, til þess að aflétta stjórnsýsluhömlum sem koma í veg fyrir að hægt sé að veita þá þjónustu og sérþjónustu sem er talin upp 3. hluta I. viðauka.

3. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að dagsetningar séu ákveðnar fyrir veitingu þeirrar sérþjónustu sem er talin upp í 2. hluta I. viðauka, að teknu tilliti til þess hversu þróað netið er, hver eftirspurn á markaði er og hvernig stöðlunarvinnu miðar, og að þær séu birtar með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 11. gr.

4. Á svæðum þar sem númeraflutningi, eins og um getur í 5. mgr. 12. gr. tilskipunar 97/33/EB um samtengingu, hefur enn ekki verið komið á skulu innlend eftirlitsyfirvöld sjá til þess, hæfilega lengi eftir að áskrifandi hefur skipt um birgi, að annaðhvort sé unnt að flytja upphringingu í gamalt númer

áskrifanda yfir í nýja númerið hans fyrir sanngjarnt gjald eða að sá sem hringir fái upplýsingar um nýja númerið án þess að sá sem hringt er í sé krafinn um gjald fyrir þessa þjónustu.

Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að tekið sé sanngjarnt gjald fyrir þá sérþjónustu sem um getur hér að framan.

16. gr.

Sérstakur netaðgangur

1. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að fyrirtæki með sterka markaðsstöðu til að láta í té föst almenn símanet afgreiði réttmætar beiðnir frá fyrirtækjum, sem láta í té fjarskiptaþjónustu, um aðgang að fasta almenna símanetinu um aðra tengipunkta á netinu en almennt eru látnir í té og um getur í 1. hluta II. viðauka. Einungis er heimilt að takmarka þessa skyldu í einstökum tilvikum og á þeim forsendum að í stað þess sérstaka aðgangs, sem beðið er um, séu aðrir tæknilegir og viðskiptalegir kostir fyrir hendi og að umbeðinn aðgangur sé óheppilegur miðað við þá kosti sem eru fyrir hendi til að verða við beiðninni.

2. Fyrirtæki, sem leggur fram beiðni af þessu tagi, skal gefinn kostur á að leggja málið fyrir innlenda eftirlitsyfirvaldið áður en lokaákvörðun er tekin um að takmarka eða synja um aðgang sem svar við tiltekinni beiðni.

Ef beiðni um sérstakan netaðgang er synjað skal gefa fyrirtækinu, sem lagði fram beiðnina, skjóta og rökstudda skýringu á synjuninni.

3. Tæknilegt og viðskiptalegt fyrirkomulag vegna sérstaks netaðgangs skal vera samningsatriði milli þeirra sem hlut eiga að máli, með fyrirvara um íhlutun innlenda eftirlitsyfirvaldsins eins og mælt er fyrir um í 2., 4. og 5. mgr.

Í samningnum má kveða á um að fyrirtækinu verði endurgreiddur kostnaður við að veita þann netaðgang sem um er beðið. Við slíka gjaldtöku skal taka fullt tillit til meginreglnanna um kostnaðartengingu sem settar voru í II. viðauka við tilskipun 90/387/EBE.

4. Innlendum eftirlitsyfirvöldum er heimilt að gripa inn í hvenær sem er að eigin frumkvæði, þegar ástæður leyfa, í því skyni að tryggja að um virka samkeppni sé að ræða og/eða rekstrarsamhæfi milli þjónustugreina og ber að gera það, ef annar hvor aðilinn fer fram á það, til að ákveða skilmála án mismununar sem eru sanngjarnir og réttmætir gagnvart báðum aðilum og öllum notendum sem hagfelldastir.

5. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu einnig eiga rétt á að sjá til þess, öllum notendum í hag, að í samningunum séu skilyrði sem standast viðmiðanirnar í 4. mgr., að þeir séu gerðir og þeim framfylgt á skilvirkan og skjótan hátt og að í þeim séu skilyrði um samræmi við viðeigandi staðla, samræmi við grunnkröfur og/eða að gæði þjónustu við notendur séu tryggð enda á milli.

6. Skilyrði, sem innlend eftirlitsyfirvöld ákveða í samræmi við 5. mgr., skal birta á þann hátt sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 11. gr.

7. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að fyrirtæki með sterka markaðsstöðu, sem um getur í 1. mgr., fari að jafnræðisreglunni þegar þau nota fasta almenna símanetið og einkum þegar þau nota einhvers konar sérstakan netaðgang til að veita fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg. Slik fyrirtæki skulu beita svipuðum skilyrðum við svipaðar aðstæður gagnvart fyrirtækjum sem veita svipaða þjónustu og láta öðrum í té sérstakan aðgang að netum og upplýsingar með sömu skilyrðum og af sömu gæðum og þau veita vegna eigin þjónustu eða þjónustu dótturfyrirtækja sinna eða samstarfsaðila.

8. Framkvæmdastjórnin skal, í samráði við nefndina um fjálsan netaðgang og í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 29. gr., fara þess á leit við Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) að hún semji, þar sem við á, staðla fyrir nýjar gerðir netaðgangs. Birta skal tilvísanir í slíka staðla í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* í samræmi við 5. gr. tilskipunar 90/387/EBE.

9. Láta skal innlenda eftirlitsyfirvaldinu í té nákvæmar upplýsingar um samninga um sérstakan netaðgang, æski það þess. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu, með fyrirvara um réttindi og skyldur sem um getur í 2. mgr. 20. gr. tilskipunar 97/13/EB um leyfisveitingu, fara með sem trúnaðarmál þá hluta samninganna sem um getur í 3. mgr. og fjalla um viðskiptastefnu samningsaðila.

17. gr.

Meginreglur um gjaldskrár

1. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess, með fyrirvara um sérákvæði 3. gr., að því er varðar viðráðanlegt verð, eða um 6. mgr., að fyrirtæki, sem láta í té talsímaþjónustu og hafa annaðhvort sterka markaðsstöðu eða hafa verið tilnefnd í samræmi við 5. gr. og hafa sterka markaðsstöðu, virði ákvæði þessarar greinar.

2. Gjaldskrár fyrir notkun fasta almenna símanetsins og föstu almennu símaþjónustunnar skulu vera í samræmi við meginreglurnar um kostnaðartengingu sem um getur í II. viðauka við tilskipun 90/387/EBE.

3. Gjaldskrár fyrir aðgang að fasta almenna símanetinu og notkun þess skulu, með fyrirvara um 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 97/33/EB um samtengingu, vera óháðar því hver tilgangur notenda er, nema að því marki sem notkunin kallar á ólíka þjónustu eða sérþjónustu.

4. Gjaldskrár fyrir sérþjónustu, sem er umfram tengingu við fasta almenna símanetið og fasta almenna símaþjónustu, skulu með tilliti til laga bandalagsins vera í nægilega ríkum mæli sérákvæðnar fyrir hverja þjónustu til að notandi þurfi ekki að

greiða fyrir sérþjónustu sem ekki er þörf á vegna þeirrar þjónustu sem beðið er um.

5. Breytingar á gjaldskrár skulu ekki koma til framkvæmda fyrr en að liðnum hæfilegum tilkynningarfresti sem innlenda eftirlitsyfirvaldið setur.

6. Með fyrirvara um ákvæði 3. gr. að því er varðar viðráðanlegt verð getur aðildarríki heimilað innlendu eftirlitsyfirvaldi sínu að beita ekki ákvæðum 1., 2., 3., 4. eða 5. mgr. þessarar greinar á tilteknu landsvæði þar sem talið er fullvíst að virk samkeppni ríki á markaði fyrir fasta almenna símaþjónustu.

18. gr.

Meginreglur um rekstrarbókhald

1. Ef fyrirtækjum er gert skylt að laga gjaldskrár sínar að meginreglunni um kostnaðartengingu í samræmi við 17. gr. skulu aðildarríkin sjá til þess að þau rekstrarbókhaldskerfi, sem slík fyrirtæki nota, henti til framkvæmdar 17. gr. og að þar til bær aðili, óháður þessum fyrirtækjum, gangi úr skugga um að farið sé að reglum um slík kerfi. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að árlega sé birt yfirlýsing um það hvort reglum kerfisins sé fylgt.

2. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að lýsing á rekstrarbókhaldskerfunum, sem um getur í 1. mgr., þar sem helstu kostnaðarliðir koma fram ásamt reglum um kostnaðarskiptingu vegna talsímaþjónustu, sé afhent þeim samkvæmt beiðni. Sé þess óskað skulu innlend eftirlitsyfirvöld senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um rekstrarbókhaldskerfin sem viðkomandi fyrirtæki nota.

3. Þar sem og svo lengi sem aðildarríki viðhalda sérstökum réttindum eða einkarétti til að bjóða fram almenn fjarskiptanet og talsímaþjónustu skulu eftirtaldar einingar koma fram í kerfunum, sem um getur í 1. mgr., samanber þó síðustu undirgrein þessarar málsgreinar:

a) kostnaður við talsímaþjónustu skal einkum fela í sér beinan kostnað fjarskiptafyrirtækjanna vegna uppsetningar, reksturs og viðhalds talsímaþjónustunnar ásamt markaðssetningu og reikningsútskrift í tengslum við hana;

b) sameiginlegur kostnaður, þ.e. kostnaður sem hvorki er hægt að færa beint á talsímaþjónustuna né á aðra starfsemi, og skal honum skipt sem hér segir:

i) sameiginlegum kostnaðarliðum skal, að svo miklu leyti sem hægt er, skipt á grundvelli beinnar sundurgreiningar á uppruna kostnaðarliðanna,

ii) þegar beinni sundurgreiningu verður ekki komið við skal sameiginlegum kostnaðarliðum skipt á grundvelli óbeinna tengsla við annan kostnaðarlið eða flokk kostnaðarliða þar sem hægt er að koma við beinni

heimfærslu eða skiptingu. Óbeinu tengslin skulu grundvölluð á sambærilegri kostnaðarsamsetningu,

- iii) Þegar hvorki er hægt að koma við beinni né óbeinni kostnaðarskiptingu skal kostnaðarliðnum skipt á grundvelli almenns bókhaldslykils sem er reiknaður út með því að nota hlutfall allra útgjalda sem beint eða óbeint er úthlutað eða skipt á talsímaþjónustuna annars vegar og aðra þjónustu hins vegar.

Nota má önnur rekstrarbókhaldskerfi ef þau henta til framkvæmdar 17. gr. og innlenda eftirlitsyfirvaldið hefur viðurkennt að þau séu nothæf fyrir fjarskiptafyrirtæki, enda hafi framkvæmdastjórninni verið tilkynnt fyrirfram um notkun þeirra.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fjárhagsreikningar allra fyrirtækja, sem láta í té föst almenn simanet og/eða talsímaþjónustu, séu gerðir og endurskoðaðir og birtir í samræmi við ákvæði viðeigandi bandalagslaga og innlendra laga um atvinnufyrirtæki. Láta skal innlenda eftirlitsyfirvaldinu í té, í trúnaði og sé þess óskað, nákvæmar upplýsingar um bókhald í því skyni að tryggja að farið sé eftir ákvæðum þessarar tilskipunar, samanber þó réttindi og skyldur innlendra eftirlitsyfirvalda sem um getur í 2. mgr. 20. gr. tilskipunar 97/13/EB um leyfisveitingu.

19. gr.

Afsláttur og önnur sérstök gjaldskrárákvæði

Aðildarríkin skulu sjá til þess, þar sem fyrirtæki eru skuldbundin til þess að hafa gjaldskrár sínar í samræmi við meginregluna um kostnaðartengingu í samræmi við 17. gr., að afsláttarkerfi fyrir notendur, þar með talda neytendur, séu fullkomlega gagnsæ og birt og notuð í samræmi við jafnræðisregluna.

Innlend eftirlitsyfirvöld geta krafist þess að breytingar séu gerðar á slíkum afsláttarkerfum eða þau afnumin.

20. gr.

Forskriftir vegna netaðgangs, að meðtöldum tenglinum

1. Birta skal staðla, sem henta fyrir aðgang að föstum almennum simanetum, í skránni yfir staðla fyrir frjálsan aðgang að netum (ONP) sem um getur í 5. gr. tilskipunar 90/387/EBE.
2. Þegar þjónustan, sem um getur í þessari tilskipun, er veitt notendum um ISDN-samnetið við S/T-viðmiðunarpunktinn skulu innlend eftirlitsyfirvöld sjá til þess að tengipunktur ISDN-samnetsins uppfylli viðeigandi forskriftir um efnislega skilfleti, einkum forskriftir um tengilinn, sem vísað er til í skránni yfir staðla fyrir frjálsan aðgang að netum (ONP).

21. gr.

Ógreiddir reikningar

Aðildarríkin skulu heimila tiltekna ráðstafanir, sem skulu byggja á hlutfalls- og jafnræðisreglum og birtar með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 11. gr., til að taka á ógreiddum reikningum fyrir notkun fasta almenna simanetsins. Í þessum ráðstöfunum skulu vera ákvæði um að notandanum sé gert viðvart með hæfilegum fyrirvara eigi að loka fyrir þjónustu eða rjúfa tengingar.

Burtséð frá tilvikum þar sem um svik er að ræða, endurtekinn drátt á greiðslu reikninga eða að þeir séu ekki greiddir skal með þessum ráðstöfunum tryggt, að því marki sem það er tæknilega mögulegt, að einungis sé gert hlé á þeirri þjónustu sem um ræðir. Aðildarríkin geta ákveðið að eftir atvikum fari alger aftenging fyrst fram eftir tiltekinn frest þar sem upphringingar, sem eru hlutaðeigandi áskrifanda að kostnaðarlausu, eru heimilaðar.

22. gr.

Skilyrði fyrir því að hætta framboði þjónustu

1. Ákvæði þessarar greinar skulu gilda þar sem og eins lengi og framboð fastra almennra fjarskiptaneta og talsímaþjónustu er háð sérstökum réttindum eða einkarétti í aðildarríki.
2. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að þjónusta fyrirtækja, sem njóta slíkra sérstakra réttinda eða einkaréttar, standi áfram til boða í hæfilegan tíma og að niðurfelling þjónustu eða breytingar, sem hafa veruleg áhrif á nýtingu hennar, geti einungis átt sér stað að höfðu samráði við hlutaðeigandi notendur og að liðnum hæfilegum tilkynningarfresti sem innlenda eftirlitsyfirvaldið setur.
3. Aðildarríkin skulu tryggja, með fyrirvara um rétt til áfrýjunar samkvæmt innlendum lögum, að notendur geti, í tengslum við samtök sem sinna hagsmunum notenda og/eða neytenda, ef kveðið er á um slíkt í landslögum, lagt málið fyrir innlenda eftirlitsyfirvaldið séu hlutaðeigandi notendur ósamþykkir fyrirhuguðum lokunardegi fyrirtækisins.

23. gr.

Frávik frá birtum skilyrðum

1. Ákvæði þessarar greinar skulu gilda þar sem og svo lengi sem aðildarríki viðhalda sérstökum réttindum eða einkarétti til að bjóða fram almenn fjarskiptanet og talsímaþjónustu.
2. Ef fjarskiptafyrirtæki, sem nýtur slíkra sérstakra réttinda eða einkaréttar, telur ósanngjarnt, að fenginni beiðni þar að lútandi, að þurfa að koma á tengingu við fasta almenna símanetið samkvæmt auglýstri gjaldskrá og afgreiðsluskilmálum verður það að leita samþykkis hjá innlenda eftirlitsyfirvaldinu áður en það breytir skilmálunum í umræddu tilviki.

IV. KAFLI

26. gr.

MÁLSMEDFERÐARÁKVÆÐI**Sáttameðferð og lausn deilumála innanlands**

24. gr.

Samráð við hagsmunaaðila

Aðildarríkin skulu, í samræmi við innlenda málsmeðferð, taka tillit til sjónarmiða fulltrúa fyrirtækja sem bjóða fram almenn fjarskiptanet, notenda, neytenda, framleiðenda og þjónustuveitenda að því er varðar málefni sem lúta að umfangi og gæðum símaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, og viðráðanlegu verði hennar.

25. gr.

Tilkynningar og skýrslugerð

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar breytingar á upplýsingum sem skylt var að birta samkvæmt tilskipun 95/62/EB. Framkvæmdastjórnin skal birta þessar upplýsingar í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

2. Aðildarríkin skulu einnig tilkynna framkvæmdastjórninni um:

- fyrirtæki með sterka markaðsstöðu að því er varðar þessa tilskipun,
- aðstæður þar sem fyrirtækjum, sem bjóða fram föst almenn símanet og/eða talsímaþjónustu, er ekki lengur skylt að fara eftir meginreglunni um kostnaðartengingu að því er varðar gjaldskrár í samræmi við 6. mgr. 17. gr.
- fyrirtæki sem eru tilnefnd í samræmi við 5. gr., ef um slík fyrirtæki er að ræða.

Framkvæmdastjórnin getur beðið innlend eftirlitsyfirvöld um að tilgreina ástæður þess að þau setja eða setja ekki fyrirtæki í annan hvorn eða báða flokkana sem um getur í tveimur fyrstu undirlíðunum.

3. Ef framboð á almennu fjarskiptaneti og talsímaþjónustu er látið falla undir sérstök réttindi eða einkarétt í aðildarríki skulu innlend eftirlitsyfirvöld hafa tiltækar eftirfarandi upplýsingar og senda framkvæmdastjórninni óski hún eftir því: upplýsingar um einstök mál sem hafa verið lögð fyrir þau - nema þau mál sem 21. gr. nær til – þar sem aðgangur að eða notkun á almenna símanetinu eða talsímaþjónustunni hefur verið takmörkuð eða synjað um hana, þar á meðal um þær ráðstafanir sem gripið er til og rökstuðning fyrir þeim.

Með fyrirvara um:

- a) aðgerðir sem framkvæmdastjórnin eða aðildarríki getur gripið til samkvæmt sáttmálanum;
- b) réttindi þess einstaklings sem gripið hefur til málsmeðferðarinnar í 3. og 4. lið, hlutaðeigandi fyrirtækis eða annarra aðila samkvæmt gildandi landslögum, nema þeir geri samning um lausn deilumála sín á milli;
- c) ákvæði 2. mgr. 10. gr. sem heimilar innlendum eftirlitsyfirvöldum að breyta skilmálum samninga áskrifenda,

skal vera unnt að beita eftirfarandi málsmeðferð:

- 1) Aðildarríkin skulu sjá til þess að allir aðilar, að meðtöldum til dæmis notendum, þjónustuveitendum, neytendum og öðrum fyrirtækjum sem eiga í óútkljáðum deilum við fyrirtæki, sem býður fram föst almenn símanet og/eða fasta almenna símaþjónustu, vegna meints brots á ákvæðum þessarar tilskipunar, eigi rétt á að leggja mál fyrir innlenda eftirlitsyfirvaldið eða annan óháðan aðila. Koma skal á aðgengilegri og að jafnaði ódýrri málsmeðferð í hverju aðildarríki um sig til að leysa slík deilumál á réttlátan, gagnsæjan og fljótvirkan hátt. Þessi málsmeðferð skal gilda sérstaklega þegar notendur deila við fyrirtæki vegna simareikninga sinna eða vegna þeirra skilmála og skilyrða sem gilda um veitingu símaþjónustu.

Samtök, sem sinna hagsmunum notenda og/eða neytenda, geta vakið athygli innlenda eftirlitsyfirvaldsins, eða annars óháðs aðila, á tilvikum þar sem boðið er upp á símaþjónustu við skilmála og skilyrði sem eru álitin ófullnægjandi fyrir notendur.

- 2) Ef deilumálið tengist fyrirtækjum í fleiri en einu aðildarríki getur notandi eða fyrirtæki gripið til sáttameðferðarinnar, sem kveðið er á um í 3. og 4. lið, með skriflegri tilkynningu til innlenda eftirlitsyfirvaldsins og framkvæmdastjórnarinnar. Aðildarríkin geta einnig heimilað innlendu eftirlitsyfirvaldi sínu að gripa til sáttameðferðarinnar.

- 3) Telji innlenda eftirlitsyfirvaldið eða framkvæmdastjórnin að ástæða sé til frekari rannsóknar á máli, sem tilkynnt er um samkvæmt 2. lið, er hægt að vísa málinu til formanns nefndarinnar um frjálsan netaðgang (ONP-nefndarinnar).

- 4) Við þær aðstæður, sem um getur í 3. lið, skal formaður nefndarinnar um frjálsan netaðgang hefja málsmeðferðina sem er lýst hér á eftir, sé hann sannfærður um að allt hafi verið reynt innanlands sem ætlast má til:

- formaður nefndarinnar um frjálstan netaðgang kallar, eins fljótt og auðið er, saman starfshóp sem í eru minnst tveir nefndarmenn úr nefndinni um frjálstan netaðgang og einn fulltrúi hlutaðeigandi innlendra eftirlitsyfirvalda, ásamt formanni nefndarinnar um frjálstan netaðgang eða öðrum embættismanni framkvæmdastjórnarinnar sem hann tilnefnir. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal gegna formennsku í starfshópnum og skal hópurinn að öðru jöfnu funda innan tíu daga frá því hann er kallaður saman. Formaður starfshópsins getur, að fenginni tillögu einhvers í starfshópnum, ákveðið að bjóða í hæsta lagi tveimur einstaklingum að auki að vera hópunum til ráðgjafar sem sérfræðingar,
- starfshópurinn skal gefa aðilanum, sem gripið hefur til þessarar málsmeðferðar, innlendum eftirlitsyfirvöldum hlutaðeigandi aðildarríkja og hlutaðeigandi fyrirtækjum, tækifæri til að setja fram álit sitt munnlega eða skriflega,
- starfshópurinn skal leitast við að ná samkomulagi milli deiluaðila innan þriggja mánaða frá móttöku tilkynningarinnar sem um getur í 2. lið. Formaður nefndarinnar um frjálstan netaðgang skal tilkynna nefndinni um niðurstöður málsmeðferðarinnar svo hún geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri.

- 5) Sá aðili, sem grípur til þessarar málsmeðferðar, skal sjálfur bera kostnað af þátttökunni.

27. gr.

Frestun á ákveðnum skyldum

1. Frestun á því að staðið sé við skyldur samkvæmt 12. og 13. gr. tilskipunar 95/62/EB skal vera óbreytt með tilliti til 17. og 18. gr. þessarar tilskipunar.
2. Hægt er að óska eftir fresti vegna þeirra skyldna, sem um getur í 4. mgr. 15. gr., ef hlutaðeigandi aðildarríki getur sýnt fram á að þær myndu íþyngja óhóflega tilteknum fjarskiptafyrirtækjum eða hópum fyrirtækja. Aðildarríkið skal greina framkvæmdastjórninni frá ástæðum þess að beðið er um frest, tiltaka hvaða dag hægt verður að uppfylla kröfurnar og fyrirhugaðar ráðstafanir til að standast þá tímaáætlun. Framkvæmdastjórnin skal taka beiðnina til athugunar og taka tillit til séraðstæðna í aðildarríkinu og þess að nauðsynlegt er að tryggja samfellu í reglusetningu í bandalaginu og skal upplýsa aðildarríkið um það hvort hún telji að sérstakar aðstæður í aðildarríkinu réttlæti frestun og, ef svo er, hve lengi sá frestur geti staðið.

28. gr.

Tæknileg aðlögun

Breytingar, sem gera þarf á I., II. og III. viðauka við þessa tilskipun til að laga þá að tækniframförum eða að breytingum á eftirspurn á mörkuðum, skal ákvarða í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 30. gr.

29. gr.

Málsmeðferð í ráðgjafarnefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um frjálstan netaðgang. Nefndin skal einkum hafa samráð við fulltrúa fyrirtækja, sem bjóða fram föst almenn símanet og/eða símaþjónustu sem er öllum aðgengileg, svo og fulltrúa notenda, neytenda og framleiðenda.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögnum, innan þeirra tímamarka sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur.

Álitid skal skráð í fundargerð, þar að auki hefur hvert aðildarríki rétt til að láta bóka afstöðu sína í fundargerðina.

Framkvæmdastjórnin skal taka ítrasta tillit til álits nefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

30. gr.

Málsmeðferð í stjórnsýslunefnd

1. Þrátt fyrir ákvæði 29. gr. skal eftirfarandi málsmeðferð gilda að því er varðar þau atriði sem um ræðir í 28. gr.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögnum innan þeirra tímamarka sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitid skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veða eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

31. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal kanna hvernig til tekst með framkvæmd þessarar tilskipunar og leggja skýrslu um málið fyrir Evrópuþingið og ráðið, í fyrsta sinn eigi síðar en 31. desember 1999, þar sem tekið er tillit til skýrslunnar um altæka þjónustu sem framkvæmdastjórnin mun birta fyrir 1. janúar 1998. Skýrslan skal meðal annars byggja á upplýsingum sem aðildarríkin veita framkvæmdastjórninni og skal einkum fjalla um:

- gildissvið þessarar tilskipunar, einkum að hve miklu leyti er æskilegt að beita ákvæðum hennar þegar um farsíma er að ræða,
- ákvæði II. kafla í ljósi breyttra markaðsaðstæðna, breyttrar eftirspurnar notenda og breytinga á sviði tækniframfara,
- hve lengi ber að viðhalda skuldbindingum, sem eru lagðar á samkvæmt 17., 18. og 19. gr., í ljósi hafinnar samkeppni.

Heimilt er að leggja til frekari reglubundna endurskoðun í skýrslunni ef nauðsyn krefur.

32. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 30. júní 1998. Þau skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um þær.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

33. gr.

Niðurfelling tilskipunar 95/62/EB

Tilskipun 95/62/EB falli hér með úr gildi frá og með 30. júní 1998, með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna um framkvæmd þeirrar tilskipunar samkvæmt tímaáætluninni sem mælt er fyrir um í IV. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun.

Í V. viðauka er samanburðartafla sem sýnir tengsl milli greina tilskipunar 95/62/EB og greina þessarar tilskipunar.

34. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

35. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. febrúar 1998.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. M. GIL-ROBLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

B. ROCHE

forseti.

I. VIÐAUKI

LÝSING Á SÉRÞJÓNUSTU SEM UM GETUR Í 14. OG 15. GR.

1. HLUTI

Sérþjónusta sem um getur í 1. mgr. 14. gr:

- a) *Tónval eða notkun tvítóna-margtíðnisíma (DTMF - dual-tone multifrequency operation)*

Nota má tvítóna-margtíðnisíma í fasta almenna símanetinu til að senda merki til símstöðvar með tónunum eins og skilgreint er í ETSI ETR 207 og nota má sömu tóna til að senda merki enda á milli á netinu, jafnt innan aðildarríkis sem milli aðildarríkja.

- b) *Valvis stöðvun úthringinga*

Um er að ræða sérþjónustu þar sem áskrifandi getur farið þess á leit við veitanda símaþjónustu að skilgreindar úthringingar verði stöðvaðar eða úthringingar í nánar tilgreind númer.

2. HLUTI

Skrá yfir sérþjónustu sem um getur í 1. mgr. 15. gr:

- a) *Númerabirting*

Sá sem hringt er í sér númer þess sem hringir áður en símtalið hefst.

Veita skal þessa sérþjónustu í samræmi við viðeigandi löggjöf um verndun persónuupplýsinga og einkalífs, til dæmis tilskipun 95/46/EB og tilskipun 97/66/EB.

- b) *Bein innhringing (eða sambærileg sérþjónusta)*

Unnt er að hringja beint í notendur tengdra einkasímstöðva (PBX) eða sambærilegra einkakerfa frá fasta almenna símanetinu án ihlutunar þess sem sér um tengdu einkasímstöðina.

- c) *Framsending samtals*

Upphringingar eru sendar á annan viðtökustað í sama aðildarríki eða öðru (þ.e. ef ekki er svarað, er á tali eða skilyrðislaust).

Veita skal þessa sérþjónustu í samræmi við viðeigandi löggjöf um verndun persónuupplýsinga og einkalífs, til dæmis tilskipun 95/46/EB og tilskipun 97/66/EB.

3. HLUTI

Skrá yfir þjónustu og sérþjónustu sem um getur í 2. mgr. 15. gr:

- a) *Aðgangur að grænum númerum/frinúmerum alls staðar í bandalaginu*

Upphringipjónusta, ýmist kölluð græn númer eða frinúmer, þar sem sá sem hringir greiðir ekkert fyrir símtalið.

b) *Kostnaðarskipt þjónusta*

Þjónusta þar sem sá sem hringir greiðir aðeins hluta kostnaðar við að hringja í viðkomandi númer.

c) *Sérþjónusta í öllu bandalaginu á hækkuðu verði*

Þjónusta á hækkuðu verði er sérþjónusta þar sem gjöld fyrir þjónustu um fjarskiptanet eru tengd gjöldum fyrir sjálft samtalið.

d) *Númerabirting í öllu bandalaginu*

Sá sem hringt er í sér númer þess sem hringir áður en samtalið hefst.

Veita skal þessa sérþjónustu í samræmi við viðeigandi löggjöf um verndun persónuupplýsinga og einkalífs, til dæmis tilskipun 95/46/EB og tilskipun 97/66/EB.

e) *Aðgangur að þjónustu talsímavarda í öðrum aðildarríkjum*

Notendur í einu aðildarríki geta hringt í afgreiðslu talsímavarda/upplýsinga í öðru aðildarríki.

f) *Aðgangur að upplýsingaþjónustu í öðrum aðildarríkjum*

Notendur í einu aðildarríki geta hringt í upplýsingaþjónustu í öðru aðildarríki.

Veita skal þessa sérþjónustu í samræmi við viðeigandi löggjöf um verndun persónuupplýsinga og einkalífs, til dæmis tilskipun 95/46/EB og tilskipun 97/66/EB.

*II. VIÐAUKI***EFNISATRÍÐASKRÁ UPPLÝSINGA SEM BIRTA SKALÍ SAMRÆMI VIÐ 11. GR.**

1. HLUTI

Upplýsingar sem ber að láta innlenda eftirlitsfirvaldinu í té í samræmi við 2. mgr. 11. gr.

Tæknilegir eiginleikar netskilflata

Tilgreina ber tæknilega eiginleika skilflata við venjulega nettengipunkta, að meðtöldum tilvísunum í innlenda og/eða alþjóðlega staðla eða tilmæli þar sem við á:

- vegna hliðrænna og/eða stafrænna neta er átt við:
 - a) skilfleti fyrir einlínutengingu;
 - b) skilfleti fyrir marglínutengingu;
 - c) skilfleti fyrir beina innhringingu (DDI);
 - d) aðra algenga skilfleti,
- vegna ISDN-samneta er átt við: (þar sem þau eru boðin fram)
 - a) forskrift vegna skilflata fyrir grunntengingu og frumtengingu við S/T-viðmiðunarpunktana, að meðtalinni merkjakenniskrá;
 - b) nákvæmar upplýsingar um burðarþjónustu sem flutt getur talsímaþjónustu;
 - c) aðra algenga skilfleti,
- og vegna allra annarra algengra skilflata.

Auk upplýsinganna hér að ofan, sem láta ber innlenda eftirlitsfirvaldinu í té reglulega með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr., skulu öll fyrirtæki, sem bjóða fram föst almenn símanet, veita viðkomandi innlendu eftirlitsfirvaldi upplýsingar, án óþarfa tafar, um sérstaka eiginleika netsins sem vitað er að hafa áhrif á það hvort endabúnaðurinn virkar rétt.

Innlenda eftirlitsfirvaldið skal hafa þessar upplýsingar tiltækar handa birgjum endabúnaðar sé þess óskað.

2. HLUTI

Upplýsingar sem ber að birta í samræmi við 3. mgr. 11. gr.

Ath.: Sú ábyrgð hvílir á innlenda eftirlitsfirvaldinu að sjá til þess að upplýsingarnar í þessum viðauka séu birtar í samræmi við 3. mgr. 11. gr. Innlenda eftirlitsfirvaldinu ber að ákveða hvaða upplýsingar fyrirtækin, sem bjóða fram fjarskiptanet og/eða símaþjónustu sem er öllum aðgengileg, skuli birta og einnig það sjálf.

1. Nafn og heimilisfang fyrirtækis/fyrirtækja

Hér er átt við nafn og heimilisfang höfuðstöðva fyrirtækja sem bjóða fram föst almenn fjarskiptanet og/eða símaþjónustu sem er öllum aðgengileg.

2. Framboð símaþjónustu

2.1. *Umfang grunnþjónustu*

Lýsing á grunnsímaþjónustunni sem er í boði, þar sem fram kemur hvað er innifalið í áskriftargjaldi og leigugjaldi (t.d. þjónusta talsímavarða, upplýsingaþjónusta, valvís stöðvun upphringinga, sundurlíðun reikninga, viðhald o.s.frv.).

Lýsing á valkvæðri sérþjónustu og því hvaða þættir símaþjónustunnar eru verðlagðir utan við grunnframboðið, að meðtöldum, eftir því sem við á, videigandi tæknistöðlum eða forskriftum sem gilda um þessa þjónustu.

2.2. *Gjaldskrár*

Þar með talið fyrir aðgang, hvers kyns gjöld fyrir símtöl, viðhald og nákvæmar upplýsingar um afslátt sem er í boði og sértækt og markvisst gjaldskrárfyrirkomulag.

2.3. *Stefna varðandi bætur/endurgreiðslu*

Að meðtöldum einstökum atriðum bóta- eða endurgreiðslukerfa sem kunna að vera í boði.

2.4. *Tegundir viðhaldsþjónustu sem í boði eru*

2.5. *Staðlaðir samningsskilmálar*

Að meðtöldum lágmarkssamningstíma ef einhver er.

3. Skilyrði fyrir tengingu endabúnaðar

Hér skal vera nákvæmt yfirlit yfir kröfur sem eru gerðar til endabúnaðar í samræmi við ákvæði tilskipana 91/263/EBE eða 93/97/EBE⁽¹⁾, að meðtöldum skilyrðum um tengingar á athafnasvæði viðskiptamanns og staðsetningu nettengipunkts ef við á.

4. Takmarkanir á aðgangi og notkun

Hér skulu koma fram allar takmarkanir á aðgangi og notkun sem kunna að vera settar í samræmi við kröfurnar í 13. gr.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 290, 24. 11. 1993, bls. 1.

III. VIÐAUKI

AFGREIÐSLUFRESTUR OG VÍSBENDAR UM GÆÐI ÞJÓNUSTU, SKILGREININGAR OG MÆLIAÐFERÐIR Í SAMRÆMI VIÐ KRÖFURNAR Í 12. GR.

Vísbendar ⁽¹⁾	Skilgreining	Mæliaðferð
afgreiðslufrestur upphaflegrar tengingar	ETSI ETR 138	ETSI ETR 138
bilanatíðni á tengingu	ETSI ETR 138	ETSI ETR 138
biðtími eftir viðgerð	ETSI ETR 138	ETSI ETR 138
hlutfall árangurslausra hringinga	ETSI ETR 138	ETSI ETR 138
bið eftir upphringingu	ETSI ETR 138	ETSI ETR 138
viðbragðstími talsímavarða	ETSI ETR 138	ETSI ETR 138
viðbragðstími upplýsingaþjónustu	eins og fyrir þjónustu talsímavarða	eins og fyrir þjónustu talsímavarða
hlutfall almennra mynt- og kortasímasjálfsala sem eru nothæfir	ETSI ETR 138	ETSI ETR 138
nákvæmni reikninga	(²)	(²)

(¹) Vísbendar ættu að gera kleift að greina frammistöðu svæðisbundið (þ.e. ekki undir 2. stigi í hagskýrslusvæðaflokkuninni (NUTS) sem Hagstofa Evrópubandalaganna (EUROSTAT) hefur komið á).

(²) Nákvæmni reikninga. Stjóðjast ber við innlendar skilgreiningar og mæliaðferðir þar til samkomulag næst um sameiginlega skilgreiningu og mæliaðferð á evrópskum vettvangi.

*IV. VIÐAUKI***TÍMAÁÆTLUN SEM UM GETUR Í 33. GR.**

Frestur sem aðildarríkin hafa til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fara að ákvæðum tilskipunar 95/62/EB:

13. desember 1996.

V. VIÐAUKI

SAMANBURÐARTAFLA

Númer greinar í tilskipun 95/62/EB	Viðfangsefni	Númer greinar í þessari tilskipun
1	Gildissvið og markmið	1
2	Skilgreiningar	2
	Framboð fjarskiptaþjónustu	3
	Viðráðanlegt verð	4
3	Veiting þjónustu, tenging endabúnaðar og notkun netsins	5,9
4	Birting upplýsinga og aðgangur að þeim	11
5	Gæði þjónustu	12
6	Skilyrði fyrir því að hætta megi framboði þjónustu	22
7	Notendasamningar	10
8	Frávik frá birtum skilyrðum	23
9	Veiting viðbótarsérþjónustu	15
10	Sérstakur netaðgangur	16
11	Samtenging	-
12	Meginreglur um gjaldskrár	17
13	Meginreglur um rekstrarbókhald	18
14	Afsláttur og önnur sérstök gjaldskrárákvæði	19
15	Sundurliðaðir reikningar og önnur sérþjónusta	14
16	Upplýsingaþjónusta	6
17	Almennir símasjálfsalar	7
18	Fyrirframgreidd símakort	-
19	Sérstakar ráðstafanir vegna fatlaðra notenda	8
20	Forskriftir vegna netaðgangs, að meðtöldum tenglinum	20
21	Númeraúthlutun	-
22	Aðgangs- og notkunarskilyrði og grunnkröfur	13
23	Ógreiddir reikningar	21
24	Tæknistaðlar	-

Númer greinar í tilskipun 95/62/EB	Viðfangsefni	Númer greinar í þessari tilskipun
25	Ákvæði um samleitni alls staðar í bandalaginu	-
	Samráð	24
26	Tilkynningar og skýrslugerð	25
27	Sáttameðferð og lausn deilumála innanlands	26
28	Frestun	27
29	Tæknileg aðlögun	28
30	Málsmeðferð í ráðgjafarnefnd	29
31	Málsmeðferð í stjórnsýslunefnd	30
32	Endurskoðun	31
33	Lögleiðing	32
	Niðurfelling tilskipunar 95/62/EB	33
34	Gildistaka	34
35	Viðtakendur	35
I. viðauki	Efnisatriðaskrá upplýsinga sem birta skal	II. viðauki
II. viðauki	Afgreiðslufrestur og vísbendar um gæði þjónustu	III. viðauki
III. viðauki	Lýsing á sérþjónustu	I. viðauki

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/46/09

nr. 36/1999
frá 28. apríl 1999

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/1999 frá 29. janúar 1999⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/61/EB frá 24. september 1998 um breytingu á tilskipun 97/33/EB að því er varðar númeraflutning milli fjarskiptafyrirtækja og forval á flutningsaðila⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 5cb (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/33/EB) í XI. viðauka við samninginn á undan aðlögunarliðunum:

„, eins og henni var breytt með:

- **398 L 0061:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/61/EB frá 24. september 1998 (Stjtið. EB L 268, 3.10.1998, bls. 37).“

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/61/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. apríl 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. apríl 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

F Barbato

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 35, 10.2.2000, bls. 37 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 7, 10.2.2000, bls. 44.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 268, 3.10.1998, bls. 37.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 98/61/EB

um breytingu á tilskipun 97/33/EB að því er varðar númeraflutning milli fjarskiptafyrirtækja og forval á flutningsaðila(*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100 gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Framkvæmdastjórnin hefur haft viðtækt almennt samráð á grundvelli grænbókar um númerafyrirkomulag í fjarskiptajónustu í Evrópu.

Í þessu samráði var lögð áhersla á mikilvægi þess að allir markaðsaðilar hefðu jafnan aðgang að númerum, bæði að því er varðar magn og gæði, og á grundvallarþýðingu heppilegra númerakerfa, einkum með tilliti til númera-flutnings og vals á flutningsaðilum, sem eina helstu leiðina til að auka valmöguleika neytenda og virka samkeppni í fjarskiptaumhverfi sem hefur verið gefið frjálst.

Hinn 22. september 1997 samþykkti ráðið ályktun ⁽⁴⁾ þar sem framkvæmdastjórnin er hvött til að leggja tillögur fyrir Evrópuþingið og ráðið um að hraða því að komið verði á númeraflutningi og forvali á flutningsaðila.

Hinn 17. júlí 1997 samþykkti Evrópuþingið ályktun ⁽⁵⁾ þar sem þess var farið á leit við framkvæmdastjórnina að hún legði fram tillögu um breytingu á áður útgefinni tilskipun með það fyrir augum að koma á forvali á flutningsaðila og númeraflutningi.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 268, 3.10.1998, bls. 37, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/1999 frá 28. apríl 1999 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptajónusta) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB C 330, 1. 11. 1997, bls. 19 og Stjtið. EB C 13, 17. 1. 1998, bls. 10.

(2) Stjtið. EB C 73, 9. 3. 1998, bls. 107.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 20. nóvember 1997 (Stjtið. EB C 371, 8. 12. 1997, bls. 180), sameiginleg afstaða ráðsins frá 12. febrúar 1998 (Stjtið. EB C 91, 26. 3. 1998, bls. 42) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 14. maí 1998 (Stjtið. EB C 167, 1. 6. 1998). Ákvörðun ráðsins frá 20. júlí 1998.

(4) Stjtið. EB C 303, 4. 10. 1997, bls. 1.

(5) Stjtið. EB C 286, 22. 9. 1997, bls. 232.

Með hagsmuni neytenda í huga og að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna á innlendum mörkuðum geta innlend eftirlitsyfirvöld hagað málum þannig að fyrirtækjum, sem starfrækja almenn fjarskiptanet án þess að hafa sterka markaðsstöðu, sé einnig gert skylt að bjóða forval á flutningsaðila, með möguleika á að hnekkja forvali fyrir hvert símtal um sig, þegar þetta leggur ekki hlutfallslega of miklar byrðar á slík fyrirtæki og hindrar ekki innkomu nýrra rekstraraðila á markaðinn.

Í samræmi við þetta ber að breyta tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/33/EB frá 30. júní 1997 um samtengingu í fjarskiptum til að tryggja altæka þjónustu og rekstrarsamhæfi með því að beita meginreglum um frjálstan aðgang að netum (ONP) ⁽⁶⁾.

SAMBÝKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr:

Tilskipun 97/33/EB er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi skilgreiningar bætist við í 1. mgr. 2. gr.:

„h) „áskrifandi“: einstaklingur eða löggjafariðgjafi sem hefur gert samning við veitanda fjarskiptajónustu, sem er öllum aðgengileg, um að veita slíka þjónustu;

i) „svæðisnúmer“: númer úr innlendri númeraáætlun þar sem hluti af talnasamsetningunni er landfræðileg vísun sem er notuð til að beina símtölum á eiginlegan nettengipunkt áskrifandans sem hefur verið úthlutað númerinu.“

2. Í stað fyrstu undirgreinar 5. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:

„5. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu hvetja til þess að eins fljótt og auðið er verði komið upp aðstöðu til númeraflutninga milli fjarskiptafyrirtækja sem veitir þeim áskrifendum, sem þess óska, möguleika á því að halda númeri eða númerum sínum á fasta almenna símanetinu og stafræna samþætta þjónustunetinu (ISDN-samnetinu), óháð því hvaða fyrirtæki veitir þjónustuna, á sérstökum stað þegar um er að ræða svæðisnúmer og hvar sem er þegar um er að ræða önnur númer, og sjá til

(6) Stjtið. EB L 199, 26. 7. 1997, bls. 32.

Þess að þessi aðstaða sé fyrir hendi eigi síðar en 1. janúar 2000 eða, í þeim löndum sem hafa fengið lengri frest til aðlögunar, eins fljótt og unnt er eftir það, þó eigi síðar en tveimur árum eftir síðari dagsetningu þegar ákveðið verður að gefa talsímabjónustu frjálsta að fullu.“

3. Eftirfarandi málsgrein bætist við 12. gr:

„7. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu krefjast þess, að minnsta kosti þegar í hlut eiga fyrirtæki sem starfrækja almenn fjarskiptanet samkvæmt 1. hluta I. viðauka og sem innlendu eftirlitsyfirvöldin hafa tilkynnt að hafi sterka markaðsstöðu, að þau veiti áskrifendum sínum, þar á meðal þeim sem nota stafræna samþætta þjónustunetið (ISDN), aðgang að skiptiþjónustu allra samtengdra aðila sem bjóða fram fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg. Þessi aðstaða skal vera fyrir hendi eigi síðar en 1. janúar 2000 eða, í þeim löndum sem hafa fengið lengri frest til aðlögunar, eins fljótt og unnt er eftir það, þó eigi síðar en tveimur árum eftir síðari dagsetningu þegar ákveðið verður að gefa talsímabjónustu frjálsta að fullu, en það gerir áskrifanda kleift að velja þessa þjónustu með forvali sem býður upp á að föstu forvali sé hnekkkt í hverju símtali um sig með því að slá inn stutt forvalsnúmer.

Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að verðlagning samtengingar vegna þessa möguleika sé kostnaðartengd og að bein gjaldtaka af neytendum, ef um slíkt er að ræða, hafi ekki letjandi áhrif á notkun þessa möguleika.“

4. Í stað fyrsta málsliðar í 2. mgr. 20 gr. komi eftirfarandi:

„2. Hægt er að óska eftir fresti vegna þeirra skyldna sem um getur í 5. og 7. mgr. 12. gr. ef hlutadeigandi aðildarríki getur sýnt fram á að þær myndu íþyngja óhóflega tilteknum fyrirtækjum eða flokkum fyrirtækja.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari fyrir 31. desember 1998. Þau skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um þær.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. september 1998.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

Fyrir hönd ráðsins,

J. M. GIL-ROBLES

J. FARNLEITNER

forseti.

forseti.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/46/10

nr. 37/1999
frá 30. mars 1999

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/1999 frá 29. janúar 1999⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/13/EB frá 10. apríl 1997 um sameiginlegan ramma um almennar heimildir og rekstrarleyfi á sviði fjarskiptaþjónustu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Taka ber tilhlýðilegt tillit til sérstöðu Liechtensteins og þeirrar staðreyndar að fjarskiptaþjónusta í Liechtenstein hefur fram að þessu verið veitt samkvæmt einkaréttarsamningum við Sviss.

Aðlaga ber ákvæði er varða þriðju lönd í ákvörðun 97/13/EB vegna samningsins.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 5cb (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/33/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„5cc. **397 L 0013**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/13/EB frá 10. apríl 1997 um sameiginlegan ramma um almennar heimildir og rekstrarleyfi á sviði fjarskiptaþjónustu (Stjtið. EB L 117, 7.5.1997, bls. 15).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) í 2. mgr. 1. gr. og í viðaukanum komi „EES-samningurinn“ í stað orðsins „sáttmáli“, og orðin „einkum 36. og 56. gr.“ lesist „einkum 13. og 33. gr.“;

- b) hvað varðar tengsl við þriðju lönd sem lýst er í 18. gr. tilskipunarinnar gildir eftirfarandi:

1. Með það að markmiði að ná sem mestri samleitni við beitingu reglna um þriðju lönd í tengslum við heimildir og starfsemi samkvæmt leyfum skulu samningsaðilar skiptast á upplýsingum eins og lýst er í 1. mgr. 18. gr. og hafa samráð um málefni er um getur í 2. mgr. 18. gr. innan ramma sameiginlegu EES-nefndarinnar og í samræmi við tilteknar reglur er samþykktar verða af samningsaðilum.

2. Hvenær sem bandalagið semur við þriðja land á grundvelli 2. mgr. 18. gr. til þess að fá sambærileg réttindi fyrir stofnanir sínar skal það kappkosta að fá sömu kjör fyrir stofnanir EFTA-ríkjanna;

- c) í lið 4.7 í viðaukanum við tilskipunina, komi „skuldbindingar bandalagsins eða EFTA-ríkis gagnvart þriðju löndum“ í stað orðanna, skuldbindingar bandalagsins gagnvart þriðju löndum“;

- d) hvað varðar 2. mgr. 3. gr. geta einstök leyfi sem Liechtenstein veitir einnig verið háð sérstökum skilyrðum sem:

- i) gera ráð fyrir óslitinni þjónustu við viðskiptavinum í Liechtenstein sem áður var veitt samkvæmt einkaréttarsamningum við Sviss,

- ii) auðvelda umskiptin úr fyrri einkaréttarsamningum við Sviss með því að koma á kerfi sem grundvallast á samkeppnisútbóði í tengslum við veitingu grundvallarþjónustu (eins og skilgreint er í lögum Liechtensteins frá 20. júní 1996 um fjarskipti) í Liechtenstein,

- iii) taka til greina, í samræmi við EES-lög, kröfur um altæka þjónustu samkvæmt þeim sérstöku aðstæðum sem eiga við um mjög litil net.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 35, 10.2.2000, bls. 37 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 7, 10.2.2000, bls. 44.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 117, 7.5.1997, bls. 15.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/13/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 31. mars 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. mars 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

F. Barbaso

formaður.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 97/13/EB

frá 10. apríl 1997

um sameiginlegan ramma um almennar heimildir og rekstrarleyfi á sviði fjarskiptaþjónustu(*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
57. (2. mgr.), 66. og 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar (2),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b
í sáttmálanum (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi

- 1) Í ályktun ráðsins frá 22. júlí 1993 um endurskoðun aðstæðna á fjarskiptasviðinu og þörfina á frekari þróun þess markaðar (4) og ályktuninni frá 22. desember 1994 um meginreglur og tímaáætlun varðandi afnám hafta á fjarskiptagrunnvirkjum (5) og einnig ályktunum Evrópuþingsins frá 20. apríl 1993, (6), 7. apríl 1995 (7) og 19. maí 1995 (8) er lýst yfir stuðningi við ferli sem miðar að því að fjarskiptaþjónusta og -grunnvirki verði gefin algerlega frjálts fyrir 1. janúar 1998 með aðlögunartíma fyrir tiltekin aðildarríki.
- 2) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 25. janúar 1995 um samráð varðandi grænbókina um afnám hafta á fjarskiptagrunnvirkjum og kapalsjónvarpsnetum er staðfest að þörf sé á reglum á vettvangi bandalagsins til að tryggja að fyrirkomulag við veitingu almennra heimilda og rekstrarleyfa sé byggt á hlutfallsreglunni og sé opið, þannig

að jafnræðis sé gætt og gagnsætt. Í ályktun ráðsins frá 18. september 1995 um setningu rammaákvæða fyrir fjarskipti (9) er viðurkennt að það sé lykilatriði varðandi þessi rammaákvæði í Evrópusambandinu að settar verði, í samræmi við dreifræðisregluna, sameiginlegar meginreglur um fyrirkomulag almennra heimilda og rekstrarleyfa í aðildarríkjunum sem byggist á flokkum þar sem jafnvægi er á milli réttinda og skyldna. Þessar meginreglur skulu gilda um allar heimildir sem er krafist vegna framboðs hvers konar fjarskiptaþjónustu og stofnunar og/eða reksturs hvers konar grunnvirkis sem tengist framboði á fjarskiptaþjónustu.

- 3) Setja ber sameiginlegan ramma um almennar heimildir og rekstrarleyfi sem aðildarríkin veita á sviði fjarskiptaþjónustu. Samkvæmt lögum bandalagsins, einkum tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/388/EBE frá 28. júní 1990 um samkeppni á mörkuðum fyrir fjarskiptaþjónustu (10), ber einungis að takmarka aðgang að markaðinum út frá valviðmiðunum sem eru hlutlægar, þannig að jafnræðis sé gætt, hlutfallslegar og gagnsæjar og taka mið af náttúrulegum takmörkunum, eða á grundvelli úthlutunaraðferða sem innlend eftirlitsyfírvöld sjá um að framkvæma og eru hlutlægar, þannig að jafnræðis sé gætt og gagnsæjar. Í tilskipun 90/388/EBE eru einnig settar meginreglur, meðal annars varðandi gjöld, númer og athafnarétt. Þessari tilskipun er ætlað að auka við og rýmka þessar reglur svo að unnt sé að ákvarða þennan sameiginlega ramma.
- 4) Nauðsynlegt er að binda heimildir skilyrðum svo að unnt sé að ná fram markmiðum í þágu almennings til hagsbóta fyrir notendur fjarskiptaþjónustu. Samkvæmt 52. og 59. gr. sáttmálans skal reglakerfi á sviði fjarskipta vera samrýmanlegt og í samræmi við meginreglur um staðfesturétt og rétt til að veita þjónustu og taka tillit til nauðsynjar þess að auðveldara verði að innleiða nýja þjónustu og breiða út notkun tækninýjunga. Þess vegna skulu þær reglur, sem gilda um almennar heimildir og rekstrarleyfi, vera eins frjálssar og hægt er að komast af með til þess að samrýmast gildandi kröfum. Þess er ekki krafist að aðildarríki taki upp eða viðhaldi sérstöku leyfisveitingarfyrirkomulagi, sérstaklega þar sem framboð fjarskiptaþjónustu eða stofnun og/eða rekstur fjarskiptaneta er ekki háð leyfisveitingarfyrirkomulagi á gildistökuþegi þessarar tilskipunar.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 117, 7.5.1997, bls. 15, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/1999 frá 30. mars 1999 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB nr. C 90, 27. 3. 1996, bls. 5 og Stjtið. EB nr. C 291, 4. 10. 1996, bls. 12.

(2) Stjtið. EB nr. C 204, 15. 7. 1996, bls. 17.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 22. maí 1996 (Stjtið. EB nr. C 166, 10. 6. 1996, bls. 78), sameiginleg afstaða ráðsins frá 9. desember 1996 (Stjtið. EB nr. C 41, 10. 2. 1997, bls. 48) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 20. febrúar 1997 (Stjtið. EB nr. C 88, 17. 3. 1997). Ákvörðun ráðsins frá 6. mars 1997.

(4) Stjtið. EB nr. C 213, 6. 8. 1993, bls. 1.

(5) Stjtið. EB nr. C 379, 31. 12. 1994, bls. 4.

(6) Stjtið. EB nr. C 150, 31. 5. 1993, bls. 39.

(7) Stjtið. EB nr. C 109, 1. 5. 1995, bls. 310.

(8) Stjtið. EB nr. C 151, 19. 6. 1995, bls. 479.

(9) Stjtið. EB nr. C 258, 3. 10. 1995, bls. 1.

(10) Stjtið. EB nr. L 192, 24. 7. 1990, bls. 10, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/19/EB (Stjtið. EB nr. L 74, 22. 3. 1996, bls. 13).

- 5) Þessi tilskipun mun því stuðla mjög að því, sem liður í þróun upplýsingaþjófélagsins, að ný fyrirtæki komi inn á markaðinn.
- 6) Aðildarríkin geta skilgreint og veitt ýmiss konar heimildir. Það ætti ekki að hindra fyrirtæki í því að ákveða hvaða tegund fjarskiptaþjónustu eða -neta þau vilja bjóða fram, svo lengi sem þau fara að öllum settum reglum.
- 7) Til að greiða fyrir því að fjarskiptaþjónusta sé veitt í öllu bandalaginu ber að veita því markaðsaðgangsfyrirkomulagi forgang þar sem hvorki er krafist heimilda né byggt á almennum heimildum en aukið við réttindum og skyldum þar sem krafist er rekstrarleyfa, ef þurfa þykir, á þeim sviðum þar sem ekki er heppilegt að beita almennum heimildum.
- 8) Almennar heimildir veita möguleika á að bjóða fram þjónustu og setja upp og/eða reka net án þess að til þurfi að koma gagnger úrskurður innlenda eftirlitsyfirlagsins. Slikar almennar heimildir geta annaðhvort verið í formi ýmissa sérstakra skilyrða sem eru ákveðin í stórum dráttum fyrirfram, svo sem hópleyfi, eða almennrar löggjafar sem getur heimilað að bjóða fram þjónustu og stofna og/eða reka viðkomandi net.
- 9) Aðildarríkin geta bundið heimildirnar skilyrðum til að tryggja að farið sé að grunnkröfum. Auk þess geta þau bætt við fleiri skilyrðum í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.
- 10) Skilyrði, sem eru bundin við heimildirnar, skulu vera rökstudd á hlutlægan hátt í tengslum við viðkomandi þjónustu og skulu vera þannig að jafnræðis sé gætt, hlutfallsleg og gagnsæ. Heimildir geta verið tæki til að beita skilyrðum sem kveðið er á um í lögum bandalagsins, einkum með tilliti til framboðs neta sem frjáls aðgangur er að.
- 11) Með því að samhæfa málsmeðferðarreglur um veitingu heimilda og skilyrði, sem eru bundin við slíkar heimildir, ætti að vera mun auðveldara að hafa frjálst framboð á fjarskiptaþjónustu í bandalaginu.
- 12) Gjöld eða greiðslur, sem eru lögð á fyrirtæki sem liður í reglum um leyfisveitingar, skulu byggð á viðmiðunum sem eru hlutlægar, þannig að jafnræðis sé gætt og gagnsæjar.
- 13) Ekki skal taka upp rekstrarleyfarkerfi nema í afmörkuðum tilvikum sem eru skilgreind fyrirfram. Aðildarríkin geta ekki takmarkað fjölda rekstrarleyfa í neinum flokki fjarskiptaþjónustu nema að því marki sem er nauðsynlegt til að tryggja skilvirka notkun á útvarpstíðni eða svo lengi sem þörf krefur til að sjá fyrir framboði á nægilega mörgum númerum í samræmi við lög bandalagsins.
- 14) Aðildarríkjunum skal vera heimilt að setja þeim fyrirtækjum sérstök skilyrði sem hafa sterka markaðsstöðu og bjóða fram almenn fjarskiptanet og -þjónustu. Markaðsstaða fyrirtækis er skilgreind í ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins um samtengingu í fjarskiptum til að tryggja altæka þjónustu og rekstrarsamhæfi með því að beita meginreglum um frjálsan aðgang að netum (ONP) (hér á eftir kölluð „samtingartilskipunin“).
- 15) Fjarskiptaþjónusta hefur hlutverki að gegna við að auka félagslega og efnahagslega samheldni, meðal annars með því að stuðla að því að altækri þjónustu sé komið á, einkum á svæðum sem eru einangruð, afskekkt, án aðgangs að sjó eða í dreifbýli og á eyjum. Því ættu aðildarríkin að geta krafist skuldbindinga um altæka þjónustu í formi rekstrarleyfa sem skylda leyfishafa til að veita altæka þjónustu. Fjárhagsskuldbindingar í tengslum við altæka þjónustu réttlæta ekki kröfur um rekstrarleyfi.
- 16) Til að auðvelda fyrirtækjum að sækja um rekstrarleyfi í fleiri en einu aðildarríki og til að einfalda tilkynningarreglurnar, þegar um almennar heimildir er að ræða, ber að taka upp „einnarviðkomuaðferð“.
- 17) Innendum eftirlitsyfirvöldum ber, til að koma til móts við viðskiptalegar þarfir, að kappkosta eftir föngum í tengslum við einnarviðkomuaðferðina að stytta þann tíma sem það tekur að taka ákvörðun um veitingu rekstrarleyfa vegna tiltekinna tegunda þjónustu.
- 18) Koma skal „einnarviðkomuaðferðinni“ á með fyrirvara um innlend ákvæði um það hvaða tungumál skuli nota þegar viðkomandi málsmeðferð er beitt.
- 19) Með þessari tilskipun er að nokkru leyti kveðið á um samhæfða málsmeðferð. Frekari samhæfing gæti verið æskileg til að samþætta fjarskiptamarkaðinn betur. Æskilegt er að framkvæmdastjórnin taki afstöðu til þessa möguleika í skýrslunni sem hún mun gera.
- 20) Í sérhverju leyfisveitingarkerfi ætti að taka tillit til stofnunar samevrópskra fjarskiptaneta sem gert er ráð fyrir í XII. bálki sáttmálans. Í því augnamiði skulu aðildarríkin tryggja að innlend eftirlitsyfirvöld þeirra samræmi, eftir því sem hægt er, málsmeðferð sína við leyfisveitingar að beiðni fyrirtækis sem ætlar sér að veita fjarskiptaþjónustu eða koma á fót og/eða reka fjarskiptanet í fleiri en einu aðildarríki.
- 21) Fyrirtæki í bandalaginu skulu hafa skilvirkan og sambærilegan aðgang að mörkuðum þriðju landa og njóta svipaðrar meðferðar þar og þeim fyrirtækjum stendur til boða í bandalaginu sem eru að öllu leyti í eigu, í meirihlutaeigu eða er í reynd stjórnað af ríkisborgurum þriðju landanna sem um er að ræða.

- 22) Koma skal á fót nefnd til að aðstoða framkvæmdastjórnina.
- 23) Þar sem upplýsingar, sem innlend eftirlitsyfirvöld kunna að fá í tengslum við útgáfu, umsýslu og framkvæmd leyfa, geta verið sérlega viðkvæmar í viðskiptalegu tilliti er nauðsynlegt að innleiða sameiginlegar meginreglur fyrir innlend eftirlitsyfirvöld í tengslum við trúnaðarkvaðir. Á hinn bóginn er þess krafist í lögum bandalagsins, einkum 214. gr. sáttmálans, að aðilar að stofnunum bandalagsins, nefndarmenn og embættismenn og aðrir starfsmenn bandalagsins séu bundnir þagnarskyldu, sem helst enda þótt þeir láti af störfum, um vitneskju sem eðli máls samkvæmt á að fara leynt í starfi þeirra, einkum á þetta við um fyrirtæki, viðskiptatengsl þeirra og kostnaðarþætti.
- 24) Eftir hæfilegan tíma ber að athuga hvernig til hefur tekist með framkvæmd þessarar tilskipunar með tilliti til þróunar á fjarskiptasviðinu og þróunar samevrópskra neta og einnig í ljósi þeirrar reynslu sem hefur fengist af samhæfingar- og einnarviðkomuáðferðum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.
- 25) Samþykkt þessarar tilskipunar kemur, á grundvelli rammaákvæða þar sem samkeppni er beitt til fulls með það fyrir augum að ná því meginmarkmiði að tryggja þróun innri markaðarins á fjarskiptasviðinu og ekki síst frjálst framboð fjarskiptaþjónustu og -neta í bandalaginu öllu, til með að stuðla að því að þetta markmið náist. Aðildarríkin skulu taka upp þennan sameiginlega ramma, einkum með atbeina innlendra eftirlitsyrvalda.
- 26) Þessi tilskipun gildir bæði um núverandi heimildir og heimildir sem verða veittar framvegis. Tiltekin leyfi hafa verið veitt fyrir tímabil sem ná fram yfir 1. janúar 1999. Ákvæði í slíkum heimildum, sem stangast á við lög bandalagsins, einkum þau sem veita leyfishöfum sérstök réttindi eða einkarétt, eru, samkvæmt fordæmisrétti dómstólsins, ógild frá og með þeim degi sem er tiltekinn í viðkomandi ráðstöfunum bandalagsins. Að því er varðar önnur réttindi, sem hafa ekki áhrif á hagsmuni annarra fyrirtækja samkvæmt lögum bandalagsins, geta aðildarríkin framlengt gildistíma þeirra til að komast hjá bótakröfum.
- 27) Meginreglan er sú að skuldbindingar í tengslum við heimildir, sem eru í gildi á gildistökudegi þessarar tilskipunar og hafa ekki verið lagaðar að ákvæðum þessarar tilskipunar hinn 1. janúar 1999, falla úr gildi. Framkvæmdastjórnin getur veitt aðildarríkjunum aukinn frest óski þau eftir því.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. ÞÁTTUR

GILDISSVIÐ, SKILGREININGAR OG MEGINREGLUR

1. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun fjallar um málsmeðferðarreglur um veitingu heimilda í tengslum við framboð á fjarskiptaþjónustu og skilyrði sem eru bundin við slíkar heimildir, þar á meðal heimildir til að setja upp og/eða starfrækja fjarskiptanet sem eru nauðsynleg til að hægt sé að bjóða fram slíka þjónustu.

2. Þessi tilskipun er með fyrirvara um sérstakar reglur sem aðildarríkin hafa samþykkt í samræmi við lög bandalagsins og gilda um dreifingu hljóð- og myndmiðlunarefnis sem er ætlað almenningi og innihald slíks efnis. Hún er einnig með fyrirvara um ráðstafanir sem aðildarríkin hafa gert á sviði varnarmála og ráðstafanir sem aðildarríkin hafa gert til almannaheilla, samanber ákvæði sáttmálans, einkum 36. og 56. gr., sérstaklega í tengslum við almennt siðferði, almannaöryggi, þar á meðal rannsókn á refsiverðu athæfi, og allsherjarreglu.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „heimild“: hvers kyns heimild þar sem gerð er grein fyrir réttindum og skyldum sem gilda sérstaklega um fjarskiptasviðið og sem gerir fyrirtækjum kleift að veita fjarskiptaþjónustu og, þar sem við á, að setja á stofn og/eða reka fjarskiptanet til að veita slíka þjónustu, í formi „almennra heimilda“ eða „rekstrarleyfa“ eins og skilgreint er hér á eftir:

- „almenn heimild“: heimild, óháð því hvort hún er veitt á grundvelli „höpleyfis“ eða almennra laga og óháð því hvort í reglunum er krafist skráningar, sem er þess eðlis að viðkomandi fyrirtæki þarf ekki að fá gagngeran úrskurð frá innlenda eftirlitsyrvaldinu áður en það getur neytt réttarins sem heimildin veitir,

- „rekstrarleyfi“: leyfi sem innlenda eftirlitsyrvaldið gefur út og veitir fyrirtæki tiltekin réttindi eða bindur starfsemi fyrirtækisins ákveðnum skilmálum, eftir atvikum umfram það sem fram kemur í almennu heimildinni, þannig að fyrirtækinu er ekki heimilt að nýta sér viðkomandi réttindi fyrr en því hefur borist úrskurður innlenda eftirlitsyrvaldsins;

- b) „innlent eftirlitsyfirvald“: sá aðili eða aðilar, sem eru bæði lagalega aðgreindir frá og starfa óháð fjarskiptafyrirtækjunum, sem hafa fengið það hlutverk í aðildarríkinu að veita heimildir og hafa eftirlit með því að skilyrðum þeirra sé framfylgt;
- c) „einnarviðkomuaðferð“: málsmeðferð sem auðveldar það að fá útgefið rekstrarleyfi frá fleiri en einu eftirlitsyfirvaldi eða, þegar um er að ræða almennar heimildir og sé þess krafist, að tilkynna um viðkomandi starfsemi til fleiri en eins innlends eftirlitsyfirvalds með samræmdri málsmeðferð og á einum stað;
- d) „grunnkröfur“: ástæður sem varða almannaheill án þess að vera efnahagslegs eðlis og geta valdið því að aðildarríki setji skilyrði fyrir uppsetningu og/eða rekstri fjarskiptanets eða framboði almennrar fjarskiptaþjónustu. Þessar ástæður varða rekstraröryggi netsins, samstæði þess og, í rökstuddum tilvikum, rekstrarsamhæfi þjónustugreina, verndun gagna, verndun umhverfis og skipulag bæja og sveita svo og skilvirka notkun tíðnisviðsins og það að forðast skaðlegar rafsegultruflanir milli fjarskiptakerfa, sem nota útvarpstíðni, og annarra kerfa í geimnum eða á jörðu niðri. Verndun gagna getur tekið til verndunar persónuupplýsinga, trúnaðar á upplýsingum sem sendar eru eða geymdar, svo og til verndunar einkalífsins.

2. Að öðru leyti gilda skilgreiningarnar í tilskipun ráðsins 90/387/EBE frá 28 júní 1990 um myndun innri markaðar fyrir fjarskiptaþjónustu með því að koma á frjálsum aðgangi að netum ⁽¹⁾ og samtengingartilskipuninni, þegar við á, að því er varðar þessa tilskipun.

3. gr.

Meginreglur um heimildir

1. Þegar aðildarríkin gera framboð fjarskiptaþjónustu háð heimild skal veiting slíkrar heimildar og skilyrðin, sem verða bundin við hana, vera í samræmi við meginreglurnar sem eru settar fram í 2., 3. og 4. mgr.
2. Í heimildum mega einungis vera þau skilyrði sem eru talin upp í viðaukanum. Auk þess skulu slík skilyrði vera rökstudd á hlutlægan hátt í tengslum við viðkomandi þjónustu og vera þannig að jafnræðis sé gætt, gagnsæ og hlutfallsleg.
3. Aðildarríkin skulu tryggja að hægt sé að bjóða fjarskiptaþjónustu og/eða fjarskiptanet, hvort heldur sem er án heimildar eða á grundvelli almennra heimilda, á þann hátt að unnt sé bæta við réttindum og skyldum, ef þurfa þykir, sem útheimtir að hver umsókn um sig sé metin og eitt eða fleiri rekstrarleyfi gefin út. Aðildarríkin geta einungis gefið út rekstrarleyfi ef leyfishafinn fær aðgang að takmörkuðum efnislegum eða annars konar föngum eða tekur á sig sérstakar skuldbindingar eða nýtur sérstakra réttinda, samanber ákvæði III. þáttar.

4. Aðildarríkin skulu, við uppbyggingu og framkvæmd leyfisveitingarkerfa sinna, greiða fyrir því að fjarskiptaþjónusta sé boðin fram á milli aðildarríkja.

II. ÞÁTTUR

ALMENNAR HEIMILDIR

4. gr.

Skilyrði sem eru bundin við almennar heimildir

1. Þegar aðildarríkin ákveða að almenna heimild þurfi til að bjóða fram fjarskiptaþjónustu má, þegar ástæða er til, binda slíkar heimildir þeim skilyrðum sem eru sett fram í 2. og 3. lið í viðaukanum. Málsmeðferðin við slíkar heimildir skal vera eins litt íþyngjandi og unnt er en skal engu að síður tryggja að viðkomandi grunnkröfur og aðrar kröfur til almannaheilla, sem lýst er í 2. og 3. lið viðaukans, séu uppfylltar.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að skilyrðin, sem eru bundin við almennar heimildir, séu birt á viðeigandi hátt til þess að hagsmunaaðilar eigi greiðan aðgang að upplýsingum þar að lútandi. Tilkynna skal um það í stjórnartíðindum viðkomandi aðildarríkis og í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* hvar slíkar upplýsingar eru birtar.

3. Aðildarríkin geta að vissu marki og í vel rökstuddum tilvikum breytt skilyrðunum sem eru bundin við almenna heimild. Ef þau hyggjast gera það skulu þau tilkynna þau áform sín með hæfilegum fyrirvara og gefa hagsmunaaðilum kost á að láta í ljós álit sitt á fyrirhuguðum breytingum.

5. gr.

Málsmeðferð fyrir almennar heimildir

1. Með fyrirvara um ákvæði III. þáttar skulu aðildarríkin ekki hindra það að fyrirtæki, sem uppfyllir skilyrðin sem eru bundin við almenna heimild samkvæmt 4. gr., bjóði fram fyrirhugaða fjarskiptaþjónustu og/eða fjarskiptanet.

2. Aðildarríkin geta krafist þess að áður en fyrirtæki með almenna heimild býður fram fjarskiptaþjónustu og/eða fjarskiptanet láti það innlent eftirlitsyfirvald vita af fyrirætlun sinni og sendi upplýsingar um viðkomandi þjónustu sem telja verður nauðsynlegar til að tryggja að farið sé að gildandi skilyrðum samkvæmt 4. gr. Fyrirtækið getur þurft að biða í allt að fjórar vikur eftir að tekið hefur verið við tilskildum upplýsingum, birtum í samræmi við 4. gr., áður en það getur hafið þjónustuna sem almenna heimildin gildir um.

3. Ef fyrirtæki, sem hyggst starfa samkvæmt almennri heimild, uppfyllir ekki skilyrði fyrir slíkri heimild samkvæmt 4. gr., getur innlenda eftirlitsyfirvaldið tilkynnt viðkomandi fyrirtæki að því sé óheimilt að nýta sér almennu heimildina og/eða að vissu marki

(¹) Stjtið. EB nr. L 192, 24. 7. 1990, bls. 1.

gert sérstakar ráðstafanir gagnvart því fyrirtæki með það í huga að tryggja að farið sé að skilyrðunum. Jafnframt skal innlenda eftirlitsfirvaldið veita viðkomandi fyrirtæki nægilegt svigrúm til að láta í ljós álit sitt á því hvernig skilyrðunum er beitt og til að bæta fyrir brot innan eins mánaðar frá því að innlenda eftirlitsfirvaldið grípur inn í. Ef viðkomandi fyrirtæki bætir fyrir brot sin skal innlenda eftirlitsfirvaldið eftir atvikum ógilda eða breyta ákvörðun sinni innan tveggja mánaða frá fyrsta inngripi sínu og greina frá ástæðunum fyrir því. Ef viðkomandi fyrirtæki bætir ekki fyrir brot sin skal innlenda eftirlitsfirvaldið, innan tveggja mánaða frá fyrsta inngripi sínu, staðfesta ákvörðun sína og greina frá ástæðunum fyrir því. Ákvörðunin skal send viðkomandi fyrirtæki áður en vika er liðin frá því að hún er tekin. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um málsmeðferð fyrir áfrýjun slíkar ákvörðunar til stofnunar sem er óháð innlenda eftirlitsfirvaldinu.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsingar um málsmeðferð vegna almennra heimilda séu birtar á viðeigandi hátt til þess að hagsmunaaðilar eigi greiðan aðgang að upplýsingum þar að lútandi. Tilkynna skal um það í stjórnartíðindum viðkomandi aðildarríkis og í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* hvar slíkar upplýsingar eru birtar.

6. gr.

Gjöld og greiðslur vegna málsmeðferðar fyrir almennar heimildir

Með fyrirvara um fjárframlög til að veita altæka þjónustu í samræmi við viðaukann skulu aðildarríkin tryggja að gjöld, sem eru lögð á fyrirtæki sem liður í málsmeðferð við leyfisveitingu, miðist eingöngu við það að þau nægi fyrir stjórnunarkostnaði í tengslum við umsýslu, eftirlit með og framkvæmd gildandi fyrirkomulags vegna almennra heimilda. Birta skal upplýsingar um slík gjöld á viðeigandi hátt og nægilega sundurliðaðar þannig að auðvelt sé að nálgast þær.

III. ÞÁTTUR

REKSTRARLEYFI

7. gr.

Gildissvið

1. Aðildarríkin geta einungis gefið út rekstrarleyfi af eftirfarandi ástæðum:

- a) til að veita leyfishafa aðgang að útvarpstíðni eða númerum;
- b) til að veita leyfishafa sérstakan rétt að því er varðar aðgang að landi í almennings- eða einkaeygu;

c) til að leggja kvaðir á leyfishafa og gera kröfur til hans í tengslum við skyldubundið framboð fjarskiptaþjónustu og/ eða fjarskiptaneta til almennings, þar á meðal kvaðir um að leyfishafi veiti altæka þjónustu og aðrar kvaðir samkvæmt lögum um frjálsan aðgang að netum;

d) til að leggja sérstakar kvaðir á leyfishafa með sterka markaðsstöðu, í samræmi við samkeppnisreglur bandalagsins eins og skilgreint er í 3. mgr. 4. gr. samtengingartilskipunarinnar í tengslum við framboð almennra fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. getur þurft rekstrarleyfi til að bjóða fram talsimaþjónustu sem er öllum aðgengileg, setja upp og bjóða fram almenn fjarskiptanet svo og önnur net þar sem útvarpstíðni er notuð.

8. gr.

Skilyrði sem eru bundin við rekstrarleyfi

1. Til viðbótar skilyrðunum, sem eru sett vegna almennra heimilda, má í rökstuddum tilvikum binda rekstrarleyfi skilyrðunum sem eru tilgreind í 2. og 4. lið viðaukans.

Slík skilyrði mega einungis tengjast aðstæðum, sem liggja til grundvallar slíku leyfi, eins og skilgreint er í 7. gr.

2. Aðildarríkin geta felld skilmála sem gilda um almennar heimildir inn í rekstrarleyfi með því að binda rekstrarleyfin skilyrðum sem fram koma í viðaukanum.

Óheimilt er að takmarka eða bæta við réttindi eða skilyrði, sem eru bundin við almenna heimild, með því að veita rekstrarleyfi, nema í vel rökstuddum tilvikum og að vissu marki, einkum þegar um er að ræða skuldbindingar sem tengjast veitingu altækra þjónustu og/ eða eftirliti með sterkri markaðsstöðu eða skuldbindingar sem tengjast tilboðum þegar um er að ræða samanburðarútboð.

3. Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um 20. gr., tryggja að upplýsingar um skilyrði, sem verða bundin við rekstrarleyfi, séu birtar á viðeigandi hátt til að tryggja greiðan aðgang að upplýsingunum. Tilkynna skal um það í stjórnartíðindum viðkomandi aðildarríkis og í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* hvar slíkar upplýsingar eru birtar.

4. Aðildarríkin geta að vissu marki og í vel rökstuddum tilvikum breytt skilyrðunum sem eru bundin við rekstrarleyfi. Ef þau hyggjast gera það skulu þau tilkynna þau áform sín með hæfilegum fyrirvara og gefa hagsmunaaðilum kost á að láta í ljós álit sitt á fyrirhuguðum breytingum.

9. gr.

Málsmeðferð við veitingu rekstrarleyfa

1. Þegar aðildarríkin veita rekstrarleyfi skulu þau tryggja að upplýsingar um málsmeðferð við veitingu þeirra séu birtar á viðeigandi hátt svo að auðvelt sé að nálgast þær.

Tilkynna skal um það í stjórnartíðindum viðkomandi aðildarríkis og í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* hvar slíkar upplýsingar eru birtar.

2. Þegar aðildarríki hyggst veita rekstrarleyfi skal það:

- veita rekstrarleyfið samkvæmt málsmeðferð sem er opin, þannig að jafnræðis sé gætt og gagnsæ og í því augnamiði skal það beita sömu málsmeðferð gagnvart öllum umsækjendum, nema rík ástæða sé fyrir mismunun, og
- setja hæfileg tímamörk; meðal annars skal það upplýsa umsækjandann um ákvörðun sína eins fljótt og unnt er og eigi síðar en sex vikum eftir viðtöku umsóknarinnar. Aðildarríkin geta, í ákvæðum sem eru samþykkt til framkvæmdar þessari tilskipun, lengt þennan frest í allt að fjóra mánuði í vel rökstuddum tilvikum sem hafa verið sérstaklega skilgreind í umræddum ákvæðum. Einkum þegar um er að ræða samanburðarútböð geta aðildarríkin lengt frestinn í allt að fjóra mánuði. Þessi tímamörk skulu vera með fyrirvara um hvers konar gildandi alþjóðasamninga um samræmingu tíðni og gervihnattastarfsemi á alþjóðavísu.

3. Öll fyrirtæki, sem uppfylla skilyrðin sem aðildarríkin ákveða og birta í samræmi við viðeigandi ákvæði þessarar tilskipunar, eiga rétt á að fá rekstrarleyfi, samanber þó 1. mgr. 10. gr. Ef fyrirtæki, sem sækir um rekstrarleyfi, veitir ekki þær upplýsingar, sem réttmætt er að krefjast til að sýna að það uppfylli skilyrðin sem eru sett í samræmi við viðeigandi ákvæði þessarar tilskipunar, getur innlent eftirlitsyfirvald þó synjað um veitingu rekstrarleyfis.

4. Ef leyfishafi rekstrarleyfis fullnægir ekki skilyrðunum sem eru bundin við leyfið, í samræmi við viðeigandi ákvæði þessarar tilskipunar, getur innlenda eftirlitsyfirvaldið afturkallað, breytt eða fellt tímabundið niður rekstrarleyfi eða að vissu marki gert sérstakar ráðstafanir með það í huga að tryggja að farið sé að skilyrðunum. Jafnframt skal innlenda eftirlitsyfirvaldið veita viðkomandi fyrirtæki nægilegt svigrúm til að láta í ljós álit sitt á því hvernig skilyrðunum er beitt og til að bæta fyrir brot innan eins mánaðar frá því að innlenda eftirlitsyfirvaldið gripur inn í, nema um sé að ræða endurtekin brot af hálfu téðs fyrirtækis þar sem innlent eftirlitsyfirvald getur án tafar gert viðeigandi ráðstafanir. Ef viðkomandi fyrirtæki bætir fyrir brot sín skal innlenda eftirlitsyfirvaldið eftir atvikum ógilda eða breyta ákvörðun sinni innan tveggja mánaða frá fyrsta inngripi sínu og greina frá ástæðunum fyrir því. Ef viðkomandi fyrirtæki bætir ekki fyrir brot sín skal innlenda eftirlitsyfirvaldið, innan tveggja

mánaða frá fyrsta inngripi sínu, staðfesta ákvörðun sína og greina frá ástæðunum fyrir því. Ákvörðunin skal send viðkomandi fyrirtæki áður en vika er liðin frá því að hún er tekin. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um málsmeðferð fyrir áfrýjun slíkrar ákvörðunar til stofnunar sem er óháð innlenda eftirlitsyfirvaldinu.

5. Ef skaðleg truflun verður á milli fjarskiptanets, þar sem notuð er útvarpstíðni, og annarra tæknilegra kerfa getur innlent eftirlitsyfirvald brugðist við fyrirvaralaust til að ráða bót á þeim vanda. Í slíkum tilvikum skal viðkomandi fyrirtæki fá nægilegt svigrúm eftir á til að láta álit sitt í ljós og gera tillögur um úrbætur vegna hinnar skaðlegu truflunar.

6. Aðildarríki, sem neita að veita eða afturkalla, breyta eða fella niður tímabundið rekstrarleyfi, skulu tilkynna viðkomandi fyrirtæki um ástæður þess. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um viðeigandi málsmeðferð fyrir áfrýjun slíkrar neitunar, afturkollunar, breytingar eða tímabundinnar niðurfellingar til stofnunar sem er óháð innlenda eftirlitsyfirvaldinu.

10. gr.

Takmörkun á fjölda rekstrarleyfa

1. Aðildarríkin geta takmarkað fjölda rekstrarleyfa í hvaða flokki fjarskiptaþjónustu sem er og fyrir uppsetningu og/eða rekstur fjarskiptaþjónunnar, en einungis að því marki sem er nauðsynlegt til að tryggja skilvirka notkun á útvarpstíðni eða svo lengi sem þörf krefur til að tryggja framboð á nægilega mörgum númerum í samræmi við lög bandalagsins.

2. Ef aðildarríki hyggst takmarka fjölda rekstrarleyfa, sem eru veitt í samræmi við 1. mgr., skal það:

- taka tilhlýðilegt tillit til þess að þjónustan nýtist notendum sem best og að samkeppni geti þróast eðlilega,
- gera öllum hagsmunaaðilum kleift að láta í ljós álit sitt á þeim takmörkunum sem settar eru,
- birta ákvörðun sína um að takmarka rekstrarleyfi og ástæður fyrir því,
- endurskoða takmarkanir með hæfilegu millibili,
- hvetja til umsókna um leyfi.

3. Aðildarríki skulu veita slík rekstrarleyfi á grundvelli valviðmiðana sem skulu vera hlutlægar, þannig að jafnræðis sé gætt, ítarlegar, gagnsæjar og hlutfallslegar. Við slíkt val verður að leggja nægilega áherslu á nauðsyn þess að stuðla að þróun samkeppni og að bæta hag notenda sem mest.

Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsingar um slíkar valviðmiðanir séu birtar fyrirfram á viðeigandi hátt til að tryggja greiðan aðgang að upplýsingunum. Tilkynna skal um það í stjórnartíðindum

viðkomandi aðildarríkis og í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* hvar slíkar upplýsingar eru birtar.

4. Ef aðildarríki kemst að þeirri niðurstöðu, annaðhvort að eigin frumkvæði eða í framhaldi af fyrirspurn frá fyrirtæki, að hægt sé að fjölga rekstrarleyfum, annaðhvort við gildistöku þessarar tilskipunar eða síðar, skal það birta auglýsingu þess efnis og hvetja til þess að sótt verði um þau leyfi sem bæstast við.

11. gr.

Gjöld og greiðslur vegna rekstrarleyfa

1. Aðildarríkin skulu tryggja að gjöld, sem eru lögð á fyrirtæki sem liður í málsmeðferð við leyfisveitingu, miðist eingöngu við það að þau nægi fyrir stjórnunarkostnaðinum í tengslum við umsýslu, eftirlit með og framkvæmd gildandi fyrirkomulags við rekstrarleyfi. Gjöld vegna rekstrarleyfis skulu vera í réttu hlutfalli við framlagða vinnu og skulu upplýsingar þar um birtar með viðeigandi hætti og nægilega sundurliðaðar til að auðvelt sé að nálgast þær.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríkin, ef um náttúrulegar takmarkanir er að ræða, veitt innlendum eftirlitsyfirvöldum heimild til að taka greiðslu sem tryggir hámarksnýtingu þessara náttúrulegu fanga. Þessar greiðslur skulu vera þannig að jafnræðis sé gætt og að tekið sé tillit til mikilvægis þess að fram komi nýjungar í þjónustu og samkeppni.

IV. ÞÁTTUR

FRAMBOÐ FJARSKIPTAÞJÓNUSTU Í ÖLLU BANDALAGINU

12. gr.

Samhæfing

1. Þegar nauðsyn krefur skal samhæfa skilyrðin sem eru bundin við almennar heimildir og málsmeðferðarreglurnar fyrir almennar heimildir.

Með samhæfingu þessara skilyrða og málsmeðferðarreglnanna skal stefnt að því að þróa kerfi, sem er eins lítt íþyngjandi og kostur er og tryggir samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, einkum 3., 4. og 5. gr. og við viðeigandi grunnkröfur og aðrar kröfur til almannaheilla sem fram koma í 1. 2. og 3. lið viðaukans.

Samhæfingin skal enn fremur miða að því að skapa jafnvægi milli réttinda og skyldna fyrirtækja sem starfa samkvæmt heimildum.

2. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 16. gr., veita Samtökum póst- og símastjórna í Vestur-Evrópu (CEPT), Evrópunefnd um starfsreglur á fjarskiptasviðinu (ECTRA), Samtökum póst- og símastjórna í Vestur-Evrópu (CEPT) / Evrópunefnd um þráðlaus fjarskipti

(ERC), eða öðrum samhæfingaraðilum sem málið varðar, umboð. Í þessum umboðum skal skilgreint hvaða verkefni á að leysa og hvaða flokka almennra heimilda á að samhæfa auk þess sem mælt skal fyrir um tímaáætlun fyrir vinnuna sem fer í að samhæfa skilyrðin og málsmeðferðarreglurnar.

3. Á grundvelli þeirrar vinnu sem fer fram samkvæmt 2. mgr., og með fyrirvara um 7. gr., skal samþykkja ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 17. gr., þess efnis að samhæfðar almennar heimildir gildi.

13. gr.

Einnarviðkomuaðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal, þegar við á og í samráði við Samtök póst- og símastjórna í Vestur-Evrópu (CEPT) / Evrópunefnd um starfsreglur á fjarskiptasviðinu (ECTRA) og Samtök póst- og símastjórna í Vestur-Evrópu (CEPT) / Evrópunefnd um þráðlaus fjarskipti (ERC), gera nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr., til að taka upp einnarviðkomuaðferð í tengslum við veitingu rekstrarleyfa og tilkynningarreglur þegar um er að ræða almennar heimildir, þar á meðal heppilegt fyrirkomulag við umsýslu alla. Birta skal upplýsingar um einnarviðkomuaðferðina í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

2. Einnarviðkomuaðferðin skal vera í samræmi við eftirfarandi skilyrði:

- hún skal vera opin öllum fyrirtækjum sem óska eftir að veita fjarskiptaþjónustu í bandalaginu;
- mögulegt skal vera að leggja fram umsóknir og tilkynningar og tilnefna skal einn eða fleiri aðila sem hægt er að senda umsóknir og tilkynningar til;
- þegar um er að ræða rekstrarleyfi skulu aðilarnir, sem umsóknir eru sendar til, senda þær áfram til viðkomandi innlendra eftirlitsyfirvalda innan sjö virkra daga frá formlegri viðtöku þeirra.

Þegar um er að ræða almennar heimildir skulu aðilarnir, sem tilkynningar eru sendar til, senda þær áfram til viðkomandi innlendra eftirlitsyfirvalda innan tveggja virkra daga frá formlegri viðtöku þeirra;

- þegar um er að ræða rekstrarleyfi skulu viðkomandi innlend eftirlitsyfirvöld taka ákvörðun um veitingu slíkra leyfa innan þeirra tímamarka sem um getur í 2. mgr. 9. gr. Þau skulu greina bæði umsækjanda og aðilum, sem umsóknin var send til, um ákvörðun sína innan einnar viku frá því að ákvörðun er tekin.

Þegar um er að ræða almennar heimildir skulu viðkomandi innlend eftirlitsyfirvöld virða þau tímamörk sem um getur í 2. mgr. 5. gr.;

- e) ákvæði 9. gr. og 5. gr. skulu gilda annars vegar um umsóknir um rekstrarleyfi og hins vegar um tilkynningar samkvæmt einnarviðkomuáðferð;
- f) aðilar, sem senda má umsóknir og tilkynningar til, skulu árlega gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um reynsluna af einnarviðkomuáðferðinni, þar á meðal upplýsingar um synjun umsókna og andmæli gegn tilkynningum;
- g) þeir aðilar, sem einnarviðkomuáðferðin varðar, skulu virða þær trúnaðarkvaðir sem um getur í 20. gr.

V. ÞÁTTUR

LEYFISVEITINGARNEFND

14. gr.

Stofnun leyfisveitingarnefndar

Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar. Nefndin nefnist leyfisveitingarnefndin (hér á eftir kölluð „nefndin“).

15. gr.

Upplýsingaskipti

Framkvæmdastjórnin skal, ef með þarf, greina nefndinni frá árangrinum af reglulegu samráði við fulltrúa fjarskiptafyrirtækja, notendur, neytendur, framleiðendur, þjónustuveitendur og stéttarfélag.

Auk þess skal nefndin, að teknu tilliti til stefnu bandalagsins í fjarskiptamálum, hvetja til upplýsingaskipta á milli aðildarríkjanna og milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar um ástand og þróun löggjafar að því er varðar heimildir fyrir fjarskiptaþjónustu.

16. gr.

Nefndarmeðferð nr. I (*)

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögum innan þeirra tímamarka sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur.

Álitnið skal skráð í fundargerð; þar að auki hefur hvert aðildarríki rétt til að láta bóka afstöðu sína í fundargerðina.

Framkvæmdastjórnin skal taka ýtrasta tillit til álits nefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

(*) Málsmeðferðinni er lýst í ákvörðun ráðsins 87/373/EBE frá 13. júlí 1987 um ákvörðun nánari skilyrða fyrir beitingu framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er veitt (Stjtíð. EB nr. L 197, 18. 7. 1987, bls. 33).

17. gr.

Nefndarmeðferð nr. II (b) (*)

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögum innan þeirra tímamarka sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitnið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og kveðið er á um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanirnar sem öðlast gildi þegar í stað. Séu ráðstafanirnar hins vegar ekki í samræmi við álit nefndarinnar ber framkvæmdastjórninni að greina ráðinu tafarlaust frá þeim. Ef svo ber undir:

- skal framkvæmdastjórnin fresta framkvæmd ráðstafananna, sem hún hefur ákveðið að gera, um þrjá mánuði frá dagsetningu orðsendingarinnar,
- er ráðinu heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í fyrsta undirliði.

VI. ÞÁTTUR

ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

18. gr.

Þriðju lönd

1. Ef athygli aðildarríkjanna er vakin á því að fjarskiptafyrirtæki í bandalaginu eigi í erfiðleikum almenns eðlis, að lögum eða í raun, með að fá heimildir og starfa samkvæmt þeim í þriðju löndum geta þau látið framkvæmdastjórnina vita af því.

2. Þegar framkvæmdastjórninni er greint frá slíkum erfiðleikum getur hún, ef þörf krefur, lagt tillögu fyrir ráðið um hæfilegt umboð til að semja um sambærileg réttindi fyrir fjarskiptafyrirtæki bandalagsins í þessum þriðju löndum. Ráðið skal taka ákvörðun með auknum meirihluta.

3. Ráðstafanir, sem eru gerðar samkvæmt 2. mgr., eru með fyrirvara um skuldbindingar bandalagsins og aðildarríkjanna samkvæmt þeim alþjóðasamningum sem við eiga.

19. gr.

Ný þjónusta

Með fyrirvara um II. og III. þátt skulu aðildarríkin, þar sem framboð á fjarskiptaþjónustu hefur ekki enn verið fellt undir

almennar heimildir og þar sem ekki er hægt að bjóða fjarskiptaþjónustu og/eda -net án heimildar, samþykkja bráðabirgðaskilyrði, eigi síðar en sex vikum eftir að þeim hefur borist umsókn, sem heimila fyrirtækinu að byrja að veita þjónustuna, eða hafna umsókninni og tilkynna viðkomandi fyrirtæki um ástæður þess. Aðildarríkin skulu því næst, og eins fljótt og við verður komið, samþykkja endanleg skilyrði eða samþykkja framboð á viðkomandi þjónustu án heimildar eða færa fram ástæður ef um synjun er að ræða. Aðildarríkin skulu ákveða viðeigandi málsmeðferð svo að hægt sé að áfrýja til stofnunar, sem er óháð innlenda eftirlitsyfirlaldinu, þegar synjað er að samþykkja bráðabirgðaskilyrði eða endanleg skilyrði, umsóknum er hafnað eða synjað um samþykki fyrir því að viðkomandi þjónusta sé boðin fram án heimildar.

20. gr.

Trúnaðarkvaðir

1. Innlend eftirlitsyfirlald skulu ekki veita upplýsingar, sem falla undir þagnarskyldu, einkum á þetta við um upplýsingar um fyrirtæki, viðskiptatengsl þeirra og kostnaðarþætti.
2. Ákvæði 1. mgr. er með fyrirvara um rétt innlendra eftirlitsyfirlalda til að veita upplýsingar þegar það er óhjákvæmilegt svo að þau geti gegnt skyldum sínum, en í slíkum tilvikum skal einungis veita nauðsynlegar upplýsingar og taka tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.
3. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir að birtar séu upplýsingar um skilyrði fyrir leyfisveitingu ef þær fela ekki í sér neinar upplýsingar sem falla undir þagnarskyldu.

21. gr.

Tilkynningar

1. Auk þeirra upplýsinga, sem þegar er krafist samkvæmt tilskipun 90/388/EEB, skulu aðildarríkin veita framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar:
 - nöfn og heimilisföng innlendra yfirvalda og aðila sem hafa umboð til að gefa út innlendar heimildir,
 - upplýsingar um fyrirkomulag við veitingu heimilda innanlands.
2. Aðildarríkin skulu tilkynna allar breytingar sem varða upplýsingar, sem eru veittar samkvæmt 1. mgr., innan eins mánaðar frá því að þær öðlast gildi.

22. gr.

Heimildir sem eru í gildi á gildistökudegi þessarar tilskipunar

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að færa heimildir, sem eru í gildi á gildistökudegi þessarar tilskipunar, til samræmis við ákvæði hennar fyrir 1. janúar 1999.
2. Þegar beiting ákvæða þessarar tilskipunar leiðir til þess að breyta verður skilmálum heimilda, sem eru til fyrir, geta aðildarríkin framlengt gildistíma skilmálanna, annarra en þeirra sem veita sérstök réttindi eða einkarétt, sem hafa verið afnumdir eða á að afnema samkvæmt lögum bandalagsins, að því tilskildu að það sé hægt að gera án þess að það hafi áhrif á önnur fyrirtæki samkvæmt lögum bandalagsins, þar á meðal þessari tilskipun. Í slíkum tilvikum skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni um það til hvaða aðgerða hefur verið gripið í því skyni og greina frá ástæðum fyrir því.
3. Með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. skulu skuldbindingar í heimildum, sem eru til á gildistökudegi þessarar tilskipunar og hafa ekki verið færðar til samræmis við ákvæði þessarar tilskipunar þann 1. janúar 1999, falla úr gildi.

Framkvæmdastjórnin getur, samkvæmt beiðni og þegar rök liggja til þess, veitt aðildarríkjum aukinn frest.

23. gr.

Endurskoðunarmeðferð

Fyrir 1. janúar árið 2000 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið og skulu henni fylgja nýjar tillögur að lagasetningu ef við á. Í skýrslunni skal, á grundvelli fenginnar reynslu, lagt mat á þörfina fyrir frekari lagasetningu að því er varðar heimildir, einkum í tengslum við samræmingu málsmeðferðar og gildissvið rekstrarleyfa, aðra þætti samhæfingar og samevrópska þjónustu og net. Í skýrslunni skulu einnig vera tillögur sem miða að því að steypa saman hinum ýmsu nefndum sem koma að fjarskiptalöggjöf bandalagsins. Í skýrslunni skal einnig fjallað um breytingar sem þarf að gera til að aðlaga innihald viðaukans að nýrri tækniþróun og markvissari starfsvenjum í samræmi við 2. mgr. 7. gr.

24. gr.

Frestun

Veita ber þeim aðildarríkjum, sem eru tilgreind í ályktunum ráðsins frá 22. júlí 1993 og 22. desember 1994 og eiga rétt á frekara aðlögunartímabili til að afnema höft af fjarskiptaþjónustu, frest vegna skuldbindinga sem um getur í 3. (3. mgr.), 7., 9., 10. (1. mgr.), 12., 13. og 22. gr., svo lengi og að svo miklu leyti sem þau nýta sér slík aðlögunartímabil. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni hvort þau hyggist nýta sér þennan frest.

25. gr.

Framkvæmd

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari og birta skilyrði og málsmeðferð sem tengjast heimildum eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 31. desember 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

26. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

27. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. apríl 1997.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. M. GIL-ROBLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

A. VAN DOK VAN WEELE

forseti.

VIÐAUKI

SKILYRÐI SEM BINDA MÁ VIÐ HEIMILDIR

1. Skilyrði, sem eru bundin við heimildir, verða að samrýmast samkeppnisreglum sáttmálans.
2. Skilyrði, sem binda má við allar heimildir, ef ástæða er til og það brýtur ekki í bága við hlutfallsreglu:
 - 2.1. skilyrði sem eru sett í þeim tilgangi að tryggja samræmi við grunnkröfur sem málið varða;
 - 2.2. skilyrði sem tengjast upplýsingum sem eðlilegt er að fara fram á að séu veittar vegna eftirlits með því að farið sé að gildandi skilyrðum og vegna tölfræðilegrar úrvinnslu;
 - 2.3. skilyrði sem er ætlað að koma í veg fyrir samkeppnishamlandi starfshætti á fjarskiptamörkuðum, þar á meðal ráðstafanir til að tryggja að gjaldskrár séu þannig að jafnræðis sé gætt og raski ekki samkeppni;
 - 2.4. skilyrði í tengslum við virka og skilvirka notkun þeirra númera sem eru til ráðstöfunar.
3. Hægt er að binda sérstök skilyrði við almennar heimildir vegna framboðs á fjarskiptapjónustu, sem er öllum aðgengileg, og á almennum fjarskiptanetum ef ástæður leyfa og með fyrirvara um hlutfallsregluna:
 - 3.1. skilyrði sem lúta að vernd notenda og áskrifenda og varða einkum:
 - fyrirframsamþykki innlends eftirlitsyfirvalds á stöðluðum áskriftarsamningi,
 - nákvæma og rétta útgáfu reikninga,
 - málsmeðferð til að leysa deilumál,
 - birtingu og nægilegan fyrirvara á öllum breytingum á skilyrðum fyrir aðgangi, þar á meðal gjaldskrá, gæðum og aðgengi að þjónustunni;
 - 3.2. fjárframlög vegna altækrar þjónustu í samræmi við lög bandalagsins;
 - 3.3. dreifing upplýsinga úr viðskiptamannagrunni sem eru nauðsynlegar til að veita altæka símaskrárþjónustu;
 - 3.4. veiting neyðarþjónustu;
 - 3.5. sérstakar ráðstafanir fyrir fatlaða;
 - 3.6. skilyrði sem varða samtengingu neta og rekstrarsamhæfi þjónustu í samræmi við samtengingartilskipunina og skuldbindingar samkvæmt lögum bandalagsins.
4. Sérstök skilyrði sem hægt er að binda við rekstrarleyfi þegar ástæða er til og með fyrirvara um hlutfallsregluna:
 - 4.1. sérstök skilyrði sem tengjast úthlutun númeraréttinda (í samræmi við innlend númerakerfi);
 - 4.2. sérstök skilyrði sem tengjast virkri notkun og skilvirkri stjórnun útvarpstíðni;
 - 4.3. sérstakar kröfur um umhverfisvernd og um skipulag þéttbýlis og dreifbýlis, þar á meðal skilyrði sem tengjast aðgangi að landi í almennings- eða einkaeigu og skilyrði sem tengjast sameiginlegri staðsetningu og samnýtingu aðstöðu;

- 4.4. hámarksgildistími, sem skal ekki vera óeðlilega stuttur, einkum til að tryggja skilvirka notkun á útvarpstíðni eða númerum eða til að veita aðgang að landi í almennings- eða einkaeigu, með fyrirvara um önnur ákvæði varðandi afturköllun eða tímabundna niðurfellingu leyfa;
- 4.5. veiting altæktrar þjónustu samkvæmt skuldbindingum í samræmi við samtengingartilskipunina og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/62/EB frá 13. desember 1995 um frjálstan aðgang að netum (ONP) fyrir talsímaþjónustu ⁽¹⁾;
- 4.6. skilyrði sem gilda um rekstraraðila, sem hafa sterka markaðsstöðu, sem aðildarríkin tilkynna í samræmi við samtengingartilskipunina og er ætlað að tryggja samtengingu eða eftirlit með sterkri markaðsstöðu;
- 4.7. skilyrði varðandi eignarhald sem eru í samræmi við lög bandalagsins og skuldbindingar þess gagnvart þriðju löndum;
- 4.8. kröfur, sem snerta gæði þjónustu eða nets og hversu tiltæk og varanleg þau eru, þar á meðal fjárhagslega, stjórnumarlega og tæknilega getu umsækjanda, og skilyrði sem gera ráð fyrir lágmarksrekstrartíma, þar á meðal, eftir atvikum og í samræmi við lög bandalagsins, kvaðir um framboð á fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, og framboð á almennum fjarskiptanetum;
- 4.9. sérstök skilyrði varðandi framboð á leigulínunum í samræmi við tilskipun ráðsins 92/44/EEB frá 5. júní 1992 um skilyrði fyrir frjálsum aðgangi að netum fyrir leigulínur ⁽²⁾.

Þessi skrá yfir skilyrði er með fyrirvara um:

- öll önnur lagaleg skilyrði sem gilda ekki sérstaklega um fjarskiptasviðið,
- ráðstafanir sem aðildarríkin gera í samræmi við kröfur um almannaheill, sem eru viðurkenndar í sáttmálanum, einkum 36. og 56. gr., sérstaklega í tengslum við almennt siðferði, almannaöryggi, þar á meðal rannsókn á brotlegu athæfi, og allsherjarreglu.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 321, 30. 12. 1995, bls. 6.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. L 165, 19. 6. 1992, bls. 27. Tilskipuninni var breytt með ákvörðum framkvæmdastjórnarinnar 94/439/EB (Stjútíð. EB nr. L 181, 15. 7. 1994, bls. 40).